

skoðun 24

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
21. desember 2010
299. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Fínar fantasíur**
*Nýtt tímarit, Furðusögur, hefur litið dagsins ljós.*
**tímamót** 34



**Reynir fyrir sér erlendis**
*Förðunarfræðingurinn Ísak Freyr kemur sér á framfæri í New York og París.*
**fólk** 66

**Logi þarf kraftaverk**

*Fátt bendir til þess að Logi Geirsson verði með á HM í Svíþjóð í janúar.*
**sport** 60

**veðrið í dag**




**ÉLJAGANGUR** eða lítils háttar snjókoma norðan- og austan til en nokkuð bjart sunnan- og vestanlands. Strekkingur allra vestast og með SA-ströndinni. Það bætir í frost.
**VEÐUR** 4

# Danadrottning fengi ekki lendingarleyfi í Reykjavík

**Komur herflugvéla til Reykjavíkur á tveggja ára tímabili, sem voru tilefni til ályktunar borgarráðs um lendingarbann, tengdust öryggismálum að stórum hluta. Bann torveldar æfingaflug björgunarþyrlna.**

**SAMGÖNGUR** Verði utanríkisráðuneytið og flugmálayfirvöld við áskorun borgaryfirvalda um að stöðva umferð herflugvéla um Reykjavíkurflugvöll útilokar það komur erlendra fyrirmenna og umsvif vegna erlends samstarfs vegna öryggismála á vellinum.

Alls lentu 37 vélar á Reykjavíkurflugvelli í ár sem skilgreindar eru sem herflugvélar. Þær voru 28 árið 2009. Engin af þessum 65 komum vélanna tengdist beinum hernaðarumsvifum á neinn hátt. Þær voru allar litlar farþega- og vöruflutningaflugvélar í millilandaflugi og björgunarþyrlur danska hersins í æfingaflugi ásamt könnunar- og farþegaflugvél danska flughersins á leið milli Danmerkur og Grænlands.

Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Isavia, segir að þegar flugvél lendi á Reykjavíkurflugvelli sé hún flokkuð í fyrir fram ákveðna flokka. „Flugvélar sem fljúga undir merkjum danska flughersins eða flotans flokkast eins og gefur að skilja undir herflug. Herflug er til dæmis þegar flugvélar fljúga með þjóðhöfðingja eða framámenn innanborðs og lenda á Reykjavíkurflugvelli. Það flokkast líka undir herflug þegar björgunarþyrla frá danska hernum lendir á Reykjavíkurflugvelli. Samkvæmt þessu gæti Danadrottning ekki lent í Reykjavík,“ segir Hjördís.

> Það flokkast líka undir herflug þegar björgunarþyrla frá danska hernum lendir á Reykjavíkurflugvelli.
>
> **HJÖRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR**
> UPPLÝSINGAFULLTRÚI ISAVIA

Hún tekur fram að ef innihald í loftfari sé hættulegt efni eða vopn beri að tilkynna það yfirvöldum sérstaklega. Þá minnir hún á að flugmálayfirvöld hafi ekkert um lendingarbann á Reykjavíkurflugvelli að segja þar sem ríkið sé eigandi flugvallarins.

Nákvæmum upplýsingum um tilgang þeirra 65 lendinga sem teljast til herflugs var komið til borgaryfirvalda og greinargerð Isavia var lögð fram í borgarráði. Tillaga Jóns Gnarr borgarstjóra var engu að síður samþykkt.

Í áskorun borgarráðs, sem var samþykkt einróma, segir að „friðsöm og ábyrg borgaryfirvöld geta ekki unað við óbreytt ástand á Reykjavíkurflugvelli“. Óvíst er hvernig utanríkisráðuneytið mun bregðast við áskoruninni að sögn Urðar Gunnarsdóttur, upplýsingafulltrúa ráðuneytisins. **- shá, þj**



**SKAUTUM VIÐ Í KRINGUM …** Það er jólalegt í Skautahöllinni í Laugardal um þessar mundir. Á miðju svellinu hefur verið komið fyrir ríkulega skreyttu jólatré sem gestir Skautahallarinnar geta rennt sér í kringum. **Sjá síðu 22**
FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM

Kvikmyndin Bjarnfreðarson:

## Næsttekjuhæsta myndin

**FÓLK** Kvikmyndin Bjarnfreðarson er næsttekjuhæsta mynd Íslandssögunnar samkvæmt tölum frá Smáís, samtökum myndrétthafa. Alls hefur myndin halað inn um 78 milljónir króna síðan hún var frumsýnd 26. desember í fyrra. Þar með slær hún út mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Engla alheimsins, sem náði inn tæpum 68 milljónum árið 2000.


BJARNFREÐARSON

Ef miðað er við áhorfendafjölda er Bjarnfreðarson aftur á móti í þriðja sæti á eftir Englum alheimsins og Mýrinni, frá því að mælingar hófust. Um 67 þúsund manns fóru á Bjarnfreðarson í bíó á meðan 82 þúsund manns sáu Engla alheimsins og 84 þúsund Mýrina. **- fb / sjá síðu 66**

Afskriftir fyrirtækjaskulda nema 270 milljörðum frá ársbyrjun 2009:

# Gjaldþrot kosta 160 milljarða

**FJÁRMÁL** Heildarafskriftir banka og sparisjóða vegna fyrirtækja frá ársbyrjun 2009 nema nú samtals um 270 milljörðum króna.

Bankar og sparisjóðir hafa samtals afskrifað 112 milljarða króna af skuldum starfandi fyrirtækja frá upphafi árs 2009. Afskriftirnar eru til komnar í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækjanna. Stærstu lánastofnanirnar hafa afskrifað um 160 milljarða króna í tengslum við gjaldþrot fyrirtækja. Er þar bæði um að ræða eignarhaldsfélög og einnig rekstrarfélög sem komist hafa í þrot.

Við sundurliðun afskrifta starfandi fyrirtækja kemur í ljós að þar sem bankar eða sparisjóðir hafa tekið yfir félög hefur um 71 milljarður króna verið afskrifaður frá 1. janúar 2009.

Bankar og sparisjóðir hafa afskrifað um 41 milljarð króna hjá rekstrarfélögum sem eru enn í óbreyttu eignarhaldi. **- shá**





JOE BOXER®
Kringlan og Smáralind



**SPURNING DAGSINS**



*Sævar, verður þú með hálsríg það sem eftir er dagsins?*

„Já, og hann verður alveg þess virði. Svo fæ ég mér bara gott nudd á eftir.“

Sævar Helgi Bragason er formaður Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness. Að morgni dagsins í dag, lengsta dags ársins, frá klukkan 7.40 til 8.54 verður almyrkvi á fullu tungli sem hægt verður að fylgjast með frá Íslandi.

Menntamálaráðherra fundar með rektor vegna viðbragða við niðurskurði:

# HÍ vill takmarkaðri aðgang

**MENNTAMÁL** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur boðað Kristínu Ingólfsdóttur, rektor Háskóla Íslands, á fund sinn eftir áramót til að ræða fyrirhugaðar aðgangstakmarkanir að skólanum. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær.

Ráðherra telur að aðgangstakmarkanir séu síðasta úrræðið sem Háskólinn geti gripið til til að bregðast við þröngri fjárhagsstöðu og vill því fá skýringar á því hvernig skólinn hefur í hyggju að standa að þeim.

Stjórnendur HÍ hafa ákveðið að grípa til ýmissa aðgerða til að bregðast við niðurskurðarkröfu stjórnvalda. Starfsfólki verður fækkað, starfshlutfall lækkað, hagrætt verður í kennslu og gripið verður til aukins aðhalds í rekstri.



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

Háskólaráð hefur sömuleiðis ítrekað beiðni til stjórnvalda um að fá að hækka skrásetningargjald nemenda í skólann um 20 þúsund krónur.

Katrín Jakobsdóttir sagði í fréttum RÚV í gær að vandlega þyrfti að fara yfir allt málið. Stjórnvöld hefðu lagt á það ríka áherslu að Háskóli Íslands stæði nemendum opinn og þangað gætu sem flestir sótt menntun við hæfi.

Ljóst væri að staðan væri þröng, en takmarkanir væru síðasta úrræðið sem unnt væri að grípa til.

Áætlað er að 900 nemendur verði við skólann á næsta ári sem ekki fylgi fjárveiting með.

1,3 milljarða auglýsingatekjur:

# Hagnaður RÚV 205 milljónir

**FJÖLMIÐLAR** Hagnaður Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu 2009 til 2010 nam 205 milljónum króna samkvæmt ársreikningi RÚV.

Eignir RÚV námu 5,5 milljörðum og bókfært eigið fé í lok reikningstímabilsins 720 milljónum. Eiginfjárhlutfallið er 13,1 prósent. Auglýsingatekjur RÚV voru 1,3 milljarðar og hækka um rétt tæp fimm prósent frá síðasta ársreikningi. Afnotagjöld voru 3,4 milljarðar og lækka um tvö hundruð milljónir frá síðasta rekstrarári.



**GERVIJÓLATRÉ** Helmingur landsmanna verður með gervijólatré þessi jól.

Langflestir með jólatré:

# Fleiri með gervitré en ekta tré

**KÖNNUN** Helmingur landsmanna, 49,6 prósent, ætlar að vera með gervijólatré á heimili sínu um þessi jól, samkvæmt nýrri könnun MMR. Nokkuð færri, 41,6 prósent, verða með lifandi tré á heimili sínu.

Samkvæmt könnuninni ætla því 91,2 prósent landsmanna að vera með jólatré heima hjá sér. Einungis 8,8 prósent ætla að sleppa því.

Í sambærilegri könnun sem gerð var í Bretlandi í byrjun mánaðar kom í ljós að 66 prósent þátttakenda ætluðu að hafa gervitré, 16 prósent lifandi tré og heil 19 prósent ekkert tré. **- sh**



**KÓPAVOGUR** Bæjarráð segir hlutfallslega fá hjúkrunarrými í Kópavogi.

Ráðuneyti synjar Kópavogi:

# Fær ekki fleiri dagvistarrými

**SVEITARSTJÓRNIR** **Félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur hafnað ósk Kópavogsbæjar um fjölgun dagvistarrýma. Ráðuneytið bendir á að vegna erfiðrar fjárhagsstöðu ríkissjóðs hafi á árunum 2009 og 2010 þurft að fækka öldrunarrýmum og lækka fjárveitingar til öldrunarmála. Í fjárlögum næsta árs séu engar fjárveitingar til að fjölga dagvistarrýmum.**

**Bæjarráð Kópavogs segist harma ákvörðun ráðuneytisins, brýn þörf sé fyrir dagvistarrými í Kópavogi. „Bæjarráð bendir jafnframt á að hjúkrunarrými í Kópavogi eru hlutfallslega færri en í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og brýnna úrbóta þörf.“** **- gar**

**HAFNARFJÖRÐUR**

### Átak í sölu atvinnulóða

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur falið þjónustu- og þróunarstjóra bæjarins að undirbúa sérstakt atvinnuátaksverkefni til að örva sölu á atvinnulóðum.

# Miklu minna framboð af fíkniefnum

**Miklu minna af ólöglegum fíkniefnum er í umferð hér á landi nú en var fyrir fáeinum árum, segir yfirlæknirinn á Vogi. Hann þakkar það lögreglu og gjaldeyrishöftum. Prófessor í lyfja- og eiturefnafræði segir sum efnin lélegri en áður.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er miklu minna af ólöglegum fíkniefnum í umferð hér á landi eftir hrun,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi.

„Kannabisefnin og hassið eru ekki eins sterk og áður tíðkaðist. Nærtækasta skýringin er sú að okkar toll- og löggæsla er að skila góðum árangri. Við höfum einnig fjarlægst erlenda markaði vegna gjaldeyrishafta og fleiri þátta. Þessi þróun sést ekki annars staðar. Í Bandaríkjunum hefur meðalstyrkur kannabisefna aukist á síðasta áratug. Þetta er fyrst og fremst sigur lögreglunnar hér.“

Jakob Kristinsson, prófessor hjá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræðum, staðfestir að styrkleiki sýnishorna af hassi sem greind hafi verið sé minni heldur en á síðasta ári.

„Það er alveg klárt að hassið á götunni er ekki eins sterkt og áður,“ segir Jakob og bætir við að erfiðara sé að segja til um styrkleika heimaræktaðra kannabisefna.

„Það er meira háð tilviljunum sem felast fyrst og fremst í því á hvaða stigi ræktunin er þegar lögregla stöðvar hana. Sumt er fullbúið en annað skemmra á veg komið,“ útskýrir Jakob.

Hann segir enn fremur að styrkleiki sterkari fíkniefna sé mjög breytilegur milli ára. Sé tekin stór sending geti rannsóknarsýnin skipt tugum, sem hafi mikil áhrif á meðaltalið. Fjöldi sýna fari eftir stærð sendingar.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar á höfuðborgarsvæðinu, segir deildina hafa lagt áherslu á aðgerðir gegn innflutningi, sölu og dreifingu á fíkniefnum.



**FÍKNIEFNAHLASS** Yfirlæknir á Vogi þakkar lögreglu og gjaldeyrishöftum þá þróun að miklu minna af fíkniefnum sé í umferð nú en fyrir fáeinum árum. Á myndinni má sjá fíkniefnahlass, um 109 kíló af amfetamíni, maríjúana, hassi og e-töflum, sem reynt var að smygla til landsins á síðasta ári.

**Haldlögð kannabisefni**

**- fíkniefnadeildar LRH***

| | 2010 | 2009 |
|---|---|---|
| Fjöldi mála | 60 | 54 |
| Fjöldi plantna | 4.800 | 8.211 |
| Þyngd plantna | 190 kg | 623 kg |
| Maríjúana | 15,6 kg | 13 kg |
| Hass | 9,5 kg | 4,6 kg |

**Bráðabirgðatölur LRH til 1. desember bæði árin.*

„Við höfum kortlagt þetta og gengið með aðgerðum inn í þessa hópa. Það er enginn vafi, til dæmis í ljósi dómsmála, að búið er að ganga þokkalega á marga þeirra. Enn eru þó hópar starfandi og við höldum áfram að reyna að stöðva þá sem hafa lifibrauð af þessari skipulögðu brotastarfsemi.“

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að reynt hefði verið að smygla hálfu kílói af efninu methedrone, áður nær óþekktu hér, til landsins. „Menn hafa leikið þennan leik lengi,“ segir yfirlæknirinn á Vogi. „E-pillan var upphaflega markaðssett af því að hún var ekki bönnuð formlega víða. Mér sýnist þetta vera eitt af þessum efnum sem menn reyna að smygla á milli landa í þeirri von að þau séu ekki skrásett sem ólögleg fíkniefni.“ **jss@frettabladid.is**

# Lést í umferðarslysi í Reykjavík

Maðurinn sem lést í umferðarslysi á sunnudag hét Hörður Ingvaldsson og var til heimilis í Reykjavík. Hann var fæddur 12. október árið 1960 og var því fimmtugur að aldri. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvö uppkomin börn.

Þarf að greiða gjaldfallinn víxil:

# Þorsteinn greiði 150 milljónir

**DÓMSMÁL** **Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt Þorstein M. Jónsson, kenndan við kók, til að greiða Nýja Landsbankanum 150 milljóna króna víxil ásamt dráttarvöxtum.**



**ÞORSTEINN M. JÓNSSON**

**Víxillinn var á gjalddaga 10. ágúst 2008 í gamla Landsbankanum en við fall þess banka tveimur mánuðum síðar færðist krafan yfir í Nýja Landsbankann.**

**Þorsteinn bar því við að hann hefði aldrei séð frumrit víxilsins. Frumritið var hinsvegar lagt fram í réttarhaldinu. Gerði Þorsteinn þrautavarakröfu í málinu að dráttarvextir yrðu ekki reiknaðir frá ágúst 2008, heldur frá 9. mars í ár þegar frumritið var lagt fram og féllst héraðsdómur á þá kröfu.** **- sh**

Gbagbo meinað að ferðast:

# Settur í ferðabann hjá ESB

**FÍLABEINSSTRÖNDIN** Evrópusambandið ætlar að meina Laurent Gbagbo um vegabréfsáritun vegna kosninga á Fílabeinsströndinni.

Gbagbo, sem var forseti Fílabeinsstrandarinnar fyrir kosningar, og Alassane Ouattara segjast báðir hafa sigrað í forsetakosningum í landinu í síðasta mánuði. Báðir hafa valið sér ráðherra og svarið embættiseið. Sameinuðu þjóðirnar og leiðtogar margra Afríkuríkja hafa viðurkennt Ouattara sem sigurvegara kosninganna.

Ferðabannið á hendur Gbagbo og 18 samstarfsmönnum hans verður líklega samþykkt á næstu sólarhringum að sögn embættismanna. **- þeb**

Glæsileg myndavél í verðlaun í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins og Vísis:

# Besta tunglmyrkvamyndin

**SAMKEPPNI** Fréttablaðið og Vísir efna til samkeppni um bestu myndina af tunglmyrkvanum sem verður í dag frá 7.40 til 8.54. Í fyrstu verðlaun er glæsileg Sony NEX myndavél og leikhúsmiðar í önnur og þriðju verðlaun.

Myndunum skal skila inn á netfangið ljósmyndakeppni@frettabladid.is fyrir klukkan 15 í dag. Vinningsmyndin verður birt bæði í Fréttablaðinu á morgun og á Vísi ásamt fleiri myndum sem dómnefnd telur athyglisverðar.

Ef veður leyfir sést myrkvinn vel frá Íslandi. Spá er heiðskíru veðri á höfuðborgarsvæðinu. Tunglið verður tiltölulega lágt á lofti á vesturhimni, rétt fyrir ofan Óríon, milli fótleggja Tvíburanna og horna Nautsins.



**TUNGLMYRKVI** Tunglmyrkvinn verður frá 7.40 til 8.54 í dag. Ef veður leyfir sést hann vel frá Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VOGAR**

### Mótmæla vegatollum

Bæjarráð Voga segir fyrirhugaða vegatolla á Reykjanesbraut myndu fela í sér aukna skattlagningu á íbúa Suðurnesja sem hefðu enga aðra leið til að komast inn í Reykjavík þar sem margir sæki vinnu. „Hugmyndin er ekki til þess fallin að styðja við byggð á Suðurnesjum eins og ríkisstjórnin hefur áætlanir um,“ segir bæjarráðið.

# Framtíðarlausnir fyrir heimili og fyrirtæki

Landsbankinn er aðili að víðtæku samkomulagi um framtíðarlausnir sem fela í sér bætt úrræði og hraðari úrvinnslu á skuldavanda einstaklinga og lítilla og meðalstórra fyrirtækja. **Á næstu dögum** verður endurútreikningur gengistryggðra fasteignalána einstaklinga birtur í Einkabanka Landsbankans samkvæmt nýsamþykktum lögum um vexti og verðtryggingu. Þessar aðgerðir munu styðja vel við íslensk heimili og efla atvinnulífið til framtíðar. Við fögnum þessum mikilvægu áföngum því heimilin og fyrirtækin í landinu mynda órofa heild og hagur þeirra er hagur Landsbankans.

Á næstunni munum við kynna viðskiptavinum okkar áhrif aðgerðanna á lán þeirra.

ENNEMM / SÍA / NM44701



LAUSNIR LANDSBANKANS | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

## GENGIÐ 20.12.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,65 | 117,21 |
| Sterlingspund | 181,3 | 182,18 |
| Evra | 153,27 | 154,13 |
| Dönsk króna | 20,572 | 20,692 |
| Norsk króna | 19,482 | 19,596 |
| Sænsk króna | 17,022 | 17,122 |
| Japanskt jen | 1,3911 | 1,3993 |
| SDR | 178,47 | 179,53 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
208,2445

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tekist á um frávísunarkröfu Baldurs Guðlaugssonar fyrir dómi:

# Vill að hreinsað verði til í ákærunni

**DÓMSMÁL** Ógrynni af nýjum upplýsingum hefur komið fram í máli Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, við rannsókn lögreglu og hjá Fjármálaeftirlitinu (FME) frá því að FME ákvað að hætta fyrri rannsókn sinni á málinu vorið 2009. Þetta sagði Björn Þorvaldsson, sem fer með málið fyrir hönd sérstaks saksóknara, fyrir dómi í gær þar sem tekist var á um það hvort vísa skyldi málinu frá dómi.

Baldur er ákærður fyrir að hafa nýtt sér innherjaupplýsingar um stöðu Landsbankans sem hann öðlaðist í starfi sínu sem ráðuneytisstjóri þegar hann seldi bréf í bankanum fyrir 192 milljónir rétt fyrir bankahrun.



BALDUR GUÐLAUGSSON

Karl Axelsson, lögmaður Baldurs, krefst þess að málinu verði vísað frá þar sem ekki megi rannsaka sama málið tvisvar. FME hafi lokið rannsókn á því og nýja málið byggi nær eingöngu á sömu upplýsingum og hið fyrra. Þessu vísar Björn á bug.

Karl fór fram á að ef málinu yrði ekki vísað frá yrði að minnsta kosti hreinsað til í ákærunni og þeir liðir hennar felldir út sem einungis byggðust á upplýsingum sem lágu fyrir við fyrri rannsókn. Björn benti á að ekki væri ákært í mörgum liðum, heldur væri einfaldlega gert grein fyrir upplýsingunum sem Baldur bjó yfir í sex liðum.

Úrskurðar um frávísunarkröfuna er að vænta eftir áramót. **- sh**

Fjórir réðust á einn:

# Beinbrutu og rændu mann

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir menn réðust á mann fyrir utan skemmtistaðinn Hvíta húsið á Selfossi aðfaranótt síðastliðins laugardags. Fórnarlambið, sem er Spánverji, hlaut brot á olnboga.

Í árásinni missti Spánverjinn veski sitt og einn fjórmenninganna hirti það. Í veskinu var greiðslukort, ökuskírteini og dvalarleyfi mannsins. Lögreglan á Selfossi biður alla þá sem voru vitni að þessari fólskulegu árás eða hafa einhverja vitneskju um hana að gefa sig fram í síma 480-1010. **- jss**



**SÓLSTÖÐUHÁTÍÐ** Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði á sólstöðuhátíð fyrir fáeinum árum.

Fagna hækkandi sól:

# Ásatrúarmenn halda jól í dag

**FÓLK** Ásatrúarmenn halda jól í dag og fagna því að sól fer hækkandi á lofti. Af þessu tilefni fer sólstöðuhátíð Ásatrúarfélagsins fram við Nauthólsvík í dag klukkan 18.

Gengið verður með kyndla inn í rjóðrið þar sem stytta Sveinbjörns Beinteinssonar stendur og fer athöfnin þar fram.

Allir eru velkomnir á hátíðarhöldin og segir í tilkynningu frá félaginu að undanfarin ár hafi margir Íslendingar notað tækifærið og fagnað hækkandi sól hvort sem þeir eru heiðnir eða ekki. Á eftir halda svo ásatrúarmenn jólablót í Mörkinni 6 þar sem börn og fullorðnir snæða jólaverð og njóta skemmtiatriða.

## ÁRÉTTING

Vegna mynda sem birtust með umfjöllun Fréttablaðsins um Veðurstofu Íslands síðastliðinn laugardag vill Veðurstofan taka fram að myndin af hvalrekanum á Skagaströnd í janúar 1918 er tekin af Evald Hemmert, kaupmanni á Skagaströnd. Afkomandi hans sendi hana, ásamt fleiri myndum Evalds af hvalrekanum, til Veðurstofunnar, sem er því ekki rétthafi myndarinnar. Í þessu tilviki láðist að láta blaðamann Fréttablaðsins vita og eru hlutaðeigandi beðnir afsökunar.

# Seðlabankinn mælir með evrutengingu

**Illa hefur gengið að stýra hagkerfinu í alþjóðlegu fjármálaumhverfi með einum minnsta gjaldmiðli í heimi í þann tæpa áratug sem krónan hefur verið á floti. Þetta er grunntónn skýrslu Seðlabankans um árangur peningastefnunnar.**

**EFNAHAGSMÁL** „Við höfum alltaf litið svo á að það þurfi að endurmeta peningastefnuna í kjölfar hrunsins. Skýrsla Seðlabankans er innlegg í þá vinnu," segir Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra.

Í skýrslu Seðlabankans sem birt var í gær og afhent ráðuneyti Árna Páls kemur fram að misbrestur hafi verið í framkvæmd peningastefnunnar frá því krónan var sett á flot og verðbólgumarkmið tekið upp í mars 2001. Bankinn útilokar ekki að hagkvæmt sé að falla frá sjálfstæðri peningastefnu. Ef af því verði sé heppilegast út frá hagrænum sjónarmiðum að festa gengi krónunnar við evru.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Seðlabankinn vann skýrsluna að eigin frumkvæði og ber hún heitið Peningastefnan eftir höft. Árni Páll segir skýrsluna verða innlegg í þá vinnu stjórnvalda sem fram undan sé næstu mánuði; fyrir mars á að leggja fram áætlun um endurskoðun á afnámi gjaldeyrishafta og næsta sumar rennur efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda hér sitt skeið.

Í skýrslunni er fjallað um árangurinn af peningastefnu bankans og fljótandi gengi síðastliðin níu ár. Taldar eru nokkrar hugsanlegar ástæðu fyrir slökum árangri peningastefnunnar; gerð íslensks þjóðarbúskapar geri sjálfstæða peningastefnu erfiða viðfangs, óvenjulegar aðstæður á bæði alþjóðlegum og innlendum efnahagsmálum og fjármálamörkuðum og misbrestur í framkvæmd peningastefnunnar, sem hafi ekki tekist að ávinna sér nægilegan trúverðugleika. Þá hafi vaxandi alþjóðavæðing innlends fjármálakerfis og ofvöxtur þess orðið til þess að veikja miðlun peningastefnunnar, skapa áhættu í fjármálakerfinu og magna gengissveiflur.

Ofan á allt var stefna í opinberum fjármálum á skjön við stefnu Seðlabankans í peningamálum og það hefur þyngt róðurinn, að sögn Seðlabankans.

Seðlabankinn telur að verði fallið frá fljótandi gengi sé heppilegast að tengja krónuna við gengi evru. Fasttenging við evru eða einhliða upptaka hennar sé ekki ákjósanlegur kostur. Fremur verði upptakan að koma í framhaldi af aðild Íslands að Evrópusambandinu og inngöngu í myntbandalagið.

**jonab@frettabladid.is**





**HORFA TIL NÝRRA TÍMA** Erfiðlega gekk að framfylgja peningastefnu Seðlabankans í alþjóðlegu umróti á fjármálamörkuðum, að því er segir í nýrri skýrslu bankans. Hér eru þeir Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Afköst þingsins

| | |
|---|---|
| **Frumvörp** | |
| Samþykkt | 32 |
| Bíða 1. umr. | 34 |
| Í nefnd | 40 |
| Bíða 2. umr. | 6 |
| Samtals | 112 |
| **Þingsályktanir** | |
| Samþykkt | 3 |
| Bíða umr. | 50 |
| Í nefnd | 37 |
| Samtals | 90 |

202 mál lögð fram á þinginu:

# 35 mál afgreidd á haustþinginu

**ALÞINGI** Alþingi samþykkti 35 mál frá því að það var sett 1. október og til frestunar á laugardag.

32 frumvörp urðu að lögum og þrjár þingsályktunartillögur voru samþykktar.

Af frumvörpunum voru 28 stjórnarfrumvörp, þrjú voru flutt af nefndum og eitt af meirihluta þingnefndar. **- bþs**

Breyttur ritháttur bannaður:

# Tamimi verður ekki Tamímí

**STJÓRNSÝSLA** Mannanafnanefnd hefur hafnað ósk um hægt verði að breyta rithætti ættarnafnsins Tamimi í Tamímí.

„Í lögum um mannanöfn eru engar beinar heimildir til að leyfa breyttan rithátt ættarnafna," bendir Mannanafnanefnd á í úrskurði sínum. Nefndin kveður slíka breytingu myndu verða leið framhjá banni við að taka upp nýtt ættarnafn hérlendis. „Verður því ekki á slíka beiðni fallist nema fyrir henni sé bein heimild í lögum," segir nefndin. Heimilt er að laga kenninafn sem dregið er af erlendu eiginnafni foreldris að íslensku máli en nefndin segir þá heimild ekki taka til ættarnafna. **- gar**

Ókeypis heyrnarmæling
úrvals heyrnartæki
og afbragðs þjónusta!
HEYRNARSTÖÐIN
Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**KALDIR DAGAR**
Það verður kalt á landinu næstu daga. Frost verður víða á bilinu 3 til 14 stig í dag og litlar breytingar á því til morguns. Kaldast verður inn til landsins en mildast syðst. Á Þorláksmessu lítur svo út fyrir að dragi heldur úr mestu frosthörkunum.





**Á MORGUN**
Strekkingur á V-fjörðum, annars hægari.

**ÞORLÁKSMESSA**
Allhvasst með S-strönd, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 2° |
| Berlín | -6° |
| Billund | -5° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | -3° |
| Kaupmannahöfn | -3° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 1° |
| Mallorca | 16° |
| New York | 2° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -15° |
| París | 2° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | -6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# VELDU JÓLASTEIKINA
## AF KOSTGÆFNI






## Besti hryggurinn
### að mati landsliðs matreiðslumeistara

Við fengum landslið matreiðslumeistara til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaups. Dómar landsliðsins eru einróma - **þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!**

*Verði þér að góðu*




SALT MINNI

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

HAMBORGAR HRYGGUR **1.698** kr/kg.



SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP **2.836** kr/kg.

## Smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarin 8 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

*Verði þér að góðu*

## Krónhjartarfile

Fyrir þá sem vilja villibráð á jólaborðið. Tilvalið sem forréttur sem og aðalréttur. Meyrt og safaríkt kjöt með villibráðarbragði sem slær í gegn.

*Verði þér að góðu*



KRÓNHJARTAR FILE **7.990** kr/kg.



FRANSKAR ANDABRINGUR **3.148** kr/kg.

## Franskar andabringur

Andabringurnar eru safaríkar og bragðgóðar. Þær eru tilvaldar á jólaborðið, sérstaklega fyrir þá sem vilja léttari en jafnframt hátíðlegan jólamat.

*Verði þér að góðu*

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

HAGKAUP Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Styður þú bann við staðgöngumæðrun á Íslandi?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 19,4% |
| NEI | 80,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Sendir þú jólakort til vina og vandamanna þetta árið?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Rúmur helmingur frambjóðenda til borgar- og sveitarstjórnarkosninga brýtur lög:

# Skila ekki upplýsingum á réttum tíma

**STJÓRNMÁL** Tæpur helmingur þeirra sem buðu fram í forvali eða prófkjöri stjórnmálasamtaka vegna borgar- og sveitarstjórnarkosninga í vor hefur skilað upplýsingum um kostnað við framboð sitt.

„Menn í pólitík þurfa að spyrja sig hvort það er vænlegt að láta það spyrjast út að þeir skila ekki svona upplýsingum,“ segir Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri Ríkisendurskoðunar sem birt hefur upplýsingar um skilin.

Af 442 frambjóðendum hafa aðeins 215 skilað fullnægjandi upplýsingum, eða rúm 48 prósent. Framsóknarflokkurinn sker sig úr en allir frambjóðendur flokksins hafa gert grein fyrir sér. Af þeim 215 sem skiluðu af sér gera fimm grein fyrir einstökum framlögum. Öll eru þau við þrjú hundruð þúsund krónur eða lægri.

Lögum samkvæmt hafa frambjóðendur hálft ár til að skila upplýsingum um kostnað umfram þrjú hundruð þúsund krónur eða skila inn yfirlýsingu þess efnis. Kosningar til borgar- og sveitarstjórna voru í enda maí og rann frestur til að skila inn gögnum um framboðskostnað út um mánaðamótin. Ekki er refsað fyrir slæleg skil. Lögunum hefur nú verið breytt, frambjóðendur til stjórnlagaþings fá þrjá mánuði til að senda frá sér upplýsingar um kostnað við framboðið og má sekta fyrir slæleg skil. **- jab**



**FRÁ KOSNINGU Í MAÍ** Ekki er gott til afspurnar þegar spyrst út að frambjóðendur halda sig ekki innan laga, að sögn skrifstofustjóra Ríkisendurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Yfirvöld gruna olíuþjófa:

## 28 létust vegna elds í olíuleiðslu

**MEXÍKÓ, AP** Að minnsta kosti 28 manns létust í eldsvoða í Mexíkó á sunnudag. Mikil sprenging varð þegar eldur komst í olíuleiðslu sem grunur leikur á að olíuþjófar hafi rofið.

Þrettán hinna látnu voru börn. Að minnsta kosti 52 slösuðust og 32 heimili eyðilögðust alveg.

Yfirvöld í Mexíkó hafa sagt að olíuþjófar hafi opnað leiðsluna og misst stjórn á aðstæðunum. Gat fannst á leiðslunni sem og búnaður til að ná olíu þaðan. Olíuþjófnaður er mikið vandamál í Mexíkó. **- þeb**

**FÉLAGSMÁL**

### Enn hægt að sækja um

Tekið verður við umsóknum um jólaaðstoð frá Fjölskylduhjálp Íslands í Reykjavík frá 9 til 14 í dag. Hægt er að sækja um í síma 892-9603. Úthlutað verður í dag og á morgun klukkan 14. Á Akureyri og í Reykjanesbæ verður úthlutað á morgun.

**KÓPAVOGUR**

### Loftnet taki tillit til heilsu

Skólanefnd Kópavogs vill að bæjarráðið láti endurskoða samninga um dreifikerfi farsíma og loftneta á stofnunum bæjarins og taki tillit til heilsuverndarsjónarmiða, ekki síst barna.



**SKÓGUR Í VETRARBÚNINGI** Sérfræðingur segir frumvarpsdrögin byggð á veikum vísindalegum grunnni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Frelsi til skógræktar stórlega takmarkað

**Drög að náttúruverndarlögum takmarka eða jafnvel banna skógrækt hér á landi. Óheimilt verður að gróðursetja öll helstu tré sem nýtt eru til skógræktar. Öfgasjónarmið ráða för, segir sérfræðingur hjá Skógrækt ríkisins.**

**LANDBÚNAÐUR** Strangar takmarkanir verða settar á skógrækt og jafnvel bann, samkvæmt drögum að nýjum náttúruverndarlögum sem Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur kynnt. Skógræktarmenn bregðast hart við og segja öfgasjónarmið ráða för.

Umhverfisráðuneytið kynnir nú á heimasíðu sinni frumvarpsdrög til breytinga á lögum um náttúruvernd. Á heimasíðu Skógræktar ríkisins er allt skógræktarfólk hvatt til að kynna sér tillögurnar og senda athugasemdir og spurt hvort frumvarpshöfundar vilji banna skógrækt.

Aðalsteinn Sigurgeirsson, forstöðumaður rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá, sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær að ætlunin væri að setja gríðarlegar hömlur á athafnafrelsi manna í skógrækt og landgræðslu. Skógræktarmenn geti illa sætt sig við það altæka bann sem sett verði með slíkum lögum á ræktun allra svokallaðra framandi tegunda.

Í frumvarpstextanum segir að óheimilt verði, nema samkvæmt leyfi Umhverfisstofnunar og umsögn Náttúrufræðistofnunar, að dreifa eða sleppa lifandi framandi lífverum út í náttúruna.

Aðalsteinn segir frumvarpið mjög illa undirbyggt vísindalega og með því verði fórnað mögulegri atvinnustarfsemi í skógrækt um alla framtíð. Frelsi áhugafólks til að græða upp landið verður einnig takmarkað. Rökin eru þau að Ísland hafi skuldbundið sig til að vernda upprunalegt lífríki landsins og að sporna við því að ágengar framandi tegundir festi rætur.

Aðalsteinn segir að í raun verði öll helstu skógræktartré bönnuð: grenitegundir, furutegundir, lerki og ösp. Þá verði bannað að flytja innlendar tegundir á milli svæða þar sem þær koma ekki náttúrlega fyrir.

Afar flókið verður að fá undanþágur, að sögn Aðalsteins. Mikil skriffinnska og kostnaður leggist á sumarbústaðaeigendur, bændur og aðra sem vilji rækta landið.

Aðalsteinn segir ströngustu hreintrúarmenn í náttúrufarsmálum ráða för. Úr frumvarpsdrögunum megi lesa að þarna séu mikil öfgasjónarmið ríkjandi. Í ljósi þekkingar um ofbeit segir Aðalsteinn þó vekja athygli að búfé verður undanþegið lögunum og engar hömlur lagðar á frelsi sauðkindarinnar. **- kmu, shá**







Demókratar á Bandaríkjaþingi hraða afgreiðslu laga áður en nýtt þing tekur við:

# Búa sig undir afvopnunarátök

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti reyndi ákaft að afla stuðnings meðal þingmanna við nýjan afvopnunarsamning við Rússa, sem á að taka við af START-samningnum frá 1991.

Obama undirritaði samninginn ásamt Dmitrí Medvedev Rússlandsforseta í apríl síðastliðnum. Obama vonast til að þingið staðfesti samninginn áður en árið er liðið, en nýtt þing tekur við í byrjun næsta árs og missa demókratar þá meirihluta sinn í fulltrúadeildinni.

Síðustu dagar ársins eru því eins konar kapphlaup við tímann.



**SÍÐUSTU DAGAR MEIRIHLUTANS** Demókratinn John Kerry og repúblikaninn Richard Lugar ræða málin í sjónvarpsþætti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Um síðustu helgi samþykkti þingið afnám banns við herþjónustu samkynhneigðra, sem síðan á valdatíð Bill Clinton hafa mátt gegna herþjónustu því aðeins að þeir hafi ekki hátt um kynhneigð sína.

Í lok síðustu viku tókst einnig samkomulag um skattalög, en þar höfðu repúblikanar það fram að skattaafsláttur nær til tekjuhárra en ekki bara til tekjulágra eins og verið hefur undanfarin ár.

Mjótt verður á mununum um staðfestingu afvopnunarsamningsins í öldungadeildinni. Til þess að hann verði samþykktur þarf meira en 60 atkvæði í deildinni. Talið er að 57 demókratar ætli að samþykkja samninginn og fjórir repúblikanar hafa einnig lofað stuðningi sínum. **- gb**




# Gefðu góða ferð!

**Jólagjafabréf Iceland Express** er skemmtileg gjöf sem gefur fyrirheit um spennandi tíma á nýju ári. Einnig er tilvalið að gefa þeim sem búa erlendis jólagjafabréf, svo þeir geti skotist heim og notið góðra stunda með fjölskyldu og vinum.

**Rýmri skilmálar!**

- Skiptir ekki máli hvort ferðalagið hefst á Íslandi eða í útlöndum
- Hægt að fljúga á einn áfangastað og heim frá öðrum
- Engin sunnudagaregla

**Bókaðu jólagjafabréf á www.icelandexpress.is/jolagjafabref**

Rýmri skilmálar!

## » Evrópa:
# 25.900 kr.

## » Ameríka:
# 49.900 kr.

Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2010.

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2011:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum sem gildir fram og til baka til Kaupmannahafnar, London, Berlínar og New York í Bandaríkjunum.
Bókunartímabil: 25. desember-1. febrúar 2011
Ferðatímabil: 10. janúar-15. maí 2011
(tímabilið 13. apríl-3. maí undanskilið)

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2011:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr. (Evrópa) eða 49.900 kr. (Ameríka). Gildir til allra áfangastaða í tvö ár frá útgáfudegi.

**Iceland Express**
með ánægju

Fiton/SÍA

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hver er varaþingmaður Þráins Bertelssonar?
2. Hvað hefur Gylfi Þór Sigurðsson knattspyrnumaður skorað mörg mörk á tímabilinu?
3. Hvað hefur lögreglan á Suðurnesjum tekið mikið af fíkniefnum á árinu?

SVÖR:

1. Katrín Snæholm Baldursdóttir 2. Sex 3. 65 kíló

Tólf menn grunaðir um að hafa skipulagt hryðjuverkaárásir í Bretlandi:

# Handteknir vegna gruns um hryðjuverk

**BRETLAND, AP** Tólf menn voru handteknir í Bretlandi snemma morguns í gær. Mennirnir eru grunaðir um að hafa skipulagt hryðjuverkaárásir í landinu.

Mennirnir eru á aldrinum 17 til 28 ára, fimm eru frá Cardiff, fjórir frá Stoke og þrír frá London. Fregnir herma að einhverjir hinna handteknu séu frá Bangladess. Allir voru þeir handteknir á eða við heimili sín, nema einn sem var handtekinn í Birmingham. Þeir voru handteknir af óvopnuðum lögreglumönnum, sem þykir benda til þess að ekki hafi verið talið líklegt að mennirnir myndu fremja árásir á næstunni.

Lögregla hefur litlar upplýsingar gefið um málið og segir rannsókn þess á frumstigi.

Fylgst hafði verið með mönnunum í nokkrar vikur og í tilkynningu kemur fram að nauðsynlegt hafi verið talið fyrir þjóðaröryggi að handtaka mennina nú.

Ekki er talið að þeir tengist hryðjuverkaárásinni í Stokkhólmi fyrir skemmstu, en árásarmaðurinn hafði búið í Englandi. Í kjölfar þeirrar árásar var því haldið fram að al Kaída stæði fyrir mörgum árásum á evrópsk og bandarísk skotmörk í kringum jólin. Þessu hafa yfirvöld í Bretlandi og Þýskalandi hafnað. **- þeb**



**Í STOKE** Lögreglukona fer inn í eitt húsanna sem leitað var í í borginni Stoke vegna meintu hryðjuverkamanna í gær. NORDICPHOTOS/AFP




SIEMENS
fyrir Jólin

Heimilistæki, ljós og símar í miklu úrvali. Girnileg jólatilboð. Líttu inn. Við tökum vel á móti þér.

Smith & Norland gleður þig um jólin.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


# 13 ára rithöfundur gefur út tvær bækur

**Adrian Sölvi Ingimundarson er þrettán ára rithöfundur sem gefur út tvær bækur fyrir jól. Hugmyndirnar fékk hann á göngu með ömmu sinni í Frakklandi. Adrian Sölvi annaðist hönnun og umbrot á bókum sínum einn síns liðs.**

**FÓLK** „Það var svolítið erfitt að læra á þessi forrit en mjög gaman," segir Adrian Sölvi Ingimundarson, þrettán ára rithöfundur. Adrian er búinn að skrifa, myndskreyta og brjóta um tvær barnabækur sem eru komnar í sölu. Hann lærði á Adobe Photoshop og InDesign frá grunni og setti bækurnar sjálfur upp með þeim forritum. „Ég fékk hugmyndina að fyrstu bókinni þegar ég var í göngutúr með ömmu minni í Frakklandi. Við ákváðum að fara heim og myndskreyta hana og svo þróaðist þetta út í fullgerðar bækur."

Adrian Sölvi er búinn að gera tvær barnabækur sem bera heitin Grái litli og Ertu svona lítill? Móðir hans er frönsk og hefur fjölskyldan dvalið þó nokkuð í Frakklandi. Adrian talar frönsku reiprennandi en segist þó ætla að búa á Íslandi í framtíðinni. Eins og er langar hann þó ekki að verða rithöfundur, heldur vinna sem leiðsögumaður og stunda mikla útivist. „Það er best að vera á Íslandi," segir Adrian.

Ingimundur Þór Þorsteinsson, faðir Adrians Sölva, segir hugmyndina alfarið vera sonar síns. „Þessar bækur eru einnig skilaboð frá foreldrum til annarra foreldra um að börn hafa gott af því að gera svona verkefni og takast á við þau. Þau geta gert svona stóra hluti," segir hann. „Að fá hugmynd og framkvæma hana alveg til enda er þroskandi þó að það sé ekki alltaf auðvelt."

Ingimundur bendir einnig á að Adrian hafi náð að nýta alla þá kunnáttu sem hann afli sér í skólanum meðfram því að búa til bækurnar.

„Við notuðum stærðfræði mikið þegar við vorum að átta okkur á því hvaða verð ætti að setja á bækurnar til þess að láta þær standa undir kostnaði," segir hann. „Hann notaðist beint við það sem hann var að læra í skólanum og gerði sér vel grein fyrir því fyrir vikið að ekki er allt sem maður lærir í skóla út í loftið."

Bækur Adrians Sölva eru til sölu í versluninni Eitthvað íslenskt á Skólavörðustíg 14 í Reykjavík og verða líklega til í Pennanum Eymundsson eftir áramót.

Adrian Sölvi áritar bækur sínar í versluninni í vikunni. **sunna@frettbladid.is**



**RITHÖFUNDURINN UNGI** Adrian Sölvi með bækurnar sínar tvær, Ertu svona lítill? og Grái litli. Bækurnar kosta 1.500 krónur og eru til sölu í Eitthvað íslenskt á Skólavörðustíg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Að fá hugmynd og framkvæma hana alveg til enda er þroskandi þó að það sé ekki alltaf auðvelt.
>
> **ADRIAN SÖLVI INGIMUNDARSON**
> ÞRETTÁN ÁRA RITHÖFUNDUR


SÝRÓPSMÁNINN EFTIR EIRÍK GUÐMUNDSSON

★★★★ Fréttablaðið

„Textinn er eins og hunang ... fullur af ógleymanlegum myndum, óvæntum vísunum og glænýrri sýn á raunveruleikann."
– Friðrika Benónýsdóttir, Fréttablaðið



„Sýrópsmáninn er ótrúleg bók. Textinn er dásamlegur, hnyttinn, djúpur..." Grímur Atlason, Miðjan.is

★★★★ „Textinn er kraftmikill og ljóðrænn." Skafti Halldórsson, Morgunblaðið

„Fallegt, hugmyndaríkt, ljóðrænt ..." Páll Baldvin, Kiljunni



Eiríkur Guðmundsson hlaut í gær viðurkenningu úr Rithöfundasjóði RÚV.

BJARTUR


Fórnarlamb þorði ekki að kæra tvo menn af þremur sem rændu hann:

# Þrír ræningjar komnir í fangelsi

**LÖGREGLUMÁL** Mennirnir þrír sem frömdu vopnað rán á Selfossi fyrir rúmri viku eru allir komnir í fangelsi.

Tveir af þeim hafa verið úrskurðaðir í héraðsdómi til að ljúka afplánun dóma sem þeir höfðu áður fengið. Þeir voru báðir á reynslulausn. Sá þriðji, Emil Freyr Júlíusson, var dæmdur í tveggja ára fangelsi í Hæstarétti í síðustu viku fyrir fjölda brota og er byrjaður að afplána sinn dóm.

Við rannsókn málsins kom fram að tveir þessara manna, Emil Freyr ásamt öðrum, höfðu framið annað rán nokkrum dögum áður en þeir létu til skarar skríða laugardaginn fyrir viku. Það rán átti sér einnig stað á Selfossi og leikur grunur á að þar hafi þeir einnig ógnað húsráðanda, sem var einn heima, með hnífum eins og í síðara skiptið. Húsráðandi í fyrra málinu varð svo óttasleginn eftir hótanir mannanna að hann þorði ekki að kæra. Þeir hrifsuðu með sér tölvur og tölvubúnað sem þeir fundu á heimilinu.

Mennirnir tveir sem dæmdir hafa verið til að ljúka afplánun refsingar sinnar sættu áður gæsluvarðhaldi. Annar þeirra átti óafplánaða 156 daga, en hinn 255 daga.

Vonir standa til að rannsókn ljúki á næstu dögum og málið verði þá sent ákæruvaldi til frekari ákvörðunar. **- jss**



**SELFOSS** Mennirnir brutust tvisvar inn á heimili á Selfossi og rændu fólkið sem þar bjó.


HYUNDAI
5 ára ábyrgð
5 ára vegaaðstoð
5 ára léttskoðun
HYUNDAI i30
Þrefalt betri
Nýjum i30 fylgir þrefaldur öryggispakki til 5 ára.
Nýr i30
Hjá Hyundai er öryggið ávallt í fyrirrúmi. Nýjum Hyundai i30 fylgir nú þrefaldur öryggispakki sem samanstendur af 5 ára ábyrgð, 5 ára vegaaðstoð og aðgangi að léttskoðun í 5 ár. Þessu til viðbótar hlaut nýr Hyundai i30 5 stjörnu einkunn í árekstrarprófi og státar af einstaklega sparneytinni og umhverfisvænni vél. Óhætt er að fullyrða að öruggari bílakaup séu vandfundin á Íslandi í dag.
Verð frá: 2.690.000 kr.
Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is
5 ÁRA ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
LÉTTSKOÐUN
B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is
B&L
IH
INGVAR HELGASON




Heræfingar Suður-Kóreumanna á eyjunni Yeonpyeong í gær:

# Norður-Kórea hætti við árás

**KÓREUSKAGI** Norður-Kóreumenn ætla ekki að svara heræfingu suður-kóreska hersins á eyjunni Yeonpyeong í gær. Áður höfðu yfirvöld í Norður-Kóreu hótað að bregðast við æfingunni af hörku.

Norður-Kóreumenn sögðu æfingar Suður-Kóreumanna vera hernaðarlega ögrun. Ríkisfjölmiðlar í norðrinu höfðu eftir hernum að æfingarnar væru ekki þess virði að við þeim yrði brugðist.

Síðast þegar svipaðar heræfingar stóðu yfir á eyjunni gerðu Norður-Kóreumenn árás á hana. Þá létust fjórir og tugir slösuðust. Fjöldi húsa varð eldi að bráð. Flestir íbúar eyjarinnar hafa nú flúið hana.




**SEÚL** Íbúar Suður-Kóreu mótmæltu í Seúl í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Kínverjar og Rússar hvöttu í gær bæði ríkin til að forðast vopnuð átök. Viðræðum í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna var hætt um helgina eftir að Kínverjar neituðu að samþykkja yfirlýsingu þar sem Norður-Kóreumenn voru gagnrýndir. Bill Richardson, ríkisstjóri í Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum, er staddur í Norður-Kóreu. Hann hefur rætt við æðstu yfirmenn hersins þar og reynt að miðla málum. Fréttastofan CNN segir Richardson að þeir myndu hleypa kjarnorkueftirlitsmönnum frá SÞ aftur inn í landið, en þetta hefur ekki verið staðfest. **- þeb**

# Skeljungur gefst upp á mótbyr í Hrútafirði

**Eftir fjögurra ára töf á afgreiðslu sveitarstjórnar Bæjarhrepps á umsókn um söluskála í Hrútafirði sakar forstjóri Skeljungs hreppinn um gróf lögbrot. Nóg sé komið og félagið muni nú leita annað. Ekki næst í forsvarsmenn hreppsins.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það er með þungum huga sem ég rita þér þetta bréf.“ Þannig hefst bréf forstjóra Skeljungs, Einars Arnar Ólafssonar, til íbúa í Bæjarhreppi varðandi áform félagsins um byggingu söluskála í Hrútafirði.

Í bréfi Einars kemur fram að Skeljungur sé hættur við að reisa söluskálann eftir að hafa reynt án árangurs í fjögur ár að fá framkvæmdina afgreidda í sveitarstjórn Bæjarhrepps. Rekur hann málið frá því að Skeljungur óskaði fyrst eftir því í október 2006 að fá samþykkt breytt deiliskipulag sem gert hefði félaginu kleift að reisa söluskálann í landi Fögrubrekku, skammt suður af þeim stað þar sem N1 byggði síðan nýjan Staðarskála. Segir forstjórinn frá því að meirihluti hreppsnefndarinnar hafi sætt utanaðkomandi þrýstingi og á margvíslegan hátt hindrað framgang málsins.

„Í ferlinu hafa málsmeðferðarreglur stjórnsýslulaganna verið þverbrotnar í nánast hverju einasta skrefi,“ skrifar Einar íbúum Bæjarhrepps. „Á meðan hefur N1 [eigandi Staðarskála] notið góðs af einokunarstöðu sinni á svæðinu og staða þeirra styrkst.“

Þá segir Einar að forsvarsmenn Bæjarhrepps hafi gert allt sem í þeirra valdi standi til þess að sporna við starfsemi Skeljungs í hreppnum og brotið bæði stjórnsýslulög og samkeppnislög á grófan hátt. Fyrirtækið ætli nú að leita á önnur mið. Þótt Skeljungur hafi lagt ótal vinnustundir og mikla fjármuni í verkefnið hyggist félagið ekki gera skaðabótakröfu á hendur hreppnum enda myndi það á endanum koma niður á íbúum hans.

Einar bendir á að Sigurður Kjartansson, þáverandi og núverandi oddviti Bæjarhrepps, hafi sagt á hreppsnefndarfundi í byrjun febrúar síðastliðins að auglýsing nýs skipulags yrði látin bíða þar til eftir sveitarstjórnarkosningar í maí. Ekkert hafi gerst síðan.

Hvorki hefur náðst í Sigurð Kjartansson né Jóhann Ragnarsson varaoddvita undanfarna daga. Á fundi í hreppsnefndinni á sunnudag var forsvarsmönnum hreppsins falið að hafa samband við Skeljung hið fyrsta. Eftir fundinn spurðu íbúar sem voru viðstaddir hvaða skilaboð hreppurinn færi með til Skeljungs. Jóhann Ragnarsson varaoddviti svaraði að það væri ekki mál fyrirspyrjendanna.

**gar@frettabladid.is**



## Hótanir í Hrútafirði vegna bensínstöðvar

**Staðarskáli ehf. sagðist myndu nota stöðu sína sem landeigandi til að hindra tiltekna vegtengingu Djúpvegar við nýtt stæði hringvegarins ef Bæjarhreppur samþykkti að Skeljungur fengi að reisa bensínstöð rétt hjá nýjum Staðarskála.**

**SKIPULAGSMÁL** Staðarskáli ehf. og eigendur jarðarinnar Staðar í Hrútafirði sögðust í bréfi til hreppsnefndar Bæjarhrepps myndu beita afli sínu til að hindra að leyfi yrði gefið fyrir öðrum þjónustuskála í Hrútafirði.

Eins og fram hefur komið hefur Skeljungur reynt frá árinu 2006 að fá leyfi til að reisa þjónustustöð í landi Fögrubrekku í Hrútafirði. Á árinu 2008 var opnaður nýr Staðarskáli í botni Hrútafjarðar. Nýi skálinn leysti af hólmi bæði gamla Staðarskála og þjónustuskálann á Brú. Á báðum þessum stöðum var eldsneytissala frá N1 og svo er einnig í nýja Staðarskálanum. Áform Skeljungs fóru illa í eigendur Staðarskála.

„Það er öllum ljóst sem vilja vita að ekki er rekstrargrundvöllur fyrir tveim þjónustumiðstöðvum í botni Hrútafjarðar á ársgrundvelli og teljum við það mikið ábyrgðarleysi af hálfu hreppsnefndar Bæjarhrepps að gefa leyfi fyrir annarri þjónustumiðstöð við hlið þeirrar sem við höfum hug á að byggja,“ segir í harðorðu bréfi sem Kristinn Guðmundsson sendir fyrir hönd Staðarskála og landeigenda að Stað til oddvita Bæjarhrepps í nóvember 2006.

„Við teljum að það sé verið að koma í bakið á okkur. Í fyrsta lagi með því að setja þjónustupunkt í landi Fögrubrekku og annars vegar ef Skeljungi hf. verður gefið leyfi til að reisa þjónustumiðstöð svo stutt frá okkur og ...

til oddvitans, þar sem vísað er til samtala hreppsnefndarmanna og Staðarmanna. „Kjörnir fulltrúar sem bjóða sig fram í hreppsnefndir hljóta að verða að taka tillit til þess sem áður hefur verið gert í sveitarfélaginu.“

Í bréfinu sést að Kristinn telur Staðarmenn hafa sterk spil á hendi til að sveigja Bæjarhrepp að hagsmunum ...

veginn kæmi í botni Hrútafjarðar en ekki sunnar.

„Höfum við töluvert um það að segja þar sem við erum með starfsemi í Brú og eigum þar land, einnig er öll veglínan í Húnaþingi vestra í landi Staðar. Það er óumflýjanlegt að aðalskipulag beggja sveitarfélaganna verði að ...

### Forstjóri Skeljungs hissa á Bæjarhreppi

**Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs, undrast að Bæjarhreppur afgreiði ekki samþykkt deiliskipulag sem gerir félaginu kleift að reisa bensínstöð í Hrútafirði. Einróma ályktun á íbúafundi í fyrra breytti engu því málið stendur fast.**

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Heimamenn í Bæjarhreppi vildu að tenging Djúpvegar við nýtt stæði hringvegarins yrði í botni Hrútafjarðar og að leiðin fyrir fjörðinn myndi þannig styttast. Eigandi Staðarskála beitti eignarhaldi á landinu þar til að hræða hreppsnefndina frá því að samþykkja annan þjónustuskála á svæðinu.

**FRÉTTABLAÐIÐ 13. FEBRÚAR 2010** Nokkuð var fjallað um þjónustuskálamál í Hrútafirði í Fréttablaðinu í febrúar. Málið hefur þvælst í kerfinu frá því í október 2006.

## Hörmungarsaga segir landeigandi

„Það er náttúrulega hörmungarsaga hvernig staðið hefur verið að þessu af hálfu hreppsnefndarinnar,“ segir Eyjólfur Vilhelmsson, bóndi og eigandi Fögrubrekku.

Eyjólfur hafði samið við Skeljung um að leggja til land undir fyrirhugaðan söluskála fyrirtækisins í Hrútafirði en nú eru þau viðskipti úr sögunni. „En það er ekki bara ég einn sem tapa á þessu, því íbúar hreppsins eru að tapa atvinnutækifærum og fleiru með því að hætt verður við byggingu skálans,“ segir hann.





**Snjósleði,**
Classic Snow Racer
3900896

**7.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*



**Kenwood matvinnsluvél**
450W,með blandara
1840473

**9.990,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

# JÓLAGJAFIR

## Á LÆGRA VERÐI

BLACK&DECKER



2 RAFHLÖÐUR

**9.995,-**

**Hleðsluborvél BLACK&DECKER**
12V, tvær rafhlöður
5245999



**2.595,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Höggborvél**
Power Plus, 580W
0-2800 sn/mín,13mm flýtipatróna
5245308



2 RAFHLÖÐUR

**3.980,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Borvél, POWER PLUS**
14,4V
5245309



**Dúnúlpa**
Herra/dömu,
ekta andardúnn.
5869816-34

SÉRTILBOÐ

**7.990,-**
~~12.990,-~~



**Herraúlpa**
True North.
5869948-49

TRUENORTH

**14.990,-**



**5.990,-**
~~7.990,-~~

STÁL, GLERKANNA

**Blandari BOMANN**
stál, 550W
1850036



TEKUR 750-1000gr

**12.990,-**

**Brauðgerðarvél,**
1841103

OPIÐ TIL
22:00 Í SKÚTUVOGI
21:00 Í GRAFARHOLTI
22:00 Á AKUREYRI

*Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.

HÚSASMIÐJAN



**ÖNGÞVEITI Á FLUGVELLI** Mikið öngþveiti hefur verið á Charles de Gaulle-flugvellinum í Frakklandi undanfarið, líkt og á fleiri flugvöllum í Evrópu. Um þrjátíu prósentum flugferða á Charles de Gaulle var aflýst í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Eldri borgarar í Hafnarfirði sleppa við hækkun fargjalda:

# Bara Hafnfirðingar fá frítt í strætó

**SAMGÖNGUR** Allir Hafnfirðingar yfir 67 ára aldri munu áfram eiga kost á að fá frímiða í strætisvagna þrátt fyrir boðaða hækkun aldursviðmiða Strætó bs.

Eins og fram kom í frétt blaðsins um helgina ákváðu eigendur Strætó bs. að kröfu Reykjavíkurborgar að hækka viðmið vegna afsláttar eldri borgara úr 67 árum í 70.

Við það hækkar verð á stakri ferð einstaklinga á aldrinum 67 til 69 ára úr 80 krónum upp í 350, nema hjá Hafnfirðingum.

Þar hefur viðgengist að eldri borgarar fá strætómiða á þjónustumiðstöð bæjarins án endurgjalds. Til að eiga kost á slíku þarf að framvísa vildarkorti sem bærinn gefur út til allra íbúa 67 ára og eldri.

Hafnfirðingar eru einir með slíkt fyrirkomulag, en ekkert hinna sveitarfélaganna í byggðasamlaginu um strætisvagnareksturinn er með sértækar lausnir fyrir eldri borgara.

Framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík gagnrýndi hækkun viðmiðunaraldurs og sagði afsláttinn tilkominn vegna þess að fólk færi jafnan á ellilífeyri 67 ára með tilheyrandi tekjutapi. - þj



**EKKI FÁ ALLIR AFSLÁTT** Hafnfirðingar frá aldrinum 67 ára ferðast með strætisvögnum án endurgjalds. Hafnarfjörður er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu með slíkt fyrirkomulag.

Gengið niður Laugaveginn:

# Friðarganga á Þorláksmessu

**FÓLK** Friðarganga verður gengin niður Laugaveginn í 31. sinn á Þorláksmessu. Samstarfshópur friðarhreyfinga stendur fyrir blysförinni sem fyrr.

Safnast verður saman á Hlemmi, þar sem kyndlar verða seldir, og lagt af stað klukkan 18. Gengið verður niður á Ingólfstorg, þar sem ávörp og söngatriði verða flutt. Steingerður Hreinsdóttir flytur ávarp og Árni Pétur Guðjónsson verður fundarstjóri. Söngfólk úr Hamrahlíðarkórnum og kór MH mun syngja. - þeb


**Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.**

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

**Gjafakortið sem gildir alls staðar**

Þú velur upphæðina en viðtakandinn velur gjöfina.



- Fallegar gjafaumbúðir
- Hentar öllum
- Gildir hvar sem er

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

512 50 50 Auglýsingasími Allt sem þú þarft...




**FULLTRÚAR** Rannsókn á baráttu frambjóðenda til stjórnlagaþings var gerð áður en úrslit voru ljós og var því engar upplýsingar að hafa um þá frambjóðendur sem náðu kjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Facebook mikilvæg fyrir frambjóðendur

**Samskiptasíðan Facebook spilaði stórt hlutverk hjá tveimur af hverjum þremur frambjóðendum til stjórnlagaþings. Sjö af hverjum tíu keyptu ekki auglýsingar. Kostnaður afgerandi meirihluta frambjóðenda var undir 100 þúsund krónum.**

**STJÓRNLAGAÞING** Vandræði hefðbundinna fjölmiðla við að fjalla um þann mikla fjölda fólks sem bauð sig fram til stjórnlagaþings þýddu að frambjóðendurnir urðu að leita annarra leiða til að kynna sig. Samkvæmt nýrri rannsókn notuðu þeir einna helst netið til að reyna að kynna sig fyrir kjósendum.

Samkvæmt rannsókn sem unnin er af Birgi Guðmundssyni, dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, lék samskiptasíðan Facebook stórt hlutverk í kosningunum.

Birgir lét gera könnun meðal frambjóðenda þar sem þeir voru spurðir um kynningarmál og fjölmiðla. Alls svöruðu 365 af 522 frambjóðendum könnuninni, sem gerð var á síðustu viku kosningabaráttunnar.

Af þeim sem svöruðu sögðu tveir þriðju að Facebook hefði spilað stóran þátt í þeirra kynningu. Um fimmtungur svarenda sagði samskiptavefinn hafa átt lítinn þátt í þeirra kynningarstarfi.

Af þeim sem á annað borð notuðu Facebook sögðust um 62 prósent hafa sett eina eða fleiri færslur á dag inn á vefinn á lokaspretti kosningabaráttunnar.

Nær allir þeirra frambjóðenda sem svöruðu könnuninni sögðust ætla að fara í fimm mínútna viðtal sem RÚV bauð frambjóðendum upp á. Rúmlega 70 prósent sögðust skrifa greinar á netmiðla og 57 prósent blogguðu á eigin vefsíðu.

Sjö af hverjum tíu af þeim sem svöruðu könnuninni sögðust ekki ætla að auglýsa neitt í kosningabaráttunni. Ríflega fimmti hver keypti auglýsingu á Facebook og fimmtán prósent keyptu dreifimiða til að bera í hús.

Af þeim 365 frambjóðendum sem svöruðu könnuninni sögðust 24 hafa keypt eða ætla að kaupa auglýsingu eða auglýsingar í dagblaði. Sex auglýstu í sjónvarpi og fimm í útvarpi. brjann@frettabladid.is

## Fáir eyddu meira en 100 þúsund krónum

Mikill meirihluti þeirra sem buðu sig fram til stjórnlagaþings, ríflega 79 prósent, ætlaði að eyða 25 þúsund krónum eða minna í kosningabaráttuna. Afgerandi meirihluti, um 94 prósent þeirra sem svöruðu könnun um kosningabaráttuna, ætlaði að eyða 100 þúsund krónum eða minna.

Einhverjir eyddu þó hærri upphæðum. Í könnun Birgis Guðmundssonar segjast þrír frambjóðendur ætla að eyða á bilinu 250 þúsund til 500 þúsund krónum í baráttuna. Einn ætlaði að eyða á bilinu 500 þúsund til ein milljón. Einn ætlaði að eyða á bilinu ein til tvær milljónir og einn sagðist ætla að eyða meira en tveimur milljónum króna. Samkvæmt lögum um stjórnlagaþingið máttu frambjóðendur ekki eyða meiru en tveimur milljónum króna. Allir frambjóðendur verða að gera Ríkisendurskoðun grein fyrir fjárútlátum sínum í baráttunni.


**Heimsmet**

Ætlum okkur að selja 5 tonn af skötu. Ekta Þorláksmessu SKATA

20.–21. des.

799 kr./kg.



Sendum/seljum í mötuneyti

Humarsoð Hornarfirði

Jón Sölvi kokkur sér um kynninguna



Innbakaður Humar
Skelflettur Humar
Stór Humar
Súpuhumar

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Njóttu öryggis



Mikið úrval slökkvitækja og öryggisbúnaðar

oryggi.is ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

VEFVERSLUN

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Árið hefst á Vínartónleikum!

**Á tónleikunum hljómar sígild Vínartónlist úr ýmsum áttum – m.a. Kampavínspolkinn, Dónárvalsinn sívínsæli og atriði úr Leðurblökunni. Hanna Dóra Sturludóttir syngur með hljómsveitinni og er viðbúið að hún gleðji tónleikagesti með hrífandi framkomu. Vínartónleikarnir hafa um árabil verið vinsælustu tónleikar S.Í. enda vart hægt að hugsa sér ljúfari upptakt að nýju ári. Tryggðu þér miða á þessa einstöku tónleika.**

Mið. 05.01.11 » 19:30
Fim. 06.01.11 » 19:30
Fös. 07.01.11 » 19:30 Örfá sæti laus
Lau. 08.01.11 » 17:00 Örfá sæti laus

**Graeme Jenkins** *hljómsveitarstjóri*
**Hanna Dóra Sturludóttir** *einsöngvari*



AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN VÍS Morgunblaðið

**Miðasala** » www.sinfonia.is » Sími 545 2500 » Miðasala í Háskólabíói er opin alla virka daga kl. 9-17 og fram að tónleikum á tónleikadegi

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




**Philips 42PFL5405H**
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080 upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ 169.995**
FULLT VERÐ 249.995

Vandaður Philips HDMI Gold kapall fylgir!




**Philips 32PFL3805H**
32" Full HD LCD SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Pixel Plus HD, HD natural motion, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**VERÐ 99.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Panasonic TXP42C2**
42" HD Ready 16:9 Plasma SJÓNVARP með 1024x768p upplausn, Vreal 4, 100Hz, 24p, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, x.v Colour, 3D Colour, Motion Pattern, Noise Reduction, Sub-Pixel Control, Progressive Scan, Viera Link, stafr. háskerpu HDTV DVB-T móttakara, kortalesara, Scart, 2 HDMI ofl.

**TILBOÐ 119.995**
FULLT VERÐ 144.995




**Philips 37PFL5405H**
37" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

**TILBOÐ 149.995**
FULLT VERÐ 189.995

**Soundbar**



PHILIPS

**Philips HTS5110**
300w RMS SoundBar HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, snertiskjá, 720p/1080i/1080p uppskölun, Dolby Virtual, USB vídeó- og MP3 afspilun, tónjafnara, HDMI, Digital coaxial, Optical Digital, Aux, iPod tengi ofl. Aðeins 1 hátalari og þráðlaust bassabox.

**VERÐ 79.995**
FRÁBÆRT VERÐ



**Soundbar með DVD**

PHILIPS

**Philips HTS5120**
400w RMS SoundBar HEIMABÍÓKERFI með DVD spilara, snertiskjá, 720p/1080i/1080p uppskölun, Dolby Virtual, USB vídeó- og MP3 afspilun, tónjafnara, HDMI, Digital coaxial, Optical Digital, Aux, iPod tengi ofl. Aðeins 1 hátalari og þráðlaust bassabox.

**VERÐ 99.995**
FRÁBÆRT VERÐ

Panasonic

**Tvær Blu-Ray myndir fylgja**



**Panasonic SCBT230**
1000w HEIMABÍÓ með Blu-ray, Digital magnara, iPod/iPhone vöggu, FM útvarpi með minnum, 1080p uppskölun, Cinema Surround, HD 1080p 24fps, P4HD, DTS-HD og Dolby TrueHD, VIERA CAST nettengingu, VIERA Link, Deep Color, x.v.Colour, 2 USB, HDMI ofl.

**TILBOÐ 99.995**
FULLT VERÐ 129.995

Blu-ray Disc

**Soundbar með 3D Blu-Ray**



PHILIPS

**Philips HTS7140**
HEIMABÍÓSETT með 3-D Blu-Ray spilara, 500w D klassa magnara DTS-HD, Dolby TrueHD 5.1 Surround Sound, Progressive Scan, Video uppskölun í 720p/1080i/1080p, RDS FM útvarpi með minnum, USB 2.0 Flash drif - afspilun beint af USB, Soft Dome Tweeter, Double BASS, hátalara, FullSound, bassabox, HDMI, Scart, USB, MP3 line-in, vöggu, LAN tengi, Coaxial, AUX og Optical Digital inn ofl.

**TILBOÐ 199.995**
FULLT VERÐ 209.995

**Með áslættarnæmni**





**Rafmagnspíanó**

**Casio CDP100**
88 nótna RAFMAGNSPÍANÓ með 32 nótna pólífóníu, 5 hljóðum og 20 rythmum, Midi In/Out, tengi fyrir 2 heyrnartól og 2 pedala. Spennubreytir og pedali fylgja.

CASIO

**TILBOÐ 89.995**
FULLT VERÐ 109.995

CASIO

**Casio CTK-3000**
5 áttunda HLJÓMBORÐ með 61 nótu, áslættarnæmni, 400 hljóðum, 150 ryþmum, 48 nótna pólífóníu, 110 lögum, 3ja skrefa kennslu, LCD skjá og Pitch bend hjóli. Tengi: USB, MIDI, heyrnatól, MP3 og fótstig.

**TILBOÐ 34.995**
FULLT VERÐ 37.995

**Heimilistæki** ht.is

**OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA TIL JÓLA**

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500




ÍSLENSKA/SIA.IS/ICE 52873 12/10

Reykjavík, 21. desember 2010.

Í lýsingu Icelandair Group kt. 631205-1780 („félagið“), sem samanstendur af útgefandalýsingu dagsettri 28. október 2010, verðbréfalýsingu og samantekt dagsettum 7. desember 2010, sem útbúin var í tengslum við yfirstandandi almennt útboð, koma fram upplýsingar sem félagið hefur nú uppfært.

Í kafla 27.2 í útgefandalýsingu félagsins frá 28. október 2010, eins og hún var uppfærð með verðbréfalýsingu dagsettri 7. desember 2010, kemur fram að samningsfyrirvarar sem tengjast fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins ættu að verða uppfylltir þann 15. desember 2010. Félaginu varð ljóst að ekki næðist að ljúka þessum samningsfyrirvörum á tilsettum tíma og var því ákveðið að útbúa viðauka við fyrrgreinda lýsingu félagsins. Í viðaukanum kemur fram að búist er við að þessum samningsfyrirvörum verði lokið í enda janúar 2011. Viðaukinn birtist þann 20. desember 2010.

Athygli er vakin á því að þeir einstaklingar eða lögaðilar sem hafa skráð sig fyrir nýjum bréfum í félaginu í yfirstandandi almennu útboði hafa rétt til að afskrá sig, sbr. 2. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007. Heimild til að afskrá sig gildir í tvo virka daga frá birtingu viðaukans. Þeir sem óska eftir að afskrá sig geta nálgast viðeigandi eyðublað á www.isb.is/icelandair eða sett sig í samband við Eignastýringu Íslandsbanka í s: +354-440-4920.

Almennt hlutafjárútboð Icelandair Group á 500 til 1.059 milljónum nýrra hluta í félaginu hófst klukkan 10.00 þann 8. desember og lýkur fimmtudaginn 23. desember klukkan 16.00. Í tilkynningu frá Icelandair Group þann 7. desember kom fram að engir nýir hlutir verði boðnir til kaups ef tilboð í færri en 500 milljónir hluta berast. Útboðsgengið verður 2,5 kr. á hlut. Einungis er hægt að greiða fyrir hluti með reiðufé í íslenskum krónum. Allir nýir hlutir eru í sama flokki. Hlutirnir gefa allir sömu réttindi og eru sambærilegir við eldri hluti að öllu leyti.

Viðaukinn var birtur á samskonar hátt og lýsingin og verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.icelandairgroup.com/prospectus og einnig á skrifstofu félagsins á Reykjarvíkurflugvelli 101 Reykjavík, í 12 mánuði frá dagsetningu viðaukans.

Íslandsbanki

ICELANDAIR GROUP

Dómur fellur vegna framferði dönsku lögreglunnar:

# Ólöglegar handtökur

**DANMÖRK** Fjöldahandtökur lögreglunnar í Kaupmannahöfn vegna mótmæla á loftslagsráðstefnunni fyrir ári voru ólögmætar.

Héraðsdómur í Kaupmannahöfn komst að þessari niðurstöðu fyrir helgi. Lögreglan handtók 905 manns í fjöldamótmælunum hinn 12. desember í fyrra. Hendur fólks voru bundnar með plastböndum í stað handjárna. Fólkið þurfti að sitja í röðum á götu í allt að fjórar klukkustundir. Dómstóllinn segir að aðstæður fólksins hafi verið niðurlægjandi og því brot á Mannréttindasáttmála Evrópu. Lögreglan var dæmd til að greiða þeim 250 manns sem kærðu handtökurnar skaðabætur. Lögreglan hyggst áfrýja. **- þeb**



**FRÁ MÓTMÆLUNUM** Í stað handjárna voru hendur mótmælenda festar með plastböndum. NORDICPHOTOS/AFP



**Á LEIÐ Í STRÆTÓ** Umfangsmiklar breytingar verða á starfsemi sveitarfélaga með flutningi málefna fatlaðra til þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sveitarfélögin taka yfir málefni fatlaðra

**Sveitarfélögin taka yfir þjónustu við fatlaða um áramót. Fjórtán ár eru frá samþykkt fyrstu laga um flutning málaflokksins. Tíu milljarðar af skatttekjum færast frá ríkinu til sveitarfélaga.**

**STJÓRNSÝSLA** Lög um flutning málefna fatlaðra frá ríkinu til sveitarfélaga voru samþykkt á laugardag – lokastarfsdegi Alþingis fyrir jól.

Flutningurinn hefur verið lengi í bígerð en lagasetningin var lokahnykkur vinnu sem hófst í febrúar 2007 að frumkvæði sveitarfélaganna.

Undirbúning málsins má rekja aftur til 1996 þegar þingið ákvað að stefna bæri að yfirfærslunni. Fjórum árum síðar sigldi verkefnið í strand og lá óhreyft í sjö ár.

Samkvæmt greinargerð frumvarpsins um flutninginn varðar hann um 2.500 einstaklinga sem fá þjónustu vegna fötlun sinnar. Að sögn Guðmundar Magnússonar, formanns Öryrkjabandalags Íslands, er þó um fleiri að tefla því ekki hafi allir fatlaðir notið þjónustu á vegum svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra.

Vegna flutningsins færast um 1.500 starfsmenn í rúmlega 1.000 stöðugildum frá ríkinu til sveitarfélaga.

Við þessa ákvörðun hefur skipting tekna milli ríkisins og sveitarfélaganna verið endurskoðuð. Færast rúmlega tíu milljarða króna af skatttekjum til sveitarfélaga.

Þjónustuþættir sem sveitarfélögin taka yfir eru sambýli, áfangastaðir, liðveisla, hæfingarstöðvar, dagvistarstofnanir, verndaðir vinnustaðir og atvinna með stuðningi, heimili fyrir börn og skammtímavistanir. Áfram hjá ríkinu verða náms- og starfsendurhæfing, Tölvumiðstöð fatlaðra, Múlalundur, Blindravinnustofan og vinnustaðir Öryrkjabandalagsins.

**bjorn@frettabladid.is**

## Hefði viljað fresta þessu um eitt ár en munum vinna með sveitarfélögunum



**GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Guðmundur Magnússon, formaður Öryrkjabandalagsins, telur yfirfærsluna ekki nægilega vel undirbúna. Í umsögn ÖBÍ eru gerðar athugasemdir við fjölda atriða, meðal annars að réttindagæsla sé með sóma, lögfest verði að fjármagn fylgi einstaklingum og að samráð við hagsmunasamtök verði bundið í lög. Að auki segir Guðmundur það sína skoðun að réttast hefði verið að fresta yfirfærslunni um eitt ár. „Það þarf að endurskoða heildarlöggjöf um málaflokkinn og ég hefði viljað að það hefði verið gert áður en til flutningsins kæmi. Sama á við um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“

Guðmundur segir að hvað sem þessum skoðunum hans líði og umsögn ÖBÍ muni bandalagið vinna af heilindum með sveitarfélögunum að yfirfærslu málaflokksins. „Við munum leggja okkur fram um að þetta gangi vel fyrir sig og höfum ráðið sérstakan starfsmann til að sjá um það. Sveitarfélögin virðast ætla að vanda sig og ég vil til dæmis hrósa þeim fyrir að senda starfsfólk á námskeið í fötlunarfræðum.“

VALSMENN
FJÁRFESTINGAFÉLAG

# Aðalfundur Valsmanna hf

Aðalfundur Valsmanna hf. verður haldinn þriðjudaginn 28. desember, n.k. kl. 19:00 að Hlíðarenda.

Dagskrá aðalfundar er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og verður sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar vegna liðins starfsárs
2. Ársreikningur félagsins
3. Ákvörðun um hvernig fara eigi með hagnað/ tap ársins
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
5. Kjör stjórnar
6. Kjör endurskoðanda
7. Önnur mál



# Jólin í Betra Baki...

## Full búð af jólatilboðum

**Opið til tíu !**






**Opið til jóla:**
21. -22. des. frá kl. 10-22
Þorláksmessa frá kl. 10-23
Aðfangadagur frá kl. 10-12

### Heilsuinniskór
Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt undir allt fótasvæðið.

Parið kr. 3.900,-
2 pör kr. 6.980,-
3 pör kr. 9.990,-




### TempraKON® Dúnsokkar
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! Ótrúlega vinsæl jólagjöf!

kr. 5.990,-
**Nýr litur**




### Sængurvera-sett 15-30% afsláttur
Hágæða Maco-satín efni og þú sefur vel um jólin!

**Fullar hillur af nýjum litum**



### TEMPUR Stillanleg heilsurúm
Ný sending - betra verð. Eitt mesta úrval landsins!

Frábær jólatilboð
Verð frá
kr. 492.000,-
2x80x200

**Betra BAK**

www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

### TempraKON® Hitajöfnunar-sængin
Outlast hiajöfnunarefnið sér til þess að þér er hvorki of heitt né kalt! 100% hreinn gæsadúnn.

Jólatilboð
aðeins kr. 29.900,-






**FRÉTTASKÝRING:** Kosningar í Hvíta-Rússlandi



**VIÐ FANGELSISMÚRANA** Ættingjar og vinir reyndu að fá fréttir af hinum handteknu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

# Lúkasjenkó sakaður um kosningasvindl

**Síðasti einræðisherra Evrópu tryggði sér völdin í Hvíta-Rússlandi fjórða kjörtímabilið í röð með kosningasigri, sem fáir telja þó marktækan. Sjö mótframbjóðendur forsetans voru handteknir ásamt hundruðum mótmælenda.**

„Lögleysa, einræði – hvað annað er hægt að kalla þetta,“ segir Natalia Pohodnja, móðir í Hvíta-Rússlandi, sem beið fyrir utan fangelsið í Minsk, þar sem sonur hennar var í haldi. „Það er verið að berja börnin okkar.“

Sonurinn hafði verið viðstaddur mótmæli sem stjórnarandstaðan efndi til að kvöldi kjördags í Minsk, þegar Alexander Lúkasjenkó forseti hafði tryggt sér völdin fjórða kjörtímabilið í röð.

Tugir þúsunda tóku þátt í mótmælunum gegn kosningasvindli og voru hundruð þeirra handtekin, þar á meðal sjö þeirra sem buðu sig fram til forsetaembættisins gegn Lúkasjenkó. Anatólí Kúlesjov, talsmaður innanríkisráðuneytis landsins, segir að þeir sem skipulögðu þessar „fjöldatruflanir“ geti átt yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsi.

Flytja þurfti einn mótframbjóðendanna, Vladimír Nekljajev, á sjúkrahús, en aðstoðarmaður hans segir að stuttu síðar hafi sjö borgaralega klæddir menn komið á sjúkrahúsið, vafið utan um hann teppi og flutt burt meðan eiginkona hans mótmælti hástöfum þessari meðferð.

Opinber niðurstaða bráðabirgðatalningar atkvæða var sú að Lúkasjenkó hefði hlotið nær 80 prósent atkvæða. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE, sagði hins vegar talningu atkvæða verulega ábótavant í helmingi kjördæma, þannig að kosningaúrslitin teldust vart marktæk. Stofnunin fylgdist með framkvæmd kosninganna.

ÖSE fordæmdi sömuleiðis ofbeldi lögreglunnar þegar hún dreifði mannfjöldanum sem tók þátt í mótmælafundinum á sunnudagskvöld.

Leiðtogar Bandaríkjanna og margra Evrópuríkja fordæmdu Lúkasjenkó einnig fyrir það ofbeldi sem mótframbjóðendur hans og stuðningsmenn þeirra urðu fyrir að kvöldi kjördags.

## Hvíta-Rússland




© GRAPHIC NEWS

Hvíta-Rússland er landlukt ríki milli Rússlands, Úkraínu, Póllands, Litháens og Lettlands. Íbúar landsins eru nærri tíu milljónir, en að flatarmáli er það tvisvar sinnum stærra en Ísland, um 207 þúsund ferkílómetrar.

Hvíta-Rússland tilheyrði fyrr á öldum meðal annars furstadæmi Litháens og síðar rússneska keisaraveldinu, en varð sjálfstætt ríki um stutt skeið fyrstu árin eftir fyrri heimsstyrjöldina. Milli stríða tilheyrði vesturhlutinn Póllandi en austurhlutinn Sovétríkjunum. Með samningi Stalíns og Hitlers sumarið 1939 náðu Sovétmenn vesturhlutanum einnig undir sig og höfðu þar með allt Hvíta-Rússland á sínu valdi þar til Sovétríkin hrundu árið 1991.

Síðan þá hefur Hvíta-Rússland verið sjálfstætt ríki, en fyrstu forsetakosningarnar voru þó ekki haldnar fyrr en 1994. Fram að því var Stanislau Sjúskevitsj forseti landsins og vann að róttækum markaðsumbætum að hætti Boris Jeltsín, forseta Rússlands. Eftir að Lúkasjenkó tók við hægði á markaðsumbótum og hafa stuðningsmenn forsetans talið honum til tekna að hafa komið í veg fyrir að Hvít-Rússar yrðu fórnarlömb þess sama umróts í efnahagsmálum og Rússar þurftu að ganga í gegnum.

Lúkasjenkó átti engu að síður gott samstarf við Jeltsín, en eftir að Vladimír Pútín varð forseti Rússlands árið 2000 versnuðu samskipti ríkjanna nokkuð. Hvít-Rússar eru háðir Rússum um hráefnisinnflutning og orku og fengu þessar nauðsynjar lengi vel á sérkjörum, en Pútín hefur reynt að fá þá til að greiða sama verð fyrir þær og aðrar þjóðir greiða.

Lúkasjenkó hefur þess í stað reynt að komast í náðina hjá Vesturlöndum, en með takmörkuðum árangri. Þær tilraunir gaf hann þó upp á bátinn í bili nú fyrir fáum vikum þegar Rússar samþykktu að fella niður tolla á olíu sem Hvít-Rússar kaupa.



**ALEXANDER LÚKASJENKÓ** Forseti Hvíta-Rússland heldur fast um stjórnartaumana. NORDICPHOTOS/AFP

Alexander Lúkasjenkó er 56 ára og hefur verið forseti Hvíta-Rússlands í sextán ár. Þetta er í þriðja sinn sem Lúkasjenkó efnir til forsetakosninga eftir að hann tók við völdum fyrir sextán árum. Í bæði fyrri skiptin hlaut hann vel yfir 80 prósent atkvæða og í bæði skiptin, rétt eins og nú, var hann harðlega gagnrýndur fyrir að hagræða úrslitunum sér í hag.

„Með þessum kosningum tókst ekki að færa Hvíta-Rússlandi það nýja upphaf, sem þurft hefði,“ hafði fréttastofan AP eftir Tony Loyd, einum yfirmanna kosningaeftirlits ÖSE í Hvíta-Rússlandi. „Talningin var ógegnsæ. Íbúar Hvíta-Rússlands eiga betra skilið og ég reikna með því að nú geri stjórnin grein fyrir handtökum forsetaframbjóðenda, fréttamanna og baráttufólks fyrir mannréttindum.“

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



*JS Watch co.*
REYKJAVIK

## ÞAR SEM MEST Á REYNIR...





### JS WATCH CO. REYKJAVIK OG LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS Í SAMSTARFI

Fyrr á þessu ári afhenti JS Watch co. Reykjavik starfsmönnum Landhelgisgæslunnar, áhöfnum loftfara, sprengjusérfræðingum og köfurum armbandsúr sem bera nafnið Sif N.A.R.T. eða Sif the NORTH ATLANTIC RESCUE TIMER, í höfuðið á björgunarþyrlunni TF-SIF sem áætlað er að hafi bjargað um 250 mannslífum á þeim 22 árum sem hún var í rekstri.

Með verkefninu eru íslensk stofnun og íslenskt fyrirtæki að vinna saman að sameiginlegum hagsmunum, þ.e. öryggistæki fyrir Landhelgisgæsluna og vöruþróun og gæðastimpli fyrir JS Watch co. Reykjavik. Markmið JS Watch co. Reykjavik með úrinu er að endurspegla seiglu og þrautseigju við hvaða aðstæður sem upp geta komið.

Úrið er hannað og smíðað með það fyrir augum að standast þær gæðakröfur sem Landhelgisgæslan gerir til þess búnaðar sem þeir vinna með og treysta.

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - tel: 551-4100

JS WATCH CO. REYKJAVIK - LAUGAVEGUR 62 - 101 REYKJAVIK - ICELAND - WWW.JSWATCH.COM


ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI
Þú finnur jólagjöfina
CASIO EX-H5
· 12,1 milljón pixlar
· 10x aðdráttarlinsa (27-240mm)
· Super Clear 2,7" TFT LCD skjár
· 14 myndstillingar – Auto bestshot
· Hristivörn - CCD Shift stabilization
· Videoupptaka með hljóði 16:9
· Háskerpu upplausn(1280x780)
· Lithium rafhlaða endist allt að 1000 myndir
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgi
Verð: 35.900 kr.
OLYMPUS FE 4050
· 12 milljón pixlar
· 4x(wide) aðdraáttur
· Linsa 27-108mm
· Skjár LCD 6,9cm (2,7")
· 14 handhægar tökustillingar
· Face Detection
· Videoupptaka með hljóði
· Lithium hleðslu rafhlaðahlaða í vél
Verð: 18.900 kr.
Nintendo
SNERPA·SPENNA·SNILLD
Wii -LEIKJATÖLVAN
SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET
Verð frá kr. 39.900,-
Nintendo
SNERPA·SPENNA·SNILLD
DS Lite - LEIKJATÖLVAN
EIN ALLRA VINSÆLASTA
LEIKJATÖLVA HEIMS
Verð kr. 24.900,-
Wii Fit Plus
BOARD
Taktu
líkamsræktina
heima í stofu
Wii Fit Plus
Verð: 22.900,-
CASIO EX-Z350
· 12.1 milljón pixlar
· 4x aðdráttarlinsa (27-108mm)
· Stór 6,9cm (2,7") LCD skjár
· 23 myndstillingar – Auto bestshot
· Videoupptaka með hljóði
· Hleðslutæki og hleðslurafhlaða fylgir
Verð: 27.900 kr.
TILBOÐ: 22.900 kr.
OLYMPUS E-PL1
12.3 milljón pixlar · Hraður 11 punkta sjálfvirkur fókus · 3,0 rammar á sekúndu – allt að 5 myndir í RAW á buffer · Sjö upplausnarmöguleikar á mynd · Hristivörn í vél · "Dust Reduction System" rykfríar myndir · HD upptaka 720 p · HDMI tengi · Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir · Linsa fylgir 14-42 mm
Verð: 84.900 kr.
SANGEAN
GÖNGUÚTVÖRP
Mikið úrval af útvörpum fyrir útiveruna
Verð frá: 4.990,-
SCOTT RX19RD
VANDAÐ OG FLOTT ÚTVARP
TILBOÐ: 7.900 kr.
Verð: 9.900 kr.
CMX118
VEKJARAKLUKKA
Verð: 4.990,-
SCOTT
FRÁBÆR FERÐATÆKI
· CD-R/RW, Audio CD · FM útvarp
Verð frá: 10.900,-
OLYMPUS MJU TOUGH 3000
· 12 milljón pixlar · 3,6 x aðdraáttur
· Linsa 28-102mm · Skjár LCD (Hyper Crystal III)
· 19 handhægar tökustillingar
· Höggheld 1,5m · Vatnsheld 3m dýpi · Frostþolin 10°
· Face Detection· Videoupptaka með hljóði
· Hristivörn · Macro stilling · Notar SD og SDHC minniskort · 1GB innra minni · Lithium hleðslurafhlaða
Verð: 29.900 kr.
Verbatim VE47512
FÍNN FLAKKARI
· 1TB geymsluminni · USB 2
· Nero backup hugbúnaður fylgir
TILBOÐ: 15.900 kr.
Verð: 18.900 kr.
Verbatim VE47540
SJÓNVARPSFLAKKARI
MEÐ UPPTÖKU · 1TB
Verð: 39.900 kr.
Skullcandy
Mikið úrval af
heyrnatólum
Verð frá: 3.990,-
DMTECH LW19LE-HD/B
SJÓNVARP +DVD spilari
19" LCD-SJÓNVARP
með innbyggðum DVD spilara og DVB-T móttakara • FULL HD 1920x1080
TILBOÐ: 59.900 kr.
Verð: 69.900 kr.
SAMSUNG SPF-71 ES
STAFRÆNN MYNDARAMMI
7" hvítur skjár · 1 GB minni
Tekur SD kort · USB Inngangur
Verð: 17.900,-
SCOTT DPX1071S
DVD FERÐASPILARI
7" LCD skjár –16:9 · MPEG4/Xvid · Tekur SD/MMC/MS kort · Lithium Battery –2 klukkutímar · 12 V tenging fyrir bíl fylgir
Verð: 23.990,-
SCOTT IWH120
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Geislaspilari · AM/FM útvarp · Spilar og hleður Ipod/Iphone · USB Inngangur · SD Inngangur · Klukka · 12w hátalarar
Verð: 29.990,-
SHARP XL-UH1H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x10 W RMS · AM/FM útvarp/RDS/40 stöðva minni · Vekjaraklukka · USB tengi
Verð: 28.990,-
SHARP XL-HF100H
MJÖG FLOTT STÆÐA
Geislaspilari · Spilar MP3, CD-R/RW · Magnari: 2x50 W RMS · USB afspilun · AM/FM útvarp
Verð frá: 54.990,-
COBY MP200
MP3 SPILARI
Innbyggt minni 2 GB
Verð: 5.990,-
SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI
Verð frá kr. 2.790,-
Pioneer DCS-202K
5.1 rása með DVD spilara · HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið · Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX ·USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minniskubbum, MP3 spilurum o.fl. · Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surround-kerfi · Karaoke möguleiki · FM útvarp með RDS
HEIMABÍÓKERFI
með öllu – þau gerast ekki betri!
Verð kr. 69.900,-
SAMSUNG R530-JA06SE
VÖNDUÐ FARTÖLVA
Á MJÖG FÍNU VERÐI
15,6" LED glossy · 1366 x 768 · Celeron T3300 · Intel GMA 4500 dual core · Vinnslum: 2GB · Harðd: 250GB · DVD-RW · Windows 7 Home
Verð: 89.900,-
SAMSUNG FX-2490
24" LED SJÓNVARP
HD Háskerpa: 1920 x 1080 p · Skerpa dynamic: 5.000.000:1 · Mynd í mynd (1 tuner ) · Afspilun úr USB; bíómyndir, ljósmyndir, tónlist · Tengi: HDMI, CI slot, Comp, Scart, VGA
Verð: 89.900,-
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160



**UPPI Á STÓL** Bjúgnakrækir leiddi börnin inn í lagið Jólasveinar ganga um gólf, og þau tóku undir með miklum tilþrifum, eins og sjá má á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# *Börnin stytta stranga biðina eftir jólunum*

**Það getur reynst ungviðinu óbærilegt að bíða eftir að jólin gangi loksins í garð.** *Gunnar V. Andrésson* **og** *Vilhelm Gunnarsson* **mynduðu krakkana þar sem þeir styttu sér stundir fram að hátíðinni.**



**ÁNÆGÐUR MEÐ BJÚGUN** Hugulsamt barn hafði bjúgu meðferðis á Þjóðminjasafnið og færði Bjúgnakræki, sem þangað var kominn til að heilsa upp á krakkana. Hann þáði lostætið með þökkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**MARK!** Krakkarnir búa sig undir jólin með ólíkum hætti. Þessir piltar tóku þátt í fótboltamóti á vegum Breiðabliks sem haldið var í Fífunni í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ / VILHELM



**ENGLAR Í RÖÐUM** Deilt hefur verið um hvort trúin eigi erindi í skólastarf en nemendur í Fossvogsskóla láta það sem vind um eyru þjóta og settu í gær á svið helgileik eins og tíðkast um jól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA








**JÓLIN Á ÍS** Það var hátíðarstemning í Skautahöllinni í Laugardal í gær. Stóreflis jólatré hafði verið komið fyrir á ísnum og börnin löðuðust að því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SILVIA borðstofustóll**
Glæsilegur borðstofustóll með brúnu PU áklæði. Nú á frábæru jólatilboði. Komdu og gerðu góð kaup!

33% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 8.995,-

**5.995,-**



90% DÚNN

**TRIVOR sæng**
Gæða andadúnssæng fyllt með 90% af hvítum andadúni og 10% af hvítum andafjöðrum. Sængin er saumuð í 5 x 7 ferninga með 3 sm. háum veggjum á milli hólfa sem gefa fyllingunni meira pláss og halda jafnari hita. Þolir þvott við 60°C. Sæng: 140 x 200 sm. Þyngd: 950 g.
**Einstök gæði!**

STÆRÐ: 140 X 200 SM.

**12.950,-**

# ALLT Í JÓLAPAKKANN!

TILBOÐIN GILDA 21.12 - 24.12



25% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 1.995,-

**1.495,-**

**Inniskór fyrir herra**
Góðir inniskór fyrir herrana. Stærðir: 40-46.



20% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 1.995,-

**1.595,-**

**VULCANO og QUADRO borðlampi**
Fallegir borðlampar með hvítum skermi.



140 X 200 SM.

**2.495,-**

**ALMA flísteppi**
Töff flísteppi með fallegu og sígildu mynstri.
Stærð: 140 x 200 sm.



SPARIÐ 500

SKÓR ÁÐUR: 2.995,-

**2.495,-**

**Ballerínuskór**
Flottir og sparilegir skór fyrir dömur á öllum aldri! Stærðir: 22 - 38.



32% AFSLÁTTUR

ÁÐUR: 595,-

**399,-**

**Púsl**
Flott púsl fyrir yngstu kynslóðina á frábæru verði!



41% AFSLÁTTUR

1 PAR ÁÐUR: 1.695,-

**995,-**

**Inniskór**
Mjúkir og góðir inniskór, fást í 6 mismunandi litum.
Stærðir: 36-42.



4 STK.

**795,-**

1 STK.

**695,-**

**Kerti í miklu úrvali**
4 flott og jólaleg kerti með skrauti. Nokkrir litir. Hæð: 24 sm. **795,-** Kubbakerti stærð: 6 x 18 sm. 1 stk. **695,-**



ÁÐUR: 1.495,-

**995,-**

33% AFSLÁTTUR

**KRESTA sængurverasett**
Töff, straufrítt sængurverasett. Tölur að neðan. Efni: 55% polyester/45% bómull. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.



**Hestaklukka**
Flott klukka sem gengur fyrir rafhlöðum.
Hæð: 24 sm.

ÁÐUR: 2.995,-

**1.995,-**

33% AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

OPIÐ TIL 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tillögur um takmörkun á skógrækt eru af sama toga og ofsóknirnar gegn lúpínunni.

## Fábreytni í nafni fjölbreytni?

Í drögum að breytingum á lögum um náttúruvernd, sem umhverfisráðherra hefur lagt fram til kynningar, eru lagðar til miklar og strangar takmarkanir meðal annars á skógrækt og landgræðslu. Það má raunar fremur lesa það á milli línanna en að það sé sagt beinum orðum, en tillögurnar gera ráð fyrir að öll notkun erlendra trjá- og plöntutegunda við skógrækt og landgræðslu verði háð ströngum skilyrðum og mikilli skriffinnsku og umhverfisráðherra geti lagt við henni blátt bann.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Skilgreiningarnar í frumvarpinu lúta að því að skilgreina allar tegundir, sem menn hafa flutt til landsins, sem annars flokks. Þannig eru lífverur sem koma náttúrulega fyrir í vistkerfum landsins skilgreindar sem „lífverur sem hér voru til staðar við landnám og lífverur sem síðan hafa borist til landsins af eigin rammleik og haslað sér völl í lífríki þess án íhlutunar manna“. Í tilviki plantnanna er miðað við útgáfu Flóru Íslands frá 1948, þ.e. áður en innflutningur margvíslegra erlendra plöntutegunda hófst að ráði. Þetta bendir til að frumvarpshöfundar vilji helzt hafa gróðurfar á Íslandi eins og það var fyrir sextíu árum.

Ekki virðist heldur mikið gert úr því þrotlausa starfi sem skógræktarfélögin hafa unnið áratugum saman, mikið til með erlendum trjátegundum, sem hafa stórbætt land- og lífsgæði á Íslandi. Þannig segir í frumvarpinu: „Land sem er þaulræktað, svo sem tún, akrar eða skógræktarsvæði sem í hefur verið plantað framandi trjátegundum, telst ekki náttúrulegt.“

Skógrækt ríkisins, ein af undirstofnunum umhverfisráðuneytisins, lízt augljóslega ekki á tillögurnar og spyr á heimasíðu sinni hvort menn vilji banna skógrækt. Þar er skógræktarfólk hvatt til að kynna sér frumvarpsdrögin og segja sitt álit. Stöð 2 sagði frá málinu í gær og ræddi við Aðalstein Sigurgeirsson, forstöðumann Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins á Mógilsá. Aðalsteinn segir „ströngustu hreintrúarmenn í náttúrufarsmálum“ ráða för við frumvarpssmíðina og úr drögunum megi lesa að þar séu „mikil öfgasjónarmið“ ríkjandi.

Þetta er kannski djúpt í árinni tekið, en svo mikið er víst að hér eru á ferð róttæk sjónarmið, í bókstaflegri merkingu þess orðs. Við frumvarpssmíðina virðist hafa verið tekin afstaða gegn því mikla og merkilega átaki, sem gert hefur verið í landgræðslu og skógrækt undanfarna áratugi, meðal annars með því að finna erlendar trjá- og plöntutegundir sem henta vel íslenzkum aðstæðum. Þessar hugmyndir eru af sama toga og ofsóknirnar gegn hinni frábæru landgræðslujurt, lúpínunni, sem umhverfisráðherra beitir sér nú fyrir.

Undarlegast af öllu er að þessar tillögur skuli settar fram í nafni líffræðilegar fjölbreytni, því að ef þær ná fram að ganga munu þær augljóslega valda meiri fábreytni í flóru Íslands.

Það er full ástæða fyrir hinn stóra hóp landgræðslu- og skógræktarfólks, sem vill lífríki Íslands vel, til að láta í sér heyra vegna þessara hugmynda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft…

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Rýnt í Árna

Út er komið nýtt hefti öndvegisritsins Þjóðmála. Þar kennir ýmissa grasa, en meðal þess allra bitastæðasta er dómur um bókina Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar, eftir Árna sjálfan og Þórhall Jósepsson. Það er sannarlega þarft verk að rýna í bækur sem umdeildir menn skrifa um sjálfa sig og ritstjórinn Jakob F. Ásgeirsson hefur því fengið einvala mann í verkið: Einar K. Guðfinnsson, sem sat í ríkisstjórn með Árna í fjögur ár og var þar áður formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins.

### Árni upptekinn?

Í fljótu bragði kemur aðeins einn maður upp í hugann sem hefur betri forsendur en Einar til að meta bókina. Það er Árni M. Mathiesen sjálfur. Hann hefur líklega verið upptekinn þegar Jakob hringdi.



### Forföll til styrkingar

Í ljós hefur komið að varamaður Þráins Bertelssonar á þingi, Katrín Snæhólm Baldursdóttir, styður ekki ríkisstjórnina. Það þarf ekki að koma á óvart, enda bauð hún sig fram fyrir Borgarahreyfinguna. Þetta þýðir hins vegar að Þráinn má ekki forfallast án þess að hætta á að stjórnarmeirihlutinn falli. Þeim sem óttast þetta ástand er kannski huggun í því að varamenn Atla Gíslasonar, Ásmundar Einars Daðasonar og Lilju Mósesdóttur buðu sig allir fram fyrir Vinstri græna og styðja því líklega stjórnina. Ef þremenningarnir forfallast ætti stjórnarmeirihlutinn því að styrkjast.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Lofaði Samfylking að svíkja?

Borgarmál



Gísli Marteinn Baldursson
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Capacent spurði borgarbúa í október hvaða þjónustu Reykjavíkurborg þyrfti helst að bæta. Það atriði sem flestir nefndu var að það þyrfti að bæta almenningssamgöngur, tæp 16%. Ég hef ekki séð neina umfjöllun um þessar merkilegu niðurstöður. Meira en þúsund Reykvíkingar voru í úrtakinu og 77% svöruðu. Númer tvö á listanum yfir þjónustu sem Reykjavíkurborg þyrfti helst að bæta var þjónusta við eldri borgara. Númer þrjú var svo: „Göngu-/hjólastígar/stuðningur við bíllausan lífsstíl.“ Tæp 13% nefndu það.

Það eru þess vegna heldur kaldar kveðjur sem meirihlutinn í Reykjavík sendir borgarbúum með því að skera niður þjónustu Strætó. Hækkun á fargjöldum og lélegri þjónusta er það sem borgarbúar fá, jafnvel þótt þeir séu á sama tíma látnir borga meira í sameiginlega sjóði Reykjavíkur. Þessi meirihluti lofaði því í málefnasamningi að „efla almenningssamgöngur og auka tíðni“.

Í kosningaloforðum Samfylkingarinnar í vor sagði: „*Strætisvagnar eiga að ganga á 10 mínútna fresti á álagstímum. Þeir ganga alla daga ársins.*“ Ekkert hefur verið gert til að uppfylla þessi loforð, heldur eru framlög til Strætó verulega skorin niður í fyrstu fjárhagsáætlun þessa sama flokks. Þeir fáu dagar sem akstur hefur verið felldur niður eru áfram strætólausir, þótt Samfylkingin hafi komist til valda.

Síðast þegar Samfylkingin var í meirihluta í Reykjavík, í R-lista brallinu, var stöðugt talað um betri almenningssamgöngur. En mikill munur var á orðum og efndum. Á þeim tíma versnaði nefnilega þjónusta Strætó og farþegum fækkaði sífellt.

Undanfarið hafa hins vegar vaknað vonir um að þetta væri að breytast. Fleira fólk nýtir sér nú Strætó, þjónustan hefur batnað með auknum forgangi í umferðinni, góðu viðmóti vagnstjóra, merktum biðskýlum og nemakortum fyrir námsmenn, svo fátt eitt sé nefnt. Borgarbúar átta sig vel á mikilvægi almenningssamganga, líka þeir sem ekki nota þær. Hver og einn fullur Strætó í morgunumferðinni er í raun að fækka bílum á götunum um 60-70, miðað við að notendur hans væru ella akandi. Það er auðvelt að sjá fyrir sér hversu slæmt ástandið væri á götunum ef Strætó nyti ekki við. En einmitt þegar jákvæð teikn virðast á lofti ákveður meirihlutinn í Reykjavík að ganga á bak orða sinna og skerða þjónustu Strætó.

Lofaði Samfylkingin líka að svíkja öll loforðin sín?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Úrræði úrræðaleysisins

Í DAG
Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Nú, þegar hátíð kærleika og friðar er að ganga í garð, er eins og ríkisstjórn landsins og flokkarnir sem að henni standa séu búnir að týna áttavitanum. Að venju er hampað því sem hentar hverju sinni, þótt það stangist á við fyrri yfirlýsingar og vandaða stjórnarhætti. Samkvæmt stjórnarskrá eru alþingismenn ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni. En þessa dagana eru skilaboðin þau að flokkshollusta sé öllu æðri. Þeir sem eru trúir eigin sannfæringu eru settir í skammarkrókinn af forsætisráðherra og talað um þá eins og þeir séu ekki á vetur setjandi. Ráðherrann er sem fyrr ófeimin við að flagga því hverjir eru henni að skapi og hverjir ekki, og kórinn tekur undir.

**Ég ræð**

Það er næstum því spaugilegt að hlusta á stjórnarsinna tala eins og þeir séu í heiðarlegu deildinni. Allt öðruvísi en spillta liðið sem stjórnaði áður, rétt eins og hrösun eins sé upprisa annars. Sjálfumgleðin og valdavíman er grímulaus. Ráðherra sem stendur í ræðustól og segir glaðhlakkalega: „Nú ráðum við! Aðrir flokkar komast ekki í stjórn á næstu árum,“ er ekki traustvekjandi. Ekki heldur sá sem segir með þótta: „Ég ræð!,“ þegar málefni viðkomandi ráðuneytis eru til umfjöllunar. Svona getur fólk talað í saumaklúbbum og heima hjá sér, en það er býsna mikil gengisfelling á ráðherra í ræðustól sem vill láta taka sig alvarlega.

Um leið má kannski taka ofan fyrir viðkomandi fyrir að vera ekki að fela valdagleðina. Viðurkenna þannig að hann er sjálfur gagntekinn af því sem hann sakar aðra um. Og það má ríkisstjórnin eiga að hún hefur ekki farið í felur með hvað það er sem bindur hópinn saman. Við hverja þúfu sem hefur orðið á leið hennar hafa forystumenn hennar staldrað við og horft einbeittir og alvörugefnir í myndavélar fjölmiðlamanna og fullvissað þjóðina um að hvað sem í skærist færi ríkisstjórnin ekki frá. Því mætti treysta.

> Árin fyrir hrun var mikil stemning fyrir nýju fólki. Ungu fólki. Og það var skipt út með hraði í ýmsum stofnunum til að virkja þróttinn og menntunina. Allir vita hvernig það fór.

**Er nýtt endilega betra?**

Umræðan um nýtt fólk til ábyrgðar er á sveimi hér og þar. Árin fyrir hrun var mikil stemning fyrir nýju fólki. Ungu fólki. Og það var skipt út með hraði í ýmsum stofnunum til að virkja þróttinn og menntunina. Allir vita hvernig það fór.

Nýtt er ekki endilega betra. Það sem okkur gengur svo illa að skilja er að manneskjan er alls staðar eins. Ákveðnar aðstæður kalla fram eitthvað sem blundar í hverjum og einum. Stundum skapandi kraft og nýja sýn á tilveruna, og stundum oflæti sem getur freistað þeirra sem veikir eru fyrir til misnotkunar á valdi. Í slíkri stöðu gleyma sumir að þessi staða er tímabundin. Kápa sem maður klæðist um tíma og leggur svo frá sér, og því varasamt að samsama sig tímabundnu stöðuheiti.

Fyrir tíma prófkjaranna var meiri breidd í þingliðinu en nú er. Þingmenn voru á öllum aldri, með þekkingu og reynslu á því sem máli skipti, landbúnaði, sjávarútvegi, iðnaði, listum, menningu og íþróttum, og skildu lögmál atvinnulífsins. Þetta var ekki endilega fólk sem sóttist eftir að komast á þing, kannski fólk sem aðrir sóttust eftir að fá þangað.

Sitjandi ríkisstjórn virðist vilja hafa vit fyrir almenningi, sem er reyndar einkenni á vinstri stjórnum. Við þurfum því að vera á vaktinni. Ef við værum svipt frelsinu fyrirvaralaust myndum við finna fyrir því og veita viðnám, en þegar ríkisforsjánni er smeygt á okkur smám saman tökum við ekki eftir því fyrr en ekki verður aftur snúið. Kannski erum við nú þegar skref fyrir skref að afsala okkur frelsi í skiptum fyrir ríkisforsjá, án þess að taka eftir því.

Þeir sem komast til valda og ráða ferðinni í krafti stjórnmála eru kannski einstaklingar sem lítið eða ekkert vit hafa á atvinnulífinu. Og það eru þessir menn sem setja atvinnulífinu starfsskilyrði. Atvinnusaga landsins er vörðuð einkaframtaksmönnum sem með dirfsku og framsýni lögðu allt undir í uppbyggingu atvinnulífsins og brautryðjendastarfi á ýmsum sviðum. Engar félagslegar lausnir koma í staðinn fyrir slíka menn. Boð og bönn eru úrræði úrræðaleysisins.

AF NETINU

## Merkileg yfirlýsing

Yfirlýsing Ólafs Ragnars um að hann muni ákveða hvort hann skrifar undir Icesavelögin í lok janúar er nýmæli. Aldrei áður hefur forseti gefið í skyn að hann muni hugsanlega ekki samþykkja lög áður en Alþingi hefur svo mikið sem byrjað umræður um þau.

Í framhaldi af þessu getur maður spurt hvort ekki sé einfaldast fyrir Jóhönnu og Steingrím að fara á Bessastaði, ræða við Ólaf og spyrja hvað þurfi til að hann gefi samþykki sitt – eða hvaða líkur séu á því?

Hvað sem mönnum finnst, þá er ljóst að þetta er ný staða í íslenskri stjórnskipan. Ólafur höndlar embætti sitt með allt öðrum hætti en forverar hans. Þingræðið sem hefur verið meginreglan í stjornskipuninni fer minnkandi – en að sama skapi aukast völd þjóðhöfðingjans. Þetta hefur gerst fyrir rammleik Ólafs Ragnars sjálfs – og það er greinilegt að hann telur sig eiga að halda áfram á þeirri braut.

Það verður forvitnilegt að sjá hvernig stjórnlagaþing tekur á þessu, því þarna eru mál sem vissulega þarf að skýra.

silfuregils.eyjan.is

**Egill Helgason**

Mannlífið blómstrar í miðborginni
Forvitnilegar verslanir, vinalegt afgreiðslufólk, notaleg veitingahús og fjölbreytileiki mannlífsins er meðal þess sem gerir miðborgina jafn fjölsótta og hún er.
OPIÐ TIL 22
Þú finnur frumlegar og öðruvísi jólagjafir í miðborginni, kakó- og hnetuilm og glaðlega jólastemningu, söng og skemmtun!!!
Ungfreyjukórinn Jólasystur skemmtir víðs vegar í dag frá kl.15. Þær byrja í Kvosinni og stefna upp á við og verða í Jólabænum á Hljómalindarreit kl. 16:00.
Jólasveininn Hurðaskellir heldur uppi stemningu í Jólabænum frá kl. 15:30 og fær í heimsókn góða gesti.
Auk Jólasystra kl. 16:00 koma nýsjálensku hálfbræðurnir Bjarni Töframaðu fram með frumsamin lög kl. 16:30, Copy & Paste kl. 17:15 og Captain Cook kl. 18:00.
Miðborgin okkar - aðeins svalari
BORGUN
MIÐBORGIN OKKAR

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI HALLDÓR BALDURSSON
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
vísir.is

KJÓI
ungbarna peysa
Verð: 7.800 kr.
Stærðir: 62-86
100% Extrafine Merino ull

Hlý og notaleg hneppt peysa fyrir þau yngstu úr sérstaklega fíngerðri 100% Merino ull. Kláðafrí ull.
66° NORÐUR

KJÓI
ungbarna húfa og vettlingar
Verð: 2.900 kr./ stk.
Stærðir: 1-2
100% Extrafine Merino ull

Hlýir og mjúkir aukahlutir fyrir ungabörn úr sérlega fíngerðri 100% Merino ull. Kláðafrí ull.
66° NORÐUR

IÐUNN
barna húfa, trefill og vettlingar
Verð: 3.800 kr./ stk.
Stærðir: 1-2-3
100% Extrafine Merino ull

Hlýir og mjúkir aukahlutir fyrir börn úr sérlega fíngerðri 100% Merino ull. Kláðafrí ull.
66° NORÐUR

# Efling heilsu og hjúkrunarþjónusta

Heilsugæsla

Dr. Sólfríður Guðmundsdóttir

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði



Á Alþingi hafa komið fram hugmyndir um nýja heilbrigðisstétt til að leysa þjónustuvanda hjá heilsugæslustöðvum (Fréttablaðið 9. des. sl.). Fram kom að þingmenn allra flokka voru sammála um mikilvægi þess að sem flestir sjúklingar leituðu til heilsugæslunnar með vandamál sín áður en sótt væri í dýrari þjónustu hjá sérfræðilæknum eða á sjúkrahúsum. Þannig er heilbrigðiskerfið einmitt byggt upp, því heilsugæslustöðvar eru grunnþjónusta sem á að vera fyrsti viðkomustaður neytenda. Flestir sem leita til heilsugæslustöðva panta tíma hjá læknum vegna sjúkdómseinkenna eða veikinda og þurfa nú í mörgum tilfellum að bíða lengur en áður til að komast að. Margir átta sig ekki á því, að á flestum heilsugæslustöðvum starfa hjúkrunarfræðingar sem vinna með skjólstæðingum við að leysa heilsuvanda eða vísa áfram til annarra heilbrigðisstétta eins og þurfa þykir. Best væri að hugsa vel um að halda heilsunni í stað þess að þurfa að laga það sem fer úrskeiðis, líkt og markvissar eldvarnir fyrirbyggja stórbruna. Eru þingmenn og þjóðin tilbúin til að breyta áherslum frá „sjúkdómavæðingu“ í „heilsuvæðingu“ með því að fjölga fyrirbyggjandi úrræðum og hefja markvissa heilsueflingu?

Oft var þörf en nú er nauðsyn á að efla forvarnir og stunda heilsusamlegt líferni til að fyrirbyggja heilsutap og sjúkdóma. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna Hjartaverndar hefur meðalþyngd Íslendinga aukist jafnt og þétt undanfarin 40 ár með alvarlegum afleiðingum, t.d. vaxandi offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki-2. Þótt þessi staðreynd hafi lengi verið þekkt og mikið rædd hefur vandamálið ekki lagast, þrátt fyrir að stjórnvöld hafi t.d. sett á sykurskatt til að draga úr mikilli sykurneyslu landsmanna. Sjálfskapaðir sjúkdómar fara vaxandi vegna kyrrsetu og óhollra lífshátta. Fólk þarf að taka ábyrgð á eigin heilsu. Þekkingin á því hvernig bæta má heilsuna er til staðar hjá fagfólki en auka þarf almenna heilsufræðslu, heilsulæsi, stuðning og ráðgjöf til almennings. Einnig þarf að athuga hvernig fjármunum sem fara til heilbrigðismála er varið. Samkvæmt nýlegum tölum OECD eru opinber útgjöld til heilbrigðismála sem hlutfall af landsframleiðslu hæst á Íslandi (8,8%) af OECD-ríkjum (6,4%). Hlutdeild hins opinbera í heildarútgjöldum til heilbrigðismála á Íslandi (83,5%) er umtalsvert hærri en að meðaltali í OECD-ríkjunum (73%). Heildarútgjöld til heilbrigðismála á hvern íbúa á Íslandi nema 3.159 Bandaríkjadölum sem jafngildir um 370 þúsund íslenskum krónum á mann. Bandaríkjamenn hafa reiknað út að fyrir hvern dollar sem þeir nota til forvarna spara þeir 3,58 dollara í sjúkraþjónustu.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur lagt áherslu á að hjúkrunarfræðingar gangi á undan með góðu fordæmi og efli eigin heilsu til að geta verið í stakk búnir til að hjúkra, ráðleggja og hvetja almenning til heilsueflingar. Niðurstöður vinnuhópa Heilsuþings félagsins þann 24. september sl. sýna að hjúkrunarfræðingar vilja auka heilsueflandi þjónustu og úrræði svo almenningur hafi val sem hentar hverjum og einum. Leggja þarf aukna áherslu á samvinnu stjórnvalda, stofnana, fyrirtækja, fagfólks og almennings til að draga úr lífstílssjúkdómum. Þörf er fyrir samvinnu stjórnvalda og heilbrigðisstarfsfólks til framkvæmda sem byggjast á þeim raunveruleika sem við búum við í dag, með framtíðarhag að leiðarljósi. Hjúkrunarfræðingar hjálpa fólki til sjálfshjálpar. Þeir sinna forvörnum eins og almennri heilsufræðslu og heilsuvernd, leiðbeina fólki með leiðir til að t.d. lækka blóðþrýsting og fyrirbyggja fylgikvilla sjúkdóma eins og sykursýki.

Til að bæta heilsu og auka vellíðan þarf oft að bæta eigin lífsstíl. Það má til dæmis gera með 30 til 60 mínútna hreyfingu á dag, að borða hollt fæði í hæfilegu magni, að forðast sætindi og mettaða fitu, að auka neyslu á grófu korni og að borða 5-8 skammta af ávöxtum og grænmeti á dag. Nauðsynlegt er að fá góðan nætursvefn (7 til 8 tíma) og drekka nóg af vatni (6 til 8 glös á dag) en spara gosið. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna eru lífslíkur að miklu leyti í okkar höndum (70-80%) þar sem framtíðarheilsa ræðst að mörgu leyti af daglegum venjum. Það er okkar val hvernig lífsstíl við veljum. Velur þú heilsusamlegt líf eða líf með áhættuþáttum sem dregur úr vellíðan til lengri tíma og lífslíkum?

Hjúkrunarfræðingar eru til þjónustu reiðubúnir (á heilsugæslustöðvum, stofnunum og í samfélaginu) og vilja hjálpa samborgurum sínum til sjálfshjálpar. Víðtæk þekking og reynsla gerir stéttinni kleift að meta andlega, líkamlega og félagslega heilsu skjólstæðinga og taka áhrifaþætti umhverfisins inn í heildarmyndina til að fyrirbyggja heilsutjón og finna lausnir á vanda. Einstaklings- og hópfræðsla ásamt ráðgjöf til heilsueflingar eru stór þáttur af starfi hjúkrunarfræðinga sem bera hag skjólstæðinga fyrir brjósti. Foreldrafræðsla ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga er mikilvægur þáttur í heilsuvernd fjölskyldunnar. Foreldrar bera ábyrgð á heilsu barna sinna. Þeir þurfa að vera góð fyrirmynd og ala börnin upp á þann hátt að þau verði fær um að efla og viðhalda eigin heilbrigði, sem er undirstaða hamingju og velferðar. Til að þjóðin megi njóta góðrar heilsu í framtíðinni þarf sameiginlegt átak allra í samfélaginu og eru hjúkrunarfræðingar tilbúnir til að leggja sitt af mörkun til að svo megi verða.

> Einstaklings- og hópfræðsla ásamt ráðgjöf til heilsueflingar eru stór þáttur af starfi hjúkrunarfræðinga sem bera hag skjólstæðinga fyrir brjósti.

## AF NETINU

### Jólakúkur kapítalsins

Í liðinni viku óku flutningabílar frá Vífilfelli um nokkur úthverfi Hafnarfjarðar, skreyttir í bak og fyrir, til að fólk gæti fallið fram og tilbeðið þá í dýrð sinni. Þessi auglýsingamennska hefur þótt ákaflega jólaleg að sumra mati og hamast fjölmiðlar við að vekja athygli á uppátækinu, sjálfsagt gegn sanngjörnu gjaldi. En þeir fimmtán sem ákváðu að ganga á undan bílalestinni niður Skólavörðustíg, voru ekki í sama jólaskapi og kókveldið. Frá því segir í frétt á Pressunni.

Þar vakti einkum þessi setning athygli mína: *„Þá fór það sérstaklega fyrir fólki með börn sem komu í þeim eina tilgangi að sjá jólalestina aka niður strætin í allri sinni dýrð….“* Ekki fetti ég fingur út í það sem fullorðið fólk gerir sér til skemmtunar, en að draga börn niður í miðborg Reykjavíkur til að horfa á gosdrykkjaflutningabíla aka um göturnar jafngildir hundraðogelleftu meðferðinni og ber vitni um lægra greindarstig en nemur númeri á háhæluðum fjallgönguskóm.

**Malbein.net**

**Gísli Ásgeirsson**

# Viðsnúningur rekstrar við lækkun skulda

Staða fyrirtækja

Sigurður Hjalti Kristjánsson

verkfræðingur og ráðgjafi hjá Capacent

Þröstur Sigurðsson

viðskiptafræðingur og ráðgjafi hjá Capacent





Í liðinni viku var gengið frá samkomulagi um leiðir við úrlausn á skuldavanda lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Það byggir á núverandi sameiginlegum reglum fjármálafyrirtækjanna auk þess sem viðmið eru sett um niðurfærslu skulda og fjárhagsskipan í kjölfarið. Jafnframt tekur ríkissjóður þátt með breytingum á meðhöndlun skattalegra áhrifa og uppgjöri opinberra gjalda. Væntingar standa til að lækkun á skuldabyrði fyrirtækja á grundvelli samkomulagsins skapi forsendur fyrir nýrri fjárfestingu og atvinnusköpun á vettvangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og því leggi aðgerðin verulega að mörkum til viðsnúnings íslensks efnahagslífs á næstu misserum.

Samkvæmt nýlegri rannsókn Capacent um stöðu fyrirtækja og viðhorf til efnahagsástandsins telur fimmti hver stjórnandi miklar líkur á að hans fyrirtæki þurfi að ganga gegnum fjárhagslega endurskipulagningu með aðkomu viðskiptabanka og/eða lánardrottna á næstu 12 mánuðum. Þetta á nokkuð jafnt við óháð stærð fyrirtækjanna. Auk þess benti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn nýlega á að tæplega 40% heildarfjárhæðar lána viðskiptabankanna til lítilla og meðalstórra fyrirtækja væru í vanskilum eða líkleg til að lenda í vanskilum. Af þessu má vera ljóst að skuldaaðlögun margra fyrirtækja er nauðsynleg og það samkomulag sem nú hefur verið gert mun vonandi auðvelda lífvænlegum fyrirtækjum að finna ásættanlega lausn.

Stjórnendur lítilla og meðalstórra fyrirtækja í skuldavanda standa nú frammi fyrir mati á því hvort efnisatriði þessa nýja samkomulags henti þeirra fyrirtæki og hvernig nýta megi úrræðin. Í því samhengi er mikilvægt að hafa hugfast að lækkun skulda er sjaldnast nægjanleg ein og sér án annarra aðgerða ef ætlunin er að ná fram viðvarandi rekstrarbata. Um 50% þeirra sem telja sig þurfa að ganga gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á næstu tólf mánuðum telja jafnframt hættu á lausafjárvanda á næstu þremur mánuðum, samkvæmt framangreindri rannsókn Capacent. Eftir sem áður er því nauðsynlegt að fara gaumgæfilega yfir hvort fyrirtækið eigi raunhæfan möguleika á áframhaldandi rekstri.

Hjá fyrirtækjum þar sem forsvarsmenn telja mögulegt að ná fram skuldaaðlögun og viðsnúningi rekstrar þarf nauðsynlega að gera stöðumat til að öðlast yfirsýn og leggja upp áætlun um framhaldið. Byggt á stöðumatinu þarf að skilgreina vel hvað þarf að gera, hvernig það verður gert og hverjir sjá um framkvæmdina. Framundan er því vinna við mat á eignum og rekstrarvirði sem byggir á raunhæfum og vel framsettum áætlunum. Fjármálafyrirtækin munu þurfa slík gögn til að taka afstöðu til mögulegrar skuldaaðlögunar, en þau eru jafn nauðsynleg fyrirtækjunum sjálfum til grundvallar eigin aðgerðum. Þessar áætlanir þurfa að taka á tekjumyndun, rekstrarkostnaði, skipulagi, fjármálastjórn og fela í sér tillögur og röksemdir að baki þeirri fjárhagsskipan sem að er stefnt. Í samkomulaginu er gert ráð fyrir að fyrirtækin standi sjálf skil á viðskiptaskuldum. Hjá mörgum fyrirtækjanna þarf því samhliða að losa um óþarfa fjárbindingu á efnahagsreikningi, styrkja tekjustreymi og semja um endurgreiðslur við aðra lánardrottna en lánveitendur. Í þessu samhengi er mikilvægt að taka veltufjármuni föstum tökum, t.d. með því að ganga í herta innheimtu eða sölu viðskiptakrafna, sölu gamalla birgða og samninga um gjaldfrest hjá birgjum.

Meðal mikilvægustu hagsmunaaðila sem vinna þarf með eru starfsfólk, viðskiptabanki og aðrir lánveitendur, birgjar og viðskiptavinir sem treysta á vörur og þjónustu fyrirtækisins. Ef forsvarsmenn fyrirtækis í rekstrarvanda hafa ítrekað skapað væntingar um rekstrarbata eða endurgreiðslur skuldbindinga án þess að sýna árangur er líklegt að verkefnið framundan verði erfiðara en ella. Við slíkar aðstæður getur verið nauðsynlegt að fá nýja aðila að borðinu til þess að leiða verkefnið.

Sé hugað að viðsnúningi í rekstri samhliða því sem ný úrræði við lausn á skuldavanda fyrirtækja eru nýtt aukast líkurnar til muna á að fleiri íslensk fyrirtæki komist á beinu brautina á ný.

> Lækkun skulda er sjaldnast nægjanleg ein og sér án annarra aðgerða ef ætlunin er að ná fram viðvarandi rekstrarbata.




JÓLAGJAFA HUGMYNDIR
SEBRA. Fjórskiptur diskur m.fuglum. Verð 1.795.-/stk
JOKER. Ljós króm.
Ø15 cm. Verð 8.995.-
Ø28 cm. Verð 17.995.-
shop online
Verslaðu á ilva.is
Sendum um allt land
HAWK. Borðlampi natur.
H51 cm. Verð 14.995.-
CLEAR. Skermur.
Ø35 cm. Verð 3.995.-
NÝTT
LARA. Skál, gler.
Ø40 cm. Verð 3.995.-/stk.
VINTAGE. Hvítt blómamynstur.
Vatnsglas. Verð 395,-
Hvítvínsglas. Verð 495,-
Rauðvínsglas. Verð 545,-
NÝTT
OWL. Ugla polyplast.
21 cm. Verð 3.795.-
TODDLER. Barna testell.
Postulín. Verð 2.995-
BARBECUE. Steikarhnífapör.
Steikargaffall. Verð 990,-
Steikarhnífur. Verð 995,-
Matskeið. Verð 990,-
40%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLAVÖRUM
Jól í ILVA
Globe. Hnöttur. Svartur/silfur.
Ø20, H27 cm. Verð 9.995,-
NATURAL. Ljós natur.
Ø40,5 cm. Verð 12.995,-
MADELAINE. Glerkanna.
1,9 L. Verð 2.995,-
NÝTT
TODDLER. Leikfanga bíll m. doppum. Málmur.
83x26 cm. Verð 14.995,- /stk.
HAPPY BIRTHDAY
TOKYO. Borðbúnaður.
Sykurkar Ø11 cm. Verð 1.495.-
Rjómakanna. Verð 1.395.-
TODLER. Sparigrís.
Verð 995,-/stk.
© ILVA Ísland 2008
TEMPRAKON. Dúnsokkar.
Herra og dömu. Verð 5.995,-
DEAR DEER. Snagi polyplast.
8x11 cm. Verð 2.995,-
CLARA. 3 arma kertastjaki.
Messing. 32 cm. Verð 7.995,-
BASE. Handklæði.
Ýmsir litir. Bómull.
50x100 cm. Verð 995.-/stk.
DISH. Fat aflangt, ál.
40x20 cm. Verð 2.995.-
OSLO. Ábreiða, ull. Ýmsir litir.
130x200 cm. Verð 6.995.-/stk.
Gjafakort eru seld á þjónustuborði ILVA.
Frábær gjöf fyrir upphæð að eigin ósk.
LANTERNE. Kertalugt, málmur.
20 cm. Verð 1.495.-
30 cm. Verð 1.995.-
ILVA kaffi
Vaffla og kaffi/djús
Verð 195.-
VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða
ILVA sendum um allt land
ILVA Korputorgi Blikastaðavegi 2-8,
112 Reykjavík, sími 522 4500 www.ILVA.is
Opið til 22:00 til jóla
shop online

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## 3 DAGAR TIL JÓLA OPIÐ 10:00-20:00

HAMBORGARHRYGGUR MEÐ BEINI
**1298 KR.KG.**

HAMBORGARHRYGGUR ÚRBEINAÐUR
**1598 KR.KG.**

BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR
**898** KR/KG.

KF LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
**1498** KR/KG.

FJALLA ÚRB. HANGILÆRI
**1898** KR/KG.

## TÖKUM TÍMANLEGA ÚR FROSTI *LAMBAKJÖT FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA*

**1198** KR. KG
KS FROSIÐ LAMBALÆRI

**1398** KR. KG
KS FROSINN LAMBAHRYGGUR

**2848** KR. KG
KS FROSIÐ LAMBAFILLET

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
180g 10% & 18%
aðeins **139 kr.** dósin.

**498** KR. 200ml
ÍSLANDSGRÍS SVEITAPATÉ 200g

**298** KR. 550ml
K.F KARTOFLUGLJÁI 550ML

**395** KR. 1 kg
ÞYKKVABÆJAR FORSOÐNAR KARTÖFLUR

**298** KR.20 stk
DUNI JÓLASERVÍETTUR 20 STK
33sm MARGAR GERÐIR

## ÚTIKERTI

ÍSLENSK ÚTIKERTI **295** KR.
ERLEND ÚTIKERTI 2 STK. **198** KR.

**498** KR. 250ml
KÚ OSTUR **ÖÐLINGUR / LJÚFLINGUR** 250g

**299** KR. parið
HELLO KITTY & SPIDERMAN SOKKAR

9 LTR. COKE
2 LTR. JÓLABLANDA
11 lítrar **998** kr.

## Gillette

Gillette fusion rakblöð
4 stk 200 kr. lækkun
**Nú 1598 kr.**

Gillette fusion power rakblöð
4 stk 200 kr. verðlækkun
**Nú 1798 kr.**

Gillette Fusion Power rakvél
200 kr. verðlækkun
**Nú 1798 kr.**

Gillette Fusion rakgel
200 ml
100 kr. verðlækkun
**Nú 598 kr.**

**998** KR. stk
SANPELLEGRINO DÖMUSOKKABUXUR
MULTICOLORS 50

## BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 3 DAGAR TIL JÓLA OPIÐ 10:00-20:00




KÆST OG SÖLTUÐ **SKATA**




KÆST OG SÖLTUÐ **TINDASKATA**

## SKATA OG TINDASKATA KÆST OG SÖLTUÐ




FROSNIR KS **SALTFISKBITAR** ÚTVATNAÐIR




FROSNIR NF **SALTFISKBITAR** ÚTVATNAÐIR

## ÚTVATNAÐUR FRYSTUR SALTFISKUR




NORÐANFISKUR *Íslenskur lax*
REYKTUR LAX **1998** KR.KG




**FERSK ÝSUFLÖK** *ROÐ OG BEINLAUS*




NORÐANFISKUR *Íslenskur lax*
GRAFINN LAX **1998** KR.KG




BÓNUS RÚGBRAUÐ 500g




FORSOÐNAR KARTÖFLUR 900g




HAMSATÓLG FRÁ STÓRUVÖLLUM




STEIKTAR FISKBOLLUR

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# Er það faglegur ávinningur að fækka leikskólakennurum?

Leikskólar



Ragnheiður Halldórsdóttir
leikskólastjóri

Í lögum nr. 87 frá 2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er kveðið á um að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna í hverjum leikskóla teljist til stöðugilda leikskólakennara. Því fer fjarri að þessu markmiði laganna sé náð hjá leikskólum Reykjavíkurborgar.

Ef gluggað er í skýrslu Hagstofu Íslands um starfsfólk í leikskólum 2009 kemur í ljós að hlutfallslega flestir leikskólakennarar af starfsmönnum við uppeldi og menntun starfa á Norðurlandi eystra eða 49%. Næst hæst er þetta hlutfall á Vesturlandi eða 40%. Í Reykjavík er þetta hlutfall 31% en 35% í hinum sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Reykjavík er því á botninum hvað varðar hlutfall leikskólakennara við uppeldi og menntun yngstu borgaranna.

Borgarráð setti fyrir nokkru á laggirnar starfshóp sem heitir því mjög svo lýsandi nafni „starfshópur um greiningu tækifæra til samrekstrar og/eða sameiningar leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila". Þessi ágæti starfshópur hefur að leiðarljósi þá hugmynd að með sameiningu skóla megi ná fram umtalsverðri hagræðingu. Á mannamáli þýðir þetta sparnað með því að lækka laun hjá hópi kvenna enda líklega óverjandi að það séu starfandi konur hjá Reykjavíkurborg sem nái meðallaunum. Starfshópurinn gerir því einnig skóna að faglegur ávinningur fylgi sameiningu. Þetta þýðir að gert sé ráð fyrir að færri leikskólakennarar tákni betra starf í leikskólunum. Reykjavíkurborg rekur 80 leikskóla sem stjórnað er af 80 leikskólastjórum sem allt eru konur. Aðstoðarleikskólastjórar eru jafnmargir en í þeirra hópi eru tveir karlar. Stjórnendur leikskólanna eru allir með leikskólakennaramenntun og afar margir með framhaldsmenntun. Þessir stjórnendur, 158 konur og 2 karlar, mega gera ráð fyrir að fá uppsagnarbréf í hendur innan tíðar.

Þrátt fyrir viðvarandi skort á leikskólakennurum í Reykjavík þykir stjórnendum leikskólamála Borgarinnar það vel koma til greina að fækka í hópnum. Það kann að vera að einhverjir þeirra sem fá uppsagnarbréf kjósi að sækja um starf hjá Reykjavíkurborg en höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnusvæði og víðast er skortur á leikskólakennurum eins og skýrsla Hagstofunnar vitnar um. Færa má fyrir því rök að lág laun leikskólakennara séu helsti þröskuldur þess að mögulegt sé að uppfylla lagalega skyldu varðandi hlutfall leikskólakennara við uppeldi og menntun í leikskólum. Pólitískt kjörnir fulltrúar eru í lykilhlutverki við að ná markmiði laganna.

> Reykjavík er því á botninum hvað varðar hlutfall leikskólakennara við uppeldi og menntun yngstu borgaranna.

Títt nefndur starfshópurinn er ekki eini starfshópurinn á vegum borgarinnar. Annar slíkur nefnist „starfshópur til að útrýma kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg" og hyggur sá á landvinninga í jafnréttismálum. Markmið hópsins er að útrýma kynbundnum launamun hjá Reykjavíkurborg sem er, samkvæmt upplýsingum starfshópsins, umtalsverður. Hjá Reykjavíkurborg eru konur að meðaltali með 98% af dagvinnulaunum karla miðað við sömu forsendur. Munurinn á dagvinnuhlutfalli og heildarlaunahlutfalli felst í yfirvinnugreiðslum og akstursgreiðslum enda hafa konur aðeins 53% af yfirvinnu karla og 37% af akstursgreiðslu þeirra. Hér rekst því hvað á annars horn. Annar hópurinn hefur það markmið að útrýma kynbundnum launamun en hinn vill losa sig við hóp kvenna sem nær meðallaunum og auka þannig á kynbundinn launamun.

Baráttu leikskólakennara mun víst seint ljúka á meðan ráðamenn telja það vænlegan kost að fækka í þeirra röðum í trássi við landslög. Leikskólakennarar mennta sig til að starfa með ungum börnum og í þeirra þágu. Þeir sækja sér þessa menntun því þeir hafa áhuga fyrir einmitt þessu starfi ella hefðu þeir lært landfræði, guðfræði eða hárgreiðslu. Þegar Fósturskóli Íslands sameinaðist Kennaraháskólanum og námið formlega komið á háskólastig sagði við mig gamall bóndi: „Hvaða þörf er nú á þessu, það eru svo margir sem eiga erfitt með að læra en eiga gott með að umgangast börn." Er það ef til vill þetta sjónarmið sem við erum að kljást við í dag?

# Enn um offramleiðslu lambakjöts

Landbúnaður



Kristján E. Guðmundsson
félagsfræðingur og framhaldsskólakennari

Fyrir nokkru skrifaði ég grein hér í Fréttablaðið um offramleiðslu lambakjöts og greiðslu íslenskra skattgreiðenda með útflutningi á þeirri offramleiðslu. Föstudaginn 17. des. svarar formaður Landssamtaka sauðfjárbænda, Sindri Sigurgeirsson, þessari grein minni og þakka ég honum fyrir það. Hann heldur því hins vegar fram að gagnrýni mín eigi ekki lengur við, ég sé að gagnrýna stuðningskerfi sem hafi verið við lýði fyrir 50 árum en nú sé öllu breytt. Lítum því á nokkrar staðreyndir málsins.

Engin þjóð í heiminum styður eins mikið við sinn landbúnað og Íslendingar. Við erum á toppi OECD-landa hvað það snertir. Fyrir utan óbeinan stuðning, s.s. tollvernd, námu beinar greiðslur úr ríkissjóði til landbúnaðarins á þessu ári rúmum 10 milljörðum króna.

Þar af fékk sauðfjárræktin 3,1 milljarð. Sá styrkur er að mestu greiddur sem beingreiðslur til bænda fyrir hvert framleitt kg af kjöti. Enginn greinarmunur er gerður á því hvort kjötið fer til innanlandsneyslu eða útflutnings, eða eins og fram kemur í grein Sindra „...að ef framleiðslan eykst, þá dreifast fjármunirnir einfaldlega meira og stuðningurinn lækkar á hvert framleitt kíló".

Heildarframleiðsla á árinu 2009 nam 8.841 tonnum . Ef farið er inn á heimasíður sauðfjárbænda má fá þær upplýsingar að 3% aukning hafi orðið í heildarframleiðslu frá fyrra ári og að 36% framleiðslunnar fari til útflutnings. Það þýðir í reynd að 36% af beinum stuðningi íslenskra skattgreiðenda fara til „niðurgreiðslu" á lambakjöti til erlendra neytenda, sem er í krónum talið rúmar 1100 milljónir.

> Engin þjóð í heiminum styður eins mikið við sinn landbúnað og Íslendingar. Við erum á toppi OECD-landa hvað það snertir.

Þetta eru ekki 20, hvað þá 50 ára gamlar tölur heldur veruleiki dagsins í dag. Mér er vel kunnugt um þær breytingar sem gerðar hafa verið á stuðningskerfi landbúnaðarins í gegn um árin. Formlegar útflutningsbætur voru að sönnu lagðar niður 1992 eins og Sindri bendir á. Beinn stuðningur úr ríkissjóði við landbúnað hefur verið hugsaður til að brúa bilið á milli raunverulegs framleiðslukostnaðar (með teknu tilliti til sanngjarnra launa til bænda) og þess verðs sem markaðurinn hverju sinni gefur. Þetta hefur að hluta verið réttlætt á þeim grundvelli að neytendur væru í raun „að taka peninga úr vinstri vasa og setja yfir í þann hægri", ef ekki kæmi til stuðningurinn þyrftu menn að greiða fullan framleiðslukostnað og þar með hærra vöruverð.

Þetta horfir öðru vísi við þegar farið er að greiða í stórum stíl niður útflutning, ég kalla það útflutningsbætur. Mér sýnist á tölum Sindra að þær nemi nálægt helming af tekjunum af útflutningnum.

Nú skal það tekið fram að mér er vel til bændastéttarinnar og á þar góða vini. Þar er mikið af fjölfróðu fólki, þó þar sé, sem annars staðar, misjafn sauður í mörgu fé. Ég geri mér líka grein fyrir þeim vanda fyrir mörg sveitarfélög sem fylgir þeirri byggðaröskun sem fækkun í bændastétt þýðir. Hins vegar hefur orðið mikil framleiðniaukning í landbúnaði og mun gera það í vaxandi mæli. Á sama tíma verðum við að gera okkur grein fyrir þeim miklu breytingum sem orðið hafa á neysluvenjum þjóðarinnar. Það þarf því að breyta stuðningskerfinu í græna styrki og draga úr framleiðslu. Svo óska ég íslenskum sauðfjárbændum árs og friðar og vona að þeir hafi átt gleðileg jól.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




HÚSGAGNAHÖLLIN
Jólin koma...
OPIÐ TIL 22:00
Hlýleg jólatilboð
Hafðu það notalegt um jólin!
50% AFSLÁTTUR af ÖLLU jólaskrauti
20% AFSLÁTTUR af BE ON FIRE kertum til jóla
BE ON FIRE Dinnerkerti.
Kr. 79 fullt verð kr. 99.
Jólatilboð 30% AFSLÁTTUR
GALZONE form, 8,5 cm.
Kr. 230 fullt verð kr. 390.
BODUM Chambord pressukanna. 4 bolla. Kr. 5.490
fullt verð kr. 7.990. 8 bolla. Kr. 6.990 fullt verð kr. 9.990.
SPIZY KRISTALS-GLÖS, 4 STK. 2.990
SPIZY diskamottur. Fást í mörgum litum.
Kr. 390 fullt verð kr. 490.
BODUM Bistro brauðrist, fæst í mörgum litum. Kr. 16.990.
SPIZY karafla. Kr. 3.990
fullt verð kr. 4.990.
SPIZY rauðvínsglös, hvítvínsglös, kampavínsglös,
ölglös, vatnsglös og koníaksglös. 4 stk. í pakka
Kr. 2.990 fullt verð kr. 3.990.
Jólatilboð 25% AFSLÁTTUR
Jólatilboð 30% AFSLÁTTUR
Jólatilboð 35% AFSLÁTTUR
LAZBOY
RIALTO La-z-boy stóll, fæst með svörtu og hvítu leðri.
B:80 D:90 H:105 cm. Kr. 119.990 fullt verð kr. 159.980.
DALLAS barstóll, svart leður.
Kr. 15.990 fullt verð kr. 23.990.
MEGAN borðstofustóll, fæst með brúnu og svörtu leðurlíki
og gráu áklæði. Kr. 14.990 fullt verð kr. 23.990.
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 OPIÐ: 21.-22. des. 10 - 22, 23. des. 10 - 23, 24. des. 10 - 13.

markhonnun.is

nettó
gleðjumst saman um jólin

# Barna- og unglingabækur í miklu úrvali




35% afsláttur

ÞOKAN
Þorgrímur Þráinsson
**2.594kr**
áður 3.990 kr




37% afsláttur

KOSS
Jacqueline Wilson
**2.514kr**
áður 3.990 kr




35% afsláttur

GALDRAKARLINN Í OZ
L. Frank Baum
**2.594kr**
áður 3.990 kr




35% afsláttur

JÓLASVEINARNIR
Iðunn Steinsdóttir & Búi Kristjánsson
**1.401kr**
áður 2.156 kr




40% afsláttur

STELPUR
Kristín & Þóra Tómasdætur
**2.994kr**
áður 4.990 kr

38% afsláttur




PÉTUR PAN
Fellimyndabók m/hljóðum
**2.415kr**
áður 3.895 kr




37% afsláttur

JÓLASTUND MEÐ DÓRU
Dora the Explorer
**1.632kr**
áður 2.590 kr



Stórlega lækkað verð! Stórlega lækkað verð!




**GJAFAKORT NETTÓ**

GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA




37% afsláttur

PRINSESSA Í FRAMBOÐI
Meg Cabot
**2.514kr**
áður 3.990 kr




40% afsláttur

STELPUROKK
Bryndís Jóna Magnúsdóttir
**2.394kr**
áður 3.990 kr






38% afsláttur

MÚSAHÚS MIKKA
Töskubók
**1.792kr**
áður 2.890 kr




36% afsláttur

PRINSESSAN OG FROSKURINN
Froskur útí mýri
**1.018kr**
áður 1.590 kr




38% afsláttur

TOY STORY 3
Disney Pixar
**1.172kr**
áður 1.890 kr




35% afsláttur

DODDI
Sögur og leikir
**2.269kr**
áður 3.490 kr




35% afsláttur

VETUR Í RJÚPUSKÓGI
Atli Vigfússon
**1.879kr**
áður 2.890 kr




34% afsláttur

GÆSAHÚÐ
Logandi Víti
**1.313kr**
áður 1.990 kr




40% afsláttur

GÆSAHÚÐ
Fyrir eldri
**1.374kr**
áður 2.290 kr




38% afsláttur

TÖFRAMAÐURINN
Michael Scott
**2.660kr**
áður 4.290 kr

Birt með fyrirvara um prentvillur

*Stórlega lækkað verð!*

GILDIR **21. – 22.** DESEMBER

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FRANK ZAPPA** tónlistarmaður (1940-1993) fæddist þennan dag.

*„Rokkblaðamennska felst í því að fólk sem kann ekki að skrifa tekur viðtöl við fólk sem kann ekki að tala fyrir fólk sem kann ekki að lesa."*

## merkisatburðir

1844 Jónas Hallgrímsson yrkir stökur sem hefjast á orðunum: „Enginn grætur Íslending."

1929 Varðskipið Þór strandar á Sölvabakkafjörum við Húnaflóa.

1945 Ölfusárbrú við Selfoss er formlega opnuð fyrir umferð.

1952 Kveikt er á stóru jólatré við Austurvöll, en það var fyrsta jólatréð sem Ósloarbúar gáfu Reykvíkingum.

1969 Árnagarður er vígður, en húsið var meðal annars byggt til að búa í haginn fyrir komu handritanna.

1989 Sigurður Þorvaldsson á Sleitustöðum í Skagafirði deyr, elstur íslenskra karla, 105 ára og 333 daga.

**ÞETTA GERÐIST:** 21. DESEMBER 2007

## Schengen-svæðið stækkar

Þennan dag árið 2007 bættust níu aðildarlönd við Schengen-svæðið. Það voru Eistland, Lettland, Lithá--en, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland. Alls hafa 28 Evrópuríki skrifað undir Schengen-samninginn, það eru öll aðildarríki Evrópusambandsins, fyrir utan Bretland og Írland, og Noregur, Ísland og Sviss að auki, en Ísland gekk í Schengen árið 2001. Hins vegar hefur samningurinn ekki tekið gildi ennþá nema í fimmtán ríkjum.

Upphaflegi Schengen-samningurinn var undirritaður af fimm ríkjum (Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Lúxemborg og Þýskalandi) 14. júní 1985 um borð í skipi á ánni Moselle rétt hjá þorpinu Schengen í Lúxemborg.

Markmið samstarfsins er að auðvelda ferðir fólks innan Schengen-svæðisins með því að afnema persónueftirlit á innri landamærum þess en styrkja eftirlitið á sameiginlegum ytri landamærum svæðisins.



AFMÆLI



**ÖRLYGUR HÁLFDÁNARSON** bókaútgefandi er 81 árs.



**REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR** söngkona er 33 ára.



**GÍSLI SNÆR ERLINGSSON** kvikmyndagerðarmaður er 46 ára.



**ÁSDÍS OLSEN** dagskrárgerðarmaður er 48 ára.



†

*Okkar ástkæri*

**Ólafur Bergmann Ásmundsson**

Geislalind 4, Kópavogi

lést að morgni föstudagsins 17. desember á Landspítalanum Fossvogi. Útför hans fer fram frá Lindakirkju Kópavogi miðvikudaginn 22. desember kl. 11.00.

**Málfríður Ólína Viggósdóttir**
**Aðalbjörg Ólafsdóttir**
**Halldóra Ólafsdóttir**
**Heiðrún Ólafsdóttir**
**Ragnheiður Ólafsdóttir**
**Ólafur Már Ólafsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Jón Haukur Sigurbjörnsson**

Stekkjagerði 8, Akureyri,

lést að heimili sínu sunnudaginn 12. desember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 28. desember kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Heimahlynningu á Akureyri njóta þess.

**Halldóra Júlíana Jónsdóttir**
**Haukur Jónsson** **Þóra Kristín Óskarsdóttir**
**Sigurbjörn Jónsson**
**Rósa Jónsdóttir**
**Örn Kató Hauksson**
**Arna Katrín Hauksdóttir**
**Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson**
**Jóhanna Sól Sigurbjörnsdóttir**
**Ásta Björk Birgisdóttir** **Þorsteinn Gunnarsson**
**Berglind Rósa Birgisdóttir**
**Snæbjörn Kári Þorsteinsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**RITSTJÓRINN** Alexander Dan Vilhjálmsson með eintak af Furðusögum, tímariti sem hann gaf nýverið út. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALEXANDER DAN VILHJÁLMSSON: GEFUR ÚT TÍMARITIÐ FURÐUSÖGUR

# Æ fleiri fíla furðuskáldskap

Tímaritið Furðusögur leit dagsins ljós á dögunum. Ritstjóri þess er Alexander Dan Vilhjálmsson, nemi í ritlist við Háskóla Íslands. Hann hefur unnið að blaðinu í að verða heilt ár. „Ég var hins vegar búinn að ganga lengi með þá hugmynd að gera eitthvað tengt furðuskáldskap," segir Alexander. Hann er beðinn um að útskýra fyrir blaðamanni í hverju sú bókmenntastefna felist. „Furðuskáldskapur er íslenska orðið yfir „Weird fiction" sem er yfirheiti yfir fantastískan skáldskap á borð við vísindaskáldskap, hryllingsskáldskap og fantasíur. Furðuskáldskapur er því blanda af þessum og fleiri bókmenntastefnum."

Alexander hefur ávallt haft áhuga á bókmenntum af þessum toga og vonast til þess að skapa nýja strauma í íslenskum skáldskap og listum með því að bjóða upp á opinn vettvang fyrir tilraunir á sviði furðuskáldskapar sem lítið hafi farið fyrir hér á landi hingað til.

Fyrir tæpu ári auglýsti Alexander eftir efni í blaðið og fékk fleiri greinar en hann hafði búist við. „Þær féllu ekki allar undir þessa bókmenntastefnu en ég hafði þó úr nógu að velja í fyrsta tölublaðið," segir Alexander sem á sjálfur eina sögu í blaðinu.

En hverjir lesa svona sögur? „Steríótýpan er vitanlega fólkið sem sækir í Nexus. En hins vegar hefur orðið breyting á síðustu árum og svona sögur eru farnar að öðlast stærri sess hjá bókmenntaunnendum," segir hann og vill meina að mun breiðari hópur lesi fantastískar sögur í dag en var áður. „Það þykir mun sjálfsagðara að lesa slíkar sögur í dag," segir Alexander og nefnir sem dæmi Harry Potter, Hringadróttinssögu og Narníubækurnar.

Alexander hlaut nýlega nýræktarstyrk Bókmenntasjóðs og segir hann það hafa skipt sköpum. Hann gerir ráð fyrir að tímaritið verði árlegt til að byrja með en vonast til að geta fjölgað þeim í tvö á ári.

Í fyrsta tölublaði Furðusagna eru tíu smásögur eftir átta höfunda, umfjallanir um tvo myndlistarmenn, ein teiknimyndasaga og viðtal við Emil Hjörvar, sem nýlega gaf út Sögu Eftirlifenda – Höður og Baldur. Tímaritið er til sölu í Nexus, Bóksölu stúdenta og Farmers market á Granda. Hann býst við að eintök verði í helstu bókabúðum á næstunni.

Í framtíðinni verður hægt að leita upplýsinga á vefsíðunni www.furdusogur.is en hún er nú í vinnslu.

solveig@frettabladid.is



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför okkar elskulega föður, tengdaföður og afa,*

**Alexanders Alexanderssonar**

Melalind 8, áður Holtagerði 62, Kópavogi.

Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól.

**Hjördís Alexandersdóttir** **Guðmundur Jón Jónsson**
**Bára Alexandersdóttir** **Þórarinn Hjálmarsson**
**Erla Alexandersdóttir** **Sigurður Jón Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi*

**Bjarki Þorvaldur Baldursson**

Smárahlíð 6d Akureyri,

lést fimmtudaginn 9. desember. Útför hans hefur farið fram.

**Anna Guðrún Bjarkadóttir**
**Sigríður Hrönn Bjarkadóttir** **Hafsteinn Pétursson**
**Heiðrún Edda Bjarkadóttir**
**Bjarki Þór Bjarkadóttir** **Ingibjörg M. Ingibergsdóttir**
**afa- og langafabörn**



**Áttatíu ár** voru í gær liðin síðan fyrsti sjúklingurinn var lagður inn á Landspítala. Sögusýningin hefur staðið yfir í gömlu byggingu Landspítalans við Hringbraut. Ákveðið hefur verið að framlengja sýninguna fram í janúar 2011. Sýningin er öllum opin.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Eirberg

**Slakaðu á heima**

- Sjálfvirkt og stillanlegt nudd
- Djúpslökun með infrarauðum hita
- Stillanlegt Shiatsu herða- og baknudd

Úrval nuddsæta - verð frá 29.750 kr.

Verið velkomin í verslun okkar og prófið.

Opið virka daga kl. 9 - 18
og á **laugardögum** kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is





**Patti Húsgögn**

Lansins mesta úrval af sófasettum

**Láttu þér líða vel um jólin**






Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is

Gildir til 31.desember





**Bergþór Pálsson og Albert Eiríksson fara allra sinna ferða á reiðhjólum:**

# Hjóla mörg hundruð kílómetra á ári



Bergþór Pálsson söngvari og sambýlismaður hans, Albert Eiríksson, nota reiðhjól allan ársins hring til að komast á milli staða.

„Forsagan er sú að við keyptum okkur gjarnan árskort í líkamsrækt,“ segir Bergþór. „Svo rann það út í sandinn á svona þremur mánuðum. Við vorum voða duglegir fyrst en smátt og smátt hættum við að nenna að vakna. Við höfðum ekki næga staðfestu.“ Bergþór og Albert sáu að við svo búið mátti ekki standa og gripu til sinna ráða. „Einn góðan veðurdag stingur Albert upp á því að við förum bara að bera út blöð. Og það reyndist hin besta líkamsrækt, ekki síst vegna þess að ef blöðin eru ekki borin út logar heilt hverfi,“ segir Bergþór. „Þá er ekki um annað að ræða en að klára.“

Bergþór og Albert báru út blöð í sex ár. „Þá vorum við farnir að hjóla svo mikið að við fengum okkar líkamsrækt út úr því og hættum að bera út,“ segir Bergþór.

Síðan hafa þeir hjólað allra sinna ferða og bílinn nota þeir bara í langferðir. Þeir líta ekki á hjólreiðarnar sem sport heldur praktíska leið til að komast á milli staða. „Það kostar níu hundruð þúsund á ári að eiga og reka meðalbíl,“ segir Bergþór. „Það er nú ýmislegt hægt að gera fyrir þá peninga.“

Eru þeir ekki vel á sig komnir af öllu þessu hjóli? „Svakalega sætir og útiteknir,“ segir Albert. „Þú ættir bara að sjá okkur bera,“ skýtur Bergþór inn í og hlær. „En án gríns þá gerum við þetta nú ekki fyrir útlitið,“ segir Bergþór. „Heldur hreyfingu, úthald og þol.“

Á sumrin vinnur Albert á Fáskrúðsfirði, þar sem hann rekur safn um franska sjómenn á Íslandi, og hjólar alltaf til og frá vinnu, fimm kílómetra hvora leið. „Mér telst til að ég sé búinn að hjóla sjö hundruð kílómetra í ár, bara til og frá vinnu,“ segir hann. „Fyrir utan allt annað.“

Þeir segjast oft taka hjólin með sér í strætó aðra leiðina ef þeir þurfi að fara langt. „Það vita það ekki allir en hjólreiðamenn eru velkomnir í strætó,“ segir Bergþór. „Kannski ekki á mesta annatímanum þegar vagnarnir eru fullir, en á öllum öðrum tímum.“ „Já, og ef vindurinn er í fangið á leiðinni er mjög sniðugt að taka strætó á áfangastað,“ segir Albert, „og hafa svo blússandi meðvind á heimleiðinni.“

*fridrika@frettabladid.is*





**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**

Hjálparsessan lyftir 70% af þinni þyngd

HVAÐ ER STUÐNINGSSTÖNGIN?
Hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra.

Auðveld í uppsetningu
Engar skrúfur eða boltar
Tjakkast milli lofts og gólfs
Hægt að nota við hallandi loft, timburloft og mikla lofthæð
Margir aukahlutir í boði

- Falleg og nútímaleg hönnun
- Passar allsstaðar og tekur lítið pláss
- Viðurkennd af Tryggingastofnun ríkisins

10 ÁR Á ÍSLANDI

www.vilji.is • Sími 856 3451






**Vilhjálmur Bretaprins** þykir hinn mesti happafengur. Því voru líklega margar stúlkur öfundsjúkar út í Kate Middleton fyrir að næla í hann. Slúðurpressan segir þó ekki færri konur öfundsjúkar út í hárið hennar Kate sem þykir með eindæmum fallegt og ræktarlegt.

# Hár fær hátíðlegan blæ

**Náttúrulega liðað hár er í tísku í vetur. Vitanlega eru ekki allir með slíkt hár frá náttúrunnar hendi en Ásta Sigurlaug, klippari á Circus Circus, segir að með réttum tækjum og tölum sé auðvelt að breyta því.**

„Það er sáralítið mál að ná fram náttúrulegum liðum í hárinu, þetta er allt saman spurning um að beita réttri aðferð og hafa góð efni og svo auðvitað gamla góða sléttujárnið við höndina," segir Ásta Sigurlaug, klippari á hárgreiðslustofunni Circus Circus við Laugaveg, sem hér ráðleggur lesendum hvernig best sé að fá liði í hárið.

„Byrjið á að þvo hárið með sjampói og setjið næringu í endanna. Síðan er gott að setja blásturvökva eða -krem í blautt hárið og þurrka vel með hárþurrku. Skipta hárinu svo í nokkra hluta og til þess að liðirnir haldist sem best er gott að nota þurrt léttsprey og spreyja þá í hvern lokk fyrir sig. Síðan er hafist handa með sléttujárninu." Hún sýnir ljósmyndara Fréttablaðsins réttu handtökin og tekur fram að góð hárefni fáist í miklu úrvali á Circus Circus .„Hér fást til dæmis hárefni sem eru góð fyrir þær sem blása mikið á sér hárið, krulla það eða slétta."

Ásta getur þess að liðað hár hafi verið í tísku að undanförnu en þess utan njóti það alltaf mikilla vinsælda fyrir jól. „Okkur konum finnst hátíðlegt að fá svolitla liði í hárið og þær okkar sem ekki eru með liðað hár frá náttúrunnar hendi grípa þá gjarnan í sléttujárnið."

Hún bætir við að engin ein regla gildi um hvernig liðirnir eigi að vera. „Nei, það má setja liði rétt aðeins í endana eða lokkana sem liggja næst andlitinu eða alveg niður í rót, bara eftir því hvað hver og ein kýs sjálf."

*roald@frettabladid.is*



Eftir. Hér er hárið orðið skemmtilega liðað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Fyrir. Módel með tiltölulega slétt hár. Best er að byrja á að þvo hárið og setja næringu í endana.



Hári skipt í hluta og spreyjað með þurru léttspreyi svo greiðslan haldist sem best.



Sléttujárnið því næst dregið fram. Margar kjósa liði rétt í endana.



Ilmvatn var mikilvægur þáttur í egypskri menningu til forna og var bæði notað til fegrunar og heilsubótar. Eitt aðalilmvatnið var búið til úr blómum, hunangi, víni og berjum. Það var einnig drukkið við ýmsum kvillum.

www.cosmopolitan.com


JÓLAGJÖFIN ÞÍN - DEKRAÐU VIÐ ÞIG



teg. MAXIM - push up alveg gasalega flottur í B,C,D skálum á kr. 7.680,-

teg. CESARIA - push up glæsilegur í B,C,D skálum á kr. 7.680,-

teg. AMETHYST push up stærri í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

teg. AMETHYST push up stærri í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 7.680,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið í des: mán-fös kl. 10-18
laugardaginn 18.des kl. 10-18
Þorláksmessu kl. 10-20
Aðfangadag kl. 10-12
www.misty.is
Vertu vinur

gling glo
Vinsælu zirkon hringarnir komnir aftur



Verð 19.500 kr. www.glingglo.is
Fást nú hjá Kornelíusi, Bankastræti 6, 101 Rvk. s: 660 8919.
Einnig til sölu í Mýrinni og í Kraum.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir.is

HLÝ JÓLAGJÖF



áður 29.990
nú 23.990
st. 42-54

áður 19.990
nú 14.990
st. 36-48

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is





Auglýsingasími
512 50 50



Allt sem þú þarft...



Ungar konur sækja aðallega í brasilískt vax. Karlar fá ekki þjónustu alls staðar en áhugi þeirra á slíku vaxi hefur aukist. NORDICPHOTOS/GETTY

# Brasilískt eitt vinsælasta vaxið

**Brasilískt vax er ein algengasta vaxmeðferðin í dag. Konur eru í meirihluta þeirra sem sækja slíka meðferð en ekki bjóða allar stofur upp á slíkt vax fyrir karla. „Engin feimni meðal starfsfólks eða viðskiptavina," segja snyrtifræðingar sem Fréttablaðið ræddi við.**

Brasilískt vax, þar sem öll skapahár eru fjarlægð, er orðið ein vinsælasta vaxmeðferðin sem boðið er upp á á snyrtistofum. Þetta kemur fram hjá fjórum snyrtifræðingum sem Fréttablaðið hafði samband við.

„Algengasta vaxið hjá okkur er brasilískt og leggir," segir Steinunn Óladóttir snyrtifræðimeistari hjá Cera snyrtihúsi á Stórhöfða. Hún segir konur í meirihluta þeirra sem sæki vaxmeðferðir en þó séu alltaf einhverjir karlar inni á milli, líka í brasilískt vax. Þá sé fólkið sem sæki í vaxmeðferðir á öllum aldri. „En er fólk ekkert feimið í brasilíska vaxinu?" „Nei, þetta er eins og hver önnur meðferð, það er ekki hægt að vinna þetta öðruvísi," segir Steinunn.

Á snyrtistofunni Helenu fögru á Laugavegi 163 er svipaða sögu að segja. Vinsælustu vaxmeðferðirnar eru vax á augabrúnum, fótum, undir höndum, bikiní og brasilískt vax. „Brasilíska vaxinu fylgja aukin þægindi, konur þurfa ekki lengur að raka sig annan hvern dag og svo er þetta orðið aðeins sársaukaminna með komu gúmmívaxins sem er eingöngu notað í brasilískt vax," segir Brynhildur Jakobsdóttir snyrtimeistari en svipað vax er einnig notað á hinum snyrtistofunum. Brynhildur segist af og til fá fyrirspurnir frá körlum um brasilískt vax en ekki sé boðið upp á þá meðferð fyrir karla hjá Helenu fögru. Hins vegar hafi aukist að karlmenn láti vaxa bak, bringu og handleggi.

Á Snyrtistofu Nordica spa er algengasta vaxið upp að hné, vax upp í nára svo og brasilískt vax. Bára Benediktsdóttir snyrtifræðingur segir ungar konur aðallega sækja í brasilíska vaxið en annars sæki mjög breiður aldurshópur í vaxmeðferðir. Karlar eru ekki teknir í brasilískt vax á Nordica en þeir sækja í auknum mæli eftir vaxi á baki og bringu.

Aðalheiður Ósk Þorleifsdóttir, snyrtimeistari hjá Mecca spa, segir algengustu vaxmeðferðirnar vera vax á augabrúnum en annars brasilískt og vax upp að hné og undir höndum. „Konur eru sjaldnast feimnar," segir hún. Mecca spa hafa borist fyrirspurnir frá körlum um brasilískt vax en býður ekki upp á meðferðina fyrir karlmenn. Algengasti aldur þeirra kvenna sem sækja í brasilískt vax er frá 19 til 30 ára. „En við höfum fengið konur alveg upp í sextugt," segir Aðalheiður og bætir við að brasilíska vaxið sé komið til að vera.

*solveig@frettabladid.is*

Vatnsmelónur eru til ýmissa hluta nytsamlegar. Með því að bera kjöt vatnsmelónu í andlitið og láta það liggja í fimmtán mínútur er lofað hressilegra og unglegra útliti.



www.medindia.net/beauty







FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir.is

**Hlutfall keisaraskurða** í fæðingum í Bandaríkjunum eykst sífellt. Árið 2008 voru 32,3 prósent allra barna í Bandaríkjunum tekin með keisara. Alþjóða heilbrigðisstofnunin hefur mælt með að hlutfall keisaraskurða sé ekki meira en 15 prósent.





Lengi vel fengust vörur Kolbrúnar einungis í Jurtaapótekinu á Laugavegi 2 en þær eru nú einnig fáanlegar í Akureyrarapóteki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bókaútgáfa á næsta leiti

**Kolbrún Björnsdóttir opnaði eina jurtaapótekið á Íslandi fyrir sex árum. Þar býður hún upp á ráðgjöf og fjölbreyttar jurtaafurðir og hefur varla undan. Hún hlaut viðurkenningu fyrir framlag sitt á dögunum.**

Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir hlaut á dögunum viðurkenningu Náttúrulækningafélags Reykjavíkur en henni er ætlað að styðja við bakið á þeim sem leggja sig fram um að stuðla að góðri heilsu og forvörnum. Kolbrún fær viðurkenninguna fyrir opnun fyrsta jurtaapóteksins á Íslandi, þar sem hún leggur áherslu á heildrænar lækningar með jurtum og réttu mataræði. Auk hennar var Kolbrún í þann mund að fá þær fréttir að hún hefði verið valin í tuttugu manna úrslit úr hópi 250 umsækjendum sem hlutu styrk frá Rannís til að vinna þróunarverkefni í sumar Verkefni hennar snýr að þróun næringarblandna úr íslenskum afurðum og verða úrslitin kunngjörð í febrúar.

Kolbrún segir viðurkenningu Náttúlækningarfélags Reykjavíkur mikinn heiður. „Ég lít á þetta sem viðurkenningu á því sem ég hef verið að gera undanfarin ár. Þá vonast ég til að þetta verði til þess að kynna þessa leið fyrir fleirum, en mörgum kemur á óvart hversu mikill fjöldi fólks sækir í grasalækningar. Ég er til að mynda bókuð í einkaviðtöl út febrúar auk þess sem það er alltaf nóg að gera í búðinni.“

„Mörgum kemur á óvart hversu mikill fjöldi fólks sækir í grasalækningar.“

Kolbrún hefur starfað sem grasalæknir í sautján ár og hefur ekki tölu á þeim fjölda fólks sem hún hefur fengið til sín í ráðgjöf og viðtöl. „Áður en ég opnaði búðina árið 2004 hafði ég fengið á áttunda þúsund til mín í viðtöl en eftir það hætti ég að telja.“

Kolbrún lætur sér þó ekki nægja að leggja stund á ráðgjöf og búðarrekstur heldur er bókaútgáfa einnig á næsta leiti. Í bókinni, sem hefur ekki ennþá hlotið nafn en er væntanleg í næsta mánuði, kynnir hún sex mánaða prógramm sem er ætlað að laga örverubúskapinn í líkamanum. „Ég vil meina að hann sé í ólagi hjá flestum enda erum við að gera svo margt sem er ekki í lagi. Ástæðan fyrir því að ég ákvað að skrifa þessa bók er sú að ég fæ til mín fjölda fólks sem hefur tekið sig á og farið á hreinsandi mataræði í örfáa mánuði en síðan gefist upp. Það er einfaldlega ekki nóg og er viðkvæmnin þá enn til staðar.

Í bókinni er í fyrstu útskýring á því fyrir hverja prógrammið er hugsað og af hverju ætti að fylgja því. Þá er þar að finna alls kyns fróðleik um hvernig maturinn virkar og hvernig á að setja hann saman til að næringin nýtist sem best. Að því loknu er að finna prógramm fyrir hvern mánuð og fylgja uppskriftir eftir Kolbrúnu og Sólveigu Eiríksdóttur hverjum fyrir sig. Prógrammið byrjar á því að fæðutegundir eins og ger, sykur og glútein eru teknar út en síðan eru sumar þeirra settar inn aftur. Uppskriftirnar eru allt frá því að vera hráfæðisréttir upp í kjötsúpur.

*vera@frettabladid.is*






Verðlaunakoddinn Keilir eftir Huldu Sveinsdóttur, hönnuð og handverkskonu í Raven design.

## Nýr heilsukoddi

NÝR HEILSUKODDI ER KOMINN Á ÍSLENSKAN MARKAÐ. HANN NEFNIST KEILIR ENDA Á HANN UPPRUNA SINN Á SUÐURNESJUM, NÁNAR TILTEKIÐ HJÁ HULDU SVEINSDÓTTUR HÖNNUÐI HJÁ FYRIRTÆKINU RAVEN DESIGN.

Keilir heilsukoddi hefur sérstaka lögun sem ætlað er að stuðla að réttri svefnstöðu. Auk sívals púða undir hálsinn eru þrístrendir púðar sem veita hliðarstuðning við höfuðið. Hann er færanlegur þannig að hægt er að víkka og þrengja hann að vild.

Hulda Sveinsdóttir er komin með hönnunarvernd á Íslandi og innan ESB-landa. Hún hlaut verðlaunin Special Nomination Award í Helsinki í október 2009 fyrir uppfinninguna.

Efnið í koddanum er þrýstijöfnunarefni, Memory foam, fyrst framleitt af NASA í Bandaríkjunum. Keilir bætir notagildi annarra kodda með því að hann er settur ofan á til frekari stuðnings. Hann er góður til ferðalaga því hverjum kodda fylgir handhægur ferðapoki.

Koddinn er seldur í Svefni og heilsu, bæði í Reykjavík og á Akureyri og líka á heimasíðunni ravendesign.is.




Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



dot by ReSound

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

# BÍLAR & FARATÆKI





**Bílabúð Benna ehf.**
**Bíldshöfða 10,**
**Sími: 587 1000**
**www.benni.is**


**bílaborg.is**



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX 5 MANNA DIESEL . Árgerð 3/2007, ekinn 43 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.132472 Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is



TOYOTA COROLLA 1,4 VVTI. Árgerð 5/2006, ekinn 87 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Tilboðsverð 1290 þús Rnr.132562 Verð áður 1590 þús



RENAULTKANGOO 4X4 . Árgerð 3/2004, ekinn 128 þ.km, BENSÍN, 5 gírar. Verð 890.000. Rnr.132931 Tilboðsverð 690 þús stgr. www.bilaborg.is



M.BENZ E 200 CGI AVANTGARDE 2010 ÁRG. Árgerð 2010, ekinn 29 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.132899 Uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is



LEXUS IS200. Árgerð 10/2004, ekinn 98 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.930.000. Rnr.124064 Umboðsbíll. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001. Tilboðsverð 1590 þús stgr. www.bilaborg.is



LAND ROVER RANGE ROVER VOUGE DIESEL . Árgerð 7/ 2007, ekinn 88 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 10.900.000. Rnr.124470 Umboðsbíll. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001 www.bilaborg.is



LAND ROVER RANGE ROVER SUPERCHARGED . Árgerð 2/2007, ekinn 89 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 9.900.000. Rnr.132624 Umboðsbíll. DVD. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001 www.bilaborg.is



BMW X5 3,0I. Árgerð 7/2004, ekinn 123 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.133025 Umboðsbíll Glæsilegur og vel með farin bíll. uppl síma 517-1111 www.bilaborg.is



Til sölu Atvinnuhúsnæði á krókháls 12 C.A 120 FM Verð 26.000.000. Rnr.132620 Uppl síma 517-1111 eða 696-1001. www.bilaborg.is

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Skoda Octavia Combi 4x4 Árgerð 12/2005, ekinn 92þ.km, bsk, bensín, ný tímareim, ástandsskoðun til og bíllinn er á staðnum. Frábært verð aðeins 1.790.000kr. Raðnúmer 151286. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**HÖFÐAHÖLLIN**
Allt að **50%** afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX 35" Árgerð 2007. Ekinn 60 þ.km Nýskráður 3/2007. Næsta skoðun 2012 Verð kr. 7.580.000.



SUZUKI SX4 4X4 Árgerð 2009. Ekinn 20 þ.km Nýskráður 12/2009. Næsta skoðun 2013 Verð kr. 2.690.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

**BÍLALIND.is** S. 580-8900



NISSAN X-TRAIL ELEGANCE. 02/2005, ekinn 76 þ.km, sjálfskiptur, leður, glertoppur. Verð 2.390.000. #282161 - Bíllinn er á staðnum og þeir verða varla jólalegri!



FORD MUSTANG GT PREMIUM. 04/2006, ekinn aðeins 50 þ.km, sjálfskiptur, svart leður. Verð 3.290.000. #282416 Bíllinn er á staðnum klár í jólapakkann!

**Bílalind**
**Funahöfði 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 5808900**
**Hlökkum til að sjá þig :)**
**www.bilalind.is**

**MOTOR HARLEY-DAVIDSON COMPANY**

Fjölbreytt og góð þjónusta. Góð sala í hjólum. Komdu við, láttu okkur ástandsskoða hjólið og/eða selja fyrir þig. Það er alltaf kaffi á könnunni.

**Harley-Davidson umboðið**
**Grensásvegi 16, 108 Reykjavík**
**Sími: 510 9090**
**http://www.harley-davidson.is**

**City Runner**



### Rafvespurnar komnar!
Ný sending af rafvespum komnar. Sama verð og síðast. Verð 139.900kr.

**City Runner ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta**
**á staðnum**

**100bilar.is** bílasala




Land Rover Range Rover Sport HSE, árg. 2006, ek 43þús.km, dísel, sjálfsk, Vel búinn bíll, Frábært eintak sem lítur mjög vel út,Umboðsbíll, Ásett verð 6990þús.kr, bíllinn er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og**
**laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



### Góður disel Musso
Musso disel árg.'98. sjálfsk. ek. 190 þús. sk.'11. Krókur. Gott staðgreiðslu verð. Uppl. í s. 891-9847



Til sölu Renault Kongo árg. ,00 ek. 156 þús. Nýsk. Verð 290 þús. S. 866 0784.



Honda Civic ,97, Bsk. ek. aðeins 111 þ. ný tímareim, nýtt púst, bíll í toppstandi. Verð 480 stðgr. Uppl í s. 897 9750.



Ford F350 King Ranch 2008 með öllu. Góð 37" dekk og fallegar felgur, brettakantar, pallhús og margt fleira. Ekinn 46000 km. Bíll í toppstandi og nýskoðaður. Ekkert áhvílandi og skipti koma til greina. Upplýsingar í síma 8216386.

Til sölu Peugot 306 árg. ,98 ek. 160 þ.km. Sk. ,11. Verð 120 þ. S. 863 2371.

## 0-250 þús.

Vegna flutninga er til sölu Hyundai Accent árg 1999, ekinn aðeins 117þ. Bíll í góðu standi. Verð 200 þ. Upplýsingar í síma 8647848

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

## Jeppar




ICOM bíl og hand talstöðvar Flug og bátastöðvar. Traustar talstöðvar. Japönsk gæði. AMG Aukaraf ehf, Dalbrekku 16, Kópavogi s: 585-0000, www.aukaraf.is

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vespur




Ný sending af Vespum á frábæru verði kr 229,999 Hagkaup Garðabæ 563 5412.

## Lyftarar

Innfluttir notaðir TOYOTA rafmagnslyftarar 1,0-2,5 T. Gámagengir. Lyftihæð allt að 4,7 mtr. Til afgreiðslu strax. Orkuver ehf. Smiðjuvegi 11 Kópavogi. s. 534 34 35 myndir á: www.orkuver.is

## Fjórhjól




## Bílaþjónusta



PETRONAS 15/40W HÁGÆÐA SMUROLÍA AÐEINS KR 495.-Ltr. EINNIG FROSTLÖGUR, GLUSSI, RÚÐUVÖKVI OG GÍROLÍA Á HEILDSÖLUVERÐI. DS-Lausnir ehf. 561-8373 www.dslausnir.is



### Flutningar, partý, hóp
Höfum sendibíla, 9 og 14 manna bíla til leigu sem og allar aðrar helstu gerðir bifreiða. Sendibíll 6.900,- dagurinn. 9 manna 16.000,- dagurinn. 14 manna 29.900,- dagurinn. Ótakmarkaður kílómetrafjöldi og tryggingar innifaldar. Cheap Jeep, 562-6555, www.cheapjeep.is.

## Varahlutir

**BILAPARTAR.IS**
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




### Bílapartasala
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

### VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Varahlutir í primera ,98. Baleno Wagon ,97. Vitara árg. ,97. MMC Space Wagon ,97, Kia Sephia ,99, Yaris ,00, Hatcback ,96, ,97 1600, Xli 1300 ,94, Escord ,98. Accent ,95 & ,97 & ,98. Impreza ,99. Legacy ,96. Almera ,98. Carina ,97, Vento ,97, Lanos ,99, Elantra Wagon ,97 og ,99 Civic ,99. Golf ,95, Nissan ,94. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### Partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

### Hringbraut.is Varahlutasala
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

### Partahúsið - S. 555 6666
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

### Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir.is

## Til sölu



**M.BENZ ML500 AMG. Árgerð 2006**, með stóra skjánum og fleira og fleira, Sjálfskiptur.

**Verð 5.990 þús skipti möguleg**
Rnr.102763

Höfðabílar, Fossháls 27, 110 RVK
577 4747 www.hofdabilar.is

HÖFÐABÍLAR ...þar sem bílar seljast

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

The Academy of Colour and Style

**Viltu verða stílisti?**
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101. www.utlit.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur




Sími 517-8878 / 897-7547. Einnig velkomið að líta við í verslun okkar í Dugguvogi 17-19. 2.hæð

# TILKYNNINGAR

## Einkamál



Stefnumót.is Vandaður gjaldfrjáls vefur fyrir einhleypt fólk. Fritt textaspjall, frítt videóspjall.

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

## Tilkynningar




**Viltu gefa? . . . Ekki henda!**

★ Sækjum ef óskað er

símar: 561 1000
661 6996

**Nytjamarkaður Samhjálpar**
Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opið alla daga
kl. 13 – 18 nema
laugard.og sunnud.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆNUM**
**Dags, viku og mánaðarleiga.**
**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**

**sími 896 4661**

ROOM F/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK.NEAR KRINGLAN AND 109 / 111 BREIÐHOLT 8973611

Til leigu hæð 93 fm í einbh í Vesturbæ 3ja herb m húsgögn fyrrih árs 2011 Upplýs 8411778/8680594

**Við Stykkishólm**
Við Stykkishólm Glæsilegt nýtt og notalegt frístundahús, til leigu næstu helgar, jól áramót og á næsta ári. Sv.pláss fyrir 7-8. Heitur pottur, gott verð. S: 660-1060 og holshus@holshus.is.

## Atvinnuhúsnæði



**Hvaleyrarbraut - Hafnarfjörður til sölu ótrúlegt verð á atvinnuplássi.**
Til sölu heildareignin sem er um 1648 fm. Skiptist í 3 einingar með góðri lofthæð og þrennum innkeyrsludyrum frá porti. Frekar hrátt húsnæði en ótrúlega gott verð. Ekkert áhvíl-engin skipti. Verð 69 millj ( 42 þús per fm). s: 895-2049

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Jól í smáauglýsingum**

**Viltu senda jóla eða áramótakveðju ?**



**Hafðu þá samband við sölumann í s. 512 5407**

## Atvinna

# Víkurskóli, Vík í Mýrdal auglýsir lausa stöðu grunnskólakennara frá 1. janúar 2011:

- Umsjónarkennari í samkennslu 3. og 4. bekkjar
- Meðal kennslugreina í 3. og 4. bekk, íslenska, stærðfræði og samfélagsfræði
- Danska og íslenska í 7. – 10. bekk
- Sérkennsla á yngsta stigi

**Umsóknarfrestur er til 30. desember**

Nánari upplýsingar veita:
Anna Björnsdóttir skólastjóri s: 487-1242
Ásgeir Magnússon sveitarstjóri s: 898-3340





Mýrdalshreppur er um 500 manna sveitarfélag. Í Vík er öll almenn þjónusta svo sem grunn- leik- og tónskóli, heilsugæsla, dvalar- og hjúkrunarheimili, íþróttahús og sundlaug. Mikil áhersla er lögð á æskulýðs- og íþróttamál. Náttúrufegurð er rómuð í Vík og nágrenni og margir möguleikar til útivistar. Vík er í um 2 klst. fjarlægð frá Reykjavík og samgöngur eru greiðar árið um kring. Ferðaþjónusta er öflug og vaxandi í sveitarfélaginu og fjölbreyttir möguleikar eru fyrir fólk með ferskar hugmyndir. Sveitarfélagið og stofnanir þess eru þátttakendur í verkefni Lýðheilsustöðvar Allt hefur áhrif einkum við sjálf.

Tide Buss er eitt af stærri rútu og strætisvagna félögum í Noregi sem einnig sérhæfir sig í ferju og fjarðarsiglingum í Noregi , sem og allri almennri ferðaþjónustu. Félög innan Tide hafa ca 3500 starfsmenn, 1300 rútur og strætisvagna , ásamt 80 ferjum og hraðbátum. Félagið hafði veltu uppá 3,5 milljarða nrk árið 2009. Tide Buss er skráð á Osló hlutabréfamarkaðnum. Tide Buss er dótturfélag Tide ASA. Tide Buss sér einnig um áætlunnar akstur í Hordaland, Nord – Rogaland og Danmörku , ásamt því að sér félagið um skipulagðar hraðferðir og rútuferðir. Félagið er með veltu uppá 1.9 milljarða nrk og er með 2300 starfsmenn. Tide Buss er eigandi af dótturfélaginu Tide Buss Danmark og Tide Buss Haugasund og tekur virkan þátt í allri samkeppni og útboðum í Noregi. Félagið hefur öll réttindi er varða ISO 9001.

## Tide Buss i Bergen óskar eftir fleiri Íslenskum

# STRÆTISVAGNABÍLSTJÓRUM

Tide Buss í Fana sem er staðsett í suður Bergen óska eftir strætisvagnabílstjórum í 100 % starf. Umsóknaraðilar verða að hafa réttindi með ökuskírteini D (meirapróf)

Starfsstöð okkar hjá Tide Buss Fana er með ca 120 nýja strætisvagna og eru starfsmenn ca 250. Margir af okkar starfsmönnum koma frá Íslandi. Tide Buss er félag í miklum vexti og vonumst við eftir að fá fleiri nýja starfsmenn frá Íslandi til okkar.

Við leitumst eftir að þú:

- Getir starfað sjálfstætt og haft frumkvæði.
- Hafir vilja og getu til að vinna á krefjandi vinnustað.
- Hafir áhuga á því að vinna með öðru fólki.
- Hafir ríka þjónustulund.
- Hafir skilning á dönsku eða norsku og sért tilbúin að læra norsku.



Við getum boðið þér uppá góðan vinnustað og góða möguleika til að vaxa í starfi hjá félaginu.

Allar nánari upplýsingar getur þú fengið hjá Starfsmannastjóra Trond Knoop í síma +47 950 82 888.

Umsóknin þarf að skilast á dönsku/norsku eða ensku og sendist á jobb@tide.no.
Viðtöl við umsækjendur verða í Reykjavík eftir nánara samkomulagi.

**tide.no**

tide
Tide Buss AS



*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Högni Oddsson**

Garðbraut 85 áður að Kirkjuvegi 5 Keflavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, laugardaginn 18. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 22. desember kl. 15.00.

**Örn Högnason** **Sesselja Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn og faðir*

**Hallgrímur Steingrímsson**

Hringbraut 2a Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 14. desember á St. Jósefsspítala. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 22. desember og hefst kl. 13.00.

**Ágústa Hannesdóttir** **Snorri Hallgrímsson**



*Útför*

**Margrétar Pálsdóttur**

sem lést í Seljahlíð þann 7. desember hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk í Seljahlíð fyrir umhyggju og alúð.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma*

**Sólveig Guðmundsdóttir**

lögfræðingur, Tjarnargötu 28, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 12. desember. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Björn Líndal**
**Sigyn Eiríksdóttir** **Friðrik Dagur Arnarsson**
**Signý Eiríksdóttir** **Jón Tryggvason**
**Óskar Eiríksson** **Emma Peirson**
**Vigdís Eva Líndal** **Þórhallur Axelsson**
**Guðmundur Páll Líndal** **Kristín Lára Helgadóttir**
**og barnabörn**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Jónas Helgason**

frá Stórólfshvoli, Núpalind 4, Kópavogi,

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 19. desember.

**Guðrún Árnadóttir**
**Særún Jónasdóttir** **Kjartan Sigurðsson**
**Helgi Jónasson** **Bodil Mogensen**
**og barnabörn**

# Útnefnd karatefólk ársins 2010

Stjórn Karatesambands Íslands hefur útnefnt Aðalheiði Rósu Harðardóttur, Karatefélagi Akraness, karatekonu ársins 2010 og Kristján Helga Carrasco, UMF Aftureldingu, karatemann ársins 2010.

Aðalheiður er í landsliði Íslands í karate og keppir á mótum bæði innanlands í báðum greinum karate, kata og kumite. Helsti árangur Aðalheiðar á árinu er bikarmeistaratitill unglinga og bronsverðlaun á Norðurlandameistaramóti auk þriggja gullverðlauna í unglingaflokkum á mótum erlendis.

Kristján Helgi er einnig landsliðsmaður í karate og keppir í báðum greinum karate, kata og kumite. Helsti árangur Kristjáns á árinu er bikarmeistaratitill fullorðinna og bikarmeistaratitill unglinga og Íslandsmeistaratitill í kata unglinga ásamt þremur verðlaunum á erlendum mótum.

Að auki hefur stjórn Karatesambands Íslands veitt Jóhannesi Gauta Óttarssyni sérstaka viðurkenningu fyrir frábæran árangur á árinu en hann varð hafði sigur í kumite unglinga 14-15 ára á Norðurlandameistaramótinu sem fór fram í apríl á þessu ári. **- rat**



**KARATEFÓLK ÁRSINS** Kristján Helgi Carrasco, Jóhannes Gauti Óttarsson og Aðalheiður Rósa Harðardóttir. MYND/KARATESAMBAND ÍSLANDS

# Maríubænir fyrir Mæðrastyrksnefnd

Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Steingrímur Þórhallsson orgelleikari halda kyrrðar- og íhugunartónleika í Neskirkju, eins og þau hafa gert af og til undanfarin ár, miðvikudagskvöld klukkan 21.00. „Tilgangur tónleikanna er að hafa stund fyrir fólk til að setjast niður við kertaljós og fallega tónlist til að leitast við að finna hinn sanna anda jólanna í hinum mikla hraða og hávaða sem einkennir vestrænt jólahald nú á dögum,“ segir í tilkynningu, og verður áherslan á tónlist sem tileinkuð er Maríu mey.



**HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR**

Frítt verður inn á tónleikana, til að enginn þurfi frá að hverfa af fjárhagsástæðum, en við inngang verður safnbaukur fyrir frjáls framlög sem munu renna óskipt til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur.

Hallveig Rúnarsdóttir og Steingrímur Þórhallsson eru listamenn af yngri kynslóðinni sem hafa vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir tónlistarflutning sinn. Þau hafa starfað mikið saman við Neskirkju síðastliðin ár, þar sem þau stofnuðu ásamt fleirum endurreisnarhópinn Rinascente. **- fsb**

# Gefa sölutekjur af Jólanótt

Liðsmenn í hljómsveitinni Lands & sona hafa ákveðið að styrkja Barnaspítala Hringsins með því að gefa honum um ókomna tíð allar sölutekjur flytjenda af laginu Jólanótt sem fáanlegt er á Tónlist.is í nýrri hátíðlegri útgáfu.



**BARNASPÍTALI HRINGSINS** Velunnarar Barnaspítalans og áhugafólk um góða íslenska tónlist geta keypt lagið Jólanótt á tonlist.is. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Síðastliðin tvö ár hafa fæðst fjögur börn inn í Lands & sona „fjölskylduna“ sem öll hafa komið við á vökudeild Barnaspítala Hringsins til lengri eða skemmri tíma. Þrjú þeirra döfnuðu vel og eru við hestaheilsu í dag en því miður fer ekki alltaf allt á besta veg og eitt af krílunum beið ósigur í baráttunni.

„Við gerum okkur grein fyrir því að ekki er um stórkostlegar upphæðir að ræða en til langs tíma litið getur safnast saman drjúg upphæð ef lagið nær að festa sig í sessi og verða eitt af klassískum íslenskum jólalögum,“ segir Njáll Þórðarson, einn liðsmanna Lands & sona, og tekur fram að þessu framlagi sveitarinnar fylgi endalausar þakkir fyrir það frábæra starf sem unnið sé á Vökudeildinni. **- gun**

# Hörður hlýtur styrk

Góði hirðirinn hefur styrkt Hestamannafélagið Hörð í Mosfellsbæ til smíðar á tveimur hnökkum fyrir fatlaða reiðmenn.

Smíðin er liður í áætlun félagsmanna Harðar að hefja reiðþjálfun fyrir fatlaða. Verið er að sérvelja fjóra til fimm hesta og vonir standa til að þeir verði tilbúnir í janúar. Einnig stendur yfir leit að fyrirtækjum eða einstaklingum sem tilbúnir eru að taka að sér uppihald á einum eða fleiri hestanna. Þangað til sjá félagsmenn sjálfir um hestana svo þjálfunin geti hafist sem fyrst.

Á vef Mosfellsbæjar kemur fram að Guðjón Magnússon, formaður Harðar, sé afar stoltur af verkefninu og styrknum.

Aðrir sem hlutu styrki eru Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn, Mæðrastyrksnefnd, Rauði krossinn, Bandalag kvenna, Hringsjá, Unhyggja og Stígamót. **- tg**



**HESTAMANNAFÉLAGIÐ HÖRÐUR** Leitar nú að hestum sem nota á í þjálfun fatlaðra reiðmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Jónatan Kristjánsson**

málari, Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður Heiðargerði 27, Reykjavík,

lést á Grund föstudaginn 17. desember. Útförin fer fram miðvikudaginn 29. desember frá Grensáskirkju kl. 11.00.

**Jóna Laufey Hallgrímsdóttir.**
**Margrét Þóra Guðmundsdóttir** **Ólafur Þór Sigurvinsson.**
**Kristján Guðmundsson** **Margrét Jóhannsdóttir.**
**Ásta Vilhelmína Guðmundsdóttir** **Ásgeir Sigurvinsson.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma*

**Herdís Antoníusardóttir**

Skúlagötu 20,

lést föstudaginn 17. desember á Öldrunardeild Landspítalans.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Jóhanna Antonía Sigsteinsdóttir**
**Sigurbergur Sigsteinsson** **Guðrún Hauksdóttir**
**Oddný Sigsteinsdóttir** **Líney Rut Halldórsdóttir**
**Sjöfn Sigsteinsdóttir** **Finnur Pálsson**
**Þröstur Sigsteinsson** **Soffía Sturludóttir**


20% afsláttur
af skíðapökkum
og snjóbrettapökkum
ROSSIGNOL
PURE MOUNTAIN COMPANY®
NORDICA
Skíðadeildin er í Glæsibæ. | Brettadeildin er í Kringlunni.
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • WWW.UTILIF.IS
ÚTILÍF

# 25% afsláttur

# af öllum búsáhöldum



GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐ

GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐ




## Jólastemning í verslunum BYKO!



Ingó Veðurguð og Gummi bróðir hans skemmta í dag.

### Frábær skemmtun í verslunum BYKO til jóla!

**Í dag, 21. desember**

Ingó Veðurguð og Gummi bróðir hans ætla að spila og syngja öll skemmtilegustu jólalögin í bland við þekktustu lög Veðurguðanna.

**Breidd:** 18:00-18:40
**Kauptún:** 19:00-19:40
**Grandi:** 20:00-20:40

Margrét á nikkunni spilar jólalögin sem allir þekkja!

**Breidd:** 16:00-17:00
**Kauptún:** 17:30-18:30
**Grandi:** 19:00-20:00



Margrét spilar jólalög á nikkuna.

**Á morgun, 22. desember**

Tríó Björns Thoroddsen leikur falleg jólalög af sinni alkunnu snilld.

**Breidd:** 18:00-18:45
**Kauptún:** 19:00-19:45
**Grandi:** 20:00-20:45

Margrét á nikkunni spilar jólalögin sem allir þekkja!

**Breidd:** 17:00-18:00
**Kauptún:** 18:30-19:30
**Grandi:** 15:30-16:30

Harmonikkukvintettinn töfrar fram einstaka jólatóna.

**Breidd:** 16:00-17:00
**Kauptún:** 17:15-18:15
**Grandi:** 18:45-19:45

**Þorláksmessa 23. desember**

Skólahljómsveit Kópavogs spilar jólalögin af hjartans einlægni.

**Breidd:** 18:00-18:30
**Kauptún:** 19:00-19:30
**Grandi:** 20:00-20:30

Æsispennandi uppboð á jólavörum – ekki missa af því!

**Breidd:** 16:00-17:00
**Kauptún:** 14:00-15:00
**Grandi:** 18:00-19:00

Harmonikkukvintettinn töfra fram einstaka jólatóna.

**Breidd:** 19:00-20:00
**Kauptún:** 20:15-21:15
**Grandi:** 21:45-22:45

**OPIÐ TIL 22:00** BREIDD - KAUPTÚN - GRANDI - SELFOSS - AKUREYRI

EXPO - www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# BYKO

**Tilvalin jólagjöf**

## 25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GERVIJÓLATRJÁM

**790**

**Tilvalin fyrir skötuveisluna!**
Lyktareyðir fyrir t.d. heimili og vinnustaði!

Vnr. 43381700
**Lyktareyðir**
AIR SPONGE lyktareyðir, 227 g.

GERÐU VERÐSAMANBURÐ! GERÐU VERÐSAMANBURÐ!

## Korthafatilboð!

**35% afsláttur**

Verð með BYKO korti **8.990**
Verð án BYKO korts: 13.829

Þú nýtur bestu tilboðanna í BYKO með Viðskiptakorti BYKO

Vnr. 50006000
**Eldvarnarpakki**
Slökkvitæki, reykskynjari og eldvarnarteppi.

Slökkvitæki, duft, 6 kg.

Reykskynjari, optískur, hentar vel í eldhúsið.

Eldvarnarteppi, 1x1 m.

**25% afsláttur**
KHG
Vnr. 65103008
**Handþeytari**
KHG handþeytari, 300W silfurlitaður og svartur.
**3.740** Full verð: 4.990

**25% afsláttur**
KHG
Vnr. 65103004
**Brauðvél**
KHG brauðvél, hvít, bakar 900 g brauð.
**11.190** Full verð: 14.990

**25% afsláttur**
KHG
Vnr. 65103013
**Hraðsuðukanna**
Hraðsuðukanna, 2200W, 1,7 l, svört.
**4.490** Full verð: 5.990

**25% afsláttur**
Galanz
Vnr. 65753111
**Örbylgjuofn**
Galanz örbylgjuofn, 800 W.
**11.190** Full verð: 14.990

**25% afsláttur**
FRÁBÆR KAFFIVÉL SEM SÝÐUR VATNIÐ!
SEVERIN
Vnr. 65105700
**Kaffivél**
SEVERIN kaffivél, sýður vatnið, 1450W.
**11.990** Full verð: 15.990

**25% afsláttur**
BOSCH
Vnr. 65761600
**Ryksuga**
BOSCH ryksuga, blá, 1700W.
**11.190** Full verð: 14.990

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** margskonar, 6. í röð, 8. meiðsli, 9. rúmábreiða, 11. númer, 12. bragsmiður, 14. gef nafn, 16. tveir eins, 17. sigti, 18. drulla, 20. skammstöfun, 21. umkringja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** loga, 3. tveir eins, 4. sandgrynning, 5. dýrahljóð, 7. kökugerð, 10. klastur, 13. festing, 15. sjá eftir, 16. hald, 19. holskrúfa.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. ýmsu, 6. áb, 8. mar, 9. lak, 11. nr, 12. skáld, 14. skíri, 16. tt, 17. mið, 18. aur, 20. fr, 21. króa. **LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. mm, 4. sandrif, 5. urr, 7. bakstur, 10. kák, 13. lím, 15. iðra, 16. tak, 19. ró.

**Jólaúthlutun Fjölskylduhjálpar Íslands**
**Er sem hér segir:**

Reykjavík
Eskihlíð 2-4
S. 892 9603
14-15-21-22 des.
Frá kl 14:00

Reykjanesbær
Hafnargötu 29
S. 697 3521
22. des

Akureyri
Freyjusnesi 4
S. 869 0820
22. des

Fjölskylduhjálp Íslands




# Ljósin úr svörtustu Afríku

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Yfirleitt er afskaplega leiðinlegt að lesa um innflytjendamál eftir að allir urðu svo upplýstir að þeir hættu að geta alhæft nema á laun. Ég ætla samt sem áður að koma inn á þetta málefni og ekki nóg með það heldur ætla ég að alhæfa rétt eins og væri ég sýslumaður um miðja síðustu öld.

**ÞANNIG** er nefnilega mál með vexti að ýmsir innflytjendur hafa, satt best að segja, á sér óorð mikið hér á Suður-Spáni. Algengt er að heyra að hitt og þetta þorpið hafi verið öruggt og gott uns þesslendingar og hinlendingar komu til skjalanna. Þá fjölgaði innbrotum, segja bæjarbúar, eiturlyfjamálum, slagsmálum og öllu því sem eitt bæjarfélag vill vera laust við. Algengt er að heyra varnaðarorð á við þessi: „Ekki láta krakkana fara þarna, það er fullt af þesslendingum þarna.“ Reyndar hefur ekki tekist að kenna hin- og þesslendingum um kreppuna en þar skortir líklegast hugmyndaflug frekar en vilja.

**EKKI** nenni ég að gera grein fyrir því hvaðan hinlendingar og þesslendingar eru. Hins vegar langar mig að tala um þann stóra hóp sem alveg hefur farið á mis við þetta slæma orðspor.

**MEÐ** reglulegu millibili heyrum við fréttir af svaðilförum fólks frá löndunum sunnan Sahara sem kemst yfir sundið og til Spánar við illan leik og hefur jafnvel horft á eftir ættingjum og vinum hverfa í hafið á þessu ferðalagi. En síðan heyrir maður ekki meira af þessu fólki, hvorki í glæpatíðindum né hjá illum tungum á torginu, og gildir því hið fornkveðna að engar fréttir eru góðar fréttir. Reyndar er það svo að ég hef ekki heyrt nokkurn mann hallmæla þessu fólki, nema þá viðskiptamönnum úr tónlistarbransanum sem eru að agnúast út í þá fyrir að selja upptekna geisladiska á götum úti. Sunnan Saharabúar eru nefnilega hér í suðursveitum Spánar rómaðir fyrir að vera kurteisir, friðsælir með eindæmum og ljúfir á alla lund. Ég þekki reyndar fjölmarga þeirra og get alveg skrifað upp á þessa lýsingu.

**ÞAÐ** er alveg með ólíkindum að geta komið með tvær hendur tómar í nýtt land, þar sem flestar dyr standa þér lokaðar, og samt sem áður verið eins og ljós. Svo ég haldi nú áfram að alhæfa vil ég tilnefna þennan hóp, frá þessum heimshluta, sem áður var kallaður svartasta Afríka, bestu innflytjendurna.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is



**menning**
menning@frettabladid.is

**ÞJÓÐMÁL KOMIN ÚT** Vetrarhefti tímaritsins Þjóðmála er komið út. Meðal efnis er umfjöllun Ólafar Nordal um fyrirhugaðar breytingar á stjórnarskránni. Ragnhildur Kolka segir frá skrifum Theodores Dalrymple um hnignun vestrænna velferðarríkja, Björn Bjarnason skrifar um vaxandi virðingarleysi stjórnvalda fyrir lögum og rétti og Ragnheiður E. Árnadóttir skrifar um NATO á norðurslóðum.

# Yrsa hlaut Tindabikkjuna fyrir vestan

Glæpafélag Vestfjarða veitti Tindabikkjuna í fyrsta sinn fyrir helgi, en hún er veitt fyrir bestu glæpasögu ársins. Fyrst til að hreppa hnossið kæsta var Yrsa Sigurðardóttir fyrir skáldsöguna Ég man þig.

Í umsögn dómnefndar segir meðal annars að Yrsu takist „að blanda saman hryllingi draugasagna og spennustigi glæpasagna á listilegan hátt, janfframt því að gera umhverfi og aðstæður ljóslifandi fyrir hugskotssjónum lesenda. Hún er verðugur fyrsti viðtakandi Tindabikkju Glæpafélags Vestfjarða.“


YRSA SIGURÐARDÓTTIR RITHÖFUNDUR

Í dómnefnd sátu: Anna Sigríður Ólafsdóttir ferðaþjónn í Arnardal við Skutulsfjörð, Elfar Logi Hannesson leikari á Ísafirði og Matthildur Helgadóttir Jónudóttir framkvæmdastjóri á Ísafirði.

Að launum hlýtur Yrsa viðeigandi verðlaunagrip sem myndlistarkonan Marsibil Kristjánsdóttir hannaði, bókina Vestfirðir í máli og myndum eftir Hjálmar R. Bárðarson sem Eymundsson á Ísafirði gefur, auk tveggja kílóa af skötu í soðið.

# Lífsþor Árna Grétars

Lífsþor er heildarsafn ljóða Árna Grétars Finnssonar, hæstaréttarlögmanns og bæjarfulltrúa í Hafnarfirði, sem lést haustið 2009. Ljóðabækur Árna Grétars; Leikur að orðum (1982) sem hér birtist í fyrsta sinn eftir endurskoðun hans sjálfs, Skiptir það máli? (1989), Septemberrós (1997) og Fiðluleikarinn (2006), hafa verið ófáanlegar um hríð en er hér safnað saman í eina bók að frumkvæði barna hans, Lovísu, Finns og Ingibjargar, sem jafnframt gefa bókina út. Nafn bókarinnar er sótt í þekktasta ljóð Árna Grétars, sem er að finna í fyrstu bók hans, Leik að orðum.


ÁRNI GRÉTAR FINNSSON

Í formála systkinanna er haft eftir Árna Grétari að ýmis tilefni hafi orðið honum kveikja að ljóði, meðal annars veiðitúrar með fjölskyldu og vinum, garðvinna á Klettahrauninu og ferðalög um heiminn.

Myndskreytingar voru veigamikill þáttur í öllum bókum Árna Grétars og eru þær allar endurbirtar í Lífsþori. Jón Gíslason á myndirnar í Leik að orðum, Eiríkur Smith í Skiptir það máli?, Sveinn Guðbjartsson í Septemberrós og Gunnar Karlsson í Fiðluleikaranum.

Árni Grétar Finnsson fæddist 3. ágúst 1934, sonur Finns Árnasonar, trésmíðameistara og bæjarverkstjóra á Akranesi, og Eyglóar Gamalíelsdóttur.

Árni Grétar varð stúdent frá VÍ 1955 og lauk cand. juris prófi frá HÍ 1961. Sama ár stofnaði Árni eigin lögfræðiskrifstofu í Hafnarfirði og rak hana til ársins 2007. Hann var umsjónarmaður Sjóvátryggingafélags Íslands hf. í Hafnarfirði 1962-89, sat í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1957-67 og í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1964-67. Árni Grétar var varabæjarfulltrúi í Hafnarfirði 1962-66 og bæjarfulltrúi þar 1966-90.

- fsb



**BERGSVEINN BIRGISSON OG KRISTÍN STEINSDÓTTIR** Bækur þeirra beggja, Svar við bréfi Helgu og Ljósa, hafa slegið í gegn fyrir þessi jól en báðar fela þær í sér endurlit til fortíðar.

# Fortíðin fellur í kramið í ár

**Ljósa eftir Kristínu Steinsdóttur og Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson virðast vera spútnikbækur ársins af sölutölum að dæma. Ljósa hefur selst í um sjö þúsund eintökum og Svar við bréfi Helgu í um 6.500 eintökum það sem af er ári.**

Sem fyrr er það Arnaldur Indriðason sem ber höfuð og herðar yfir aðra höfunda á metsölulistum þetta árið. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri hjá Forlaginu, kveðst geta trúað að Furðustrandir seljist í 29 til 30 þúsund eintökum þegar upp verði staðið.

Hann nefnir hins vegar bók Kristínar Steinsdóttur, Ljósu, sem helstu spútnikbók ársins hjá Forlaginu, en hún hefur selst í um sjö þúsund eintökum það sem af er ári.

„Ég held að Ljósa og Svar við bréfi Helgu eftir Bergsvein Birgisson séu óvæntustu „smellirnir“ í hópi innlendra skáldsagna í ár.“


AUÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR

Undir það tekur Guðrún Vilmundardóttir hjá Bjarti, sem gefur út Svar við bréfi Helgu, sem hún segir að hafi selst í 6.500 eintökum hingað til.

„Upphaflega var bókin aðeins prentuð í þúsund eintökum og við hefðum verið sæl með að selja það upplag. Svo fór hún á þetta rosalega flug, yfir öll landamæri eins og við segjum, og gjörsamlega rýkur út,“ segir Guðrún, sem býst við að bókin seljist í 8.500 eintökum áður en yfir lýkur.

Ljósa og Svar við bréfi Helgu eiga fleira sameiginlegt en lofsamlega dóma og að seljast vel því báðar fjalla þær um liðna tíð: Ljósa fjallar um glímu titilpersónunnar við geðhvarfasýki í kringum aldamótin 1900. Svar við bréfi Helgu fjallar um aldraðan bónda sem í bréfi til fyrrverandi ástkonu leiðir hugann að því hvort hann hafi breytt rétt með því að velja sveitina fram yfir konuna sem hann elskaði.

Má draga einhverjar ályktanir af því að þessar bækur hafa slegið í gegn í ár?

„Eitt af því sem ég hef tekið eftir og heyrt fleiri tala um er að íslenskir rithöfundar virðast sækja meira í arfinn; auk Bergsveins og Kristínar má líka nefna Blóðhófni Gerðar Kristnýjar,“ segir Auður Aðalsteinsdóttir, bókmenntafræðingur og annar ritstjóra bókmenntatímaritsins Spássíunnar.

**Fátt bendir til þess að Logi Geirsson muni spila með íslenska handboltalandsliðinu á HM í Svíþjóð í janúar. Öxlin er enn að plaga hann og batinn er ekki hraður. Logi útilokar ekki að fara í aðra aðgerð vegna meiðslanna.**



**EKKERT GULL Í JANÚAR?** Logi Geirsson ætlaði sér að vinna heimsmeistaratitil með landsliðinu í janúar en þarf líklega að fylgjast með mótinu úr sófanum heima hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HANDBOLTI** „Það lítur út fyrir að fallbyssan fari ekki á HM,“ segir Logi Geirsson en honum gengur afar illa að ná bata vegna langvarandi axlarmeiðsla. „Það þarf kraftaverk til þess að ég komist á HM eins og staðan er í dag.“

Um eitt og hálft ár er síðan Logi fór í aðgerð í Þýskalandi vegna meiðslanna en þrátt fyrir mikla hvíld og góða meðhöndlun hefur honum gengið afar illa að fá bót meina sinna.

Hann hefur ekki getað beitt sér sem skyldi með FH í vetur og tók sér frí frá handboltaiðkun um mánaðamótin. Þá fór hann í sprautumeðferð sem virðist ekki hafa skilað neinu.

„Þessar sprautur hafa því miður ekki skilað mér miklu. Ég er búinn að fara á skotæfingar og er alls ekki nógu góður. Ég mun vera í góðum höndum sjúkraþjálfarans Róberts Magnússonar næstu daga og vona það besta. Ég get ekki gert meira eins og staðan er í dag,“ segir Logi, sem virtist vera á fínum batavegi er hann átti mjög góðan leik fyrir landsliðið gegn Lettum í október.

„Eftir á að hyggja voru það líklega mistök að spila þann leik. Maður veit samt aldrei. Á þeim tíma var ég að komast á gott skrið.“

**Ætlaði að vinna gull á HM**

Logi getur ekki neitað því að það séu gríðarleg vonbrigði að missa væntanlega af HM enda sér hann fyrir sér að landsliðið geti gert það verulega gott í Svíþjóð.

„Ég var búinn að gíra mig upp í að ég væri að fara til Svíþjóðar til þess að vinna gull. Ég hef mjög háleit markmið sem persóna og íþróttamaður enda hef ég stefnt leynt og ljóst að því að vinna gull í Svíþjóð síðan við unnum bronsið í Austurríki. Ég hef gríðarlega trú á þessu landsliði sem við eigum og það verður grátlegt að þurfa væntanlega að fylgjast með úr sófanum heima.

Það er verulega svekkjandi að geta ekki spilað með Íslandi, sem á möguleika á að vinna mótið. Ég væri ekki eins svekktur ef ég væri að spila með landsliði sem ætti ekki möguleika á að vinna. Það er eitthvað að fara að gerast á þessu móti,“ segir Logi súr og svekktur.

Miðjumaðurinn úr Hafnarfirðinum getur ekki leynt því að hann sé orðinn langþreyttur á þessum meiðslum og hann segir vel koma til greina að fara í aðra aðgerð á öxlinni.

„Ég þarf að ræða við læknateymi landsliðsins um framhaldið. Það er ekkert ólíklegt að við opnum öxlina og kíkjum inn. Einhvers staðar er lausnin og hana verður að finna. Það er mjög pirrandi að geta ekki beitt sér af fullum krafti og ég tala ekki um eftir allan þennan tíma. Það er í raun fáránlegt að ég sé ekki orðinn betri en raun ber vitni. Ég er búinn að reyna allt sem hægt er að gera,“ segir Logi sem leyfir sér þó að brosa í gegnum tárin. „Það eru ekki alltaf jólin þó svo að þau séu núna.“

henry@frettabladid.is



**ÁFRAM HJÁ CITY** Carlos Tevez er hættur við að fara frá Man. City. MYND/AP

Manchester City í gærkvöldi:

## Tókst ekki að taka toppsætið

**FÓTBOLTI** Manchester City tókst ekki að taka toppsætið af nágrönnum sínum í Manchester United í gærkvöldi og vera á toppnum yfir jólin. Manchester City tapaði 1-2 á heimavelli á móti Everton en gestirnir úr Bítlaborginni höfðu ekki unnið leik síðan 30. október.

Manchester City er því áfram með 32 stig, tveimur stigum á eftir Manchester United en búið að spila tveimur fleiri leikjum. Tim Cahill og Leighton Baines komu Everton í 2-0 á fyrstu 19 mínútum leiksins en Manchester City náði að minnka muninn á 72. mínútu með sjálfsmarki Phils Jagielka tólf mínútum eftir að Everton-maðurinn Victor Anichebe var rekinn útaf með tvö gul spjöld.

Carlos Tevez tilkynnti fyrir leikinn að hann væri hættur við að vilja fara frá City og bar hann fyrirliðabandið í leiknum. Tevez tókst þó ekki að skora enda var Tim Howard í miklu stuði í marki Everton. - óój

Emil Hallfreðsson í gær:

## Var með tvö mörk í stórsigri

**FÓTBOLTI** Emil Hallfreðsson skoraði tvö mörk fyrir Hellas Verona sem vann 4-0 sigur á botnliði Paganese í ítölsku C-deildinni í gærkvöldi. Verona komst upp úr fallsæti með þessum góða sigri.

Emil skoraði bæði mörkin í fyrri hálfleik, það fyrra með þrumuskoti af teig á 13. mínútu og það seinna með skoti eftir skyndisókn á 31. mínútu. Emil kom Verona í 1-0 og í 3-0 í leiknum en öll mörk liðsins komu á fyrstu 45 mínútunum.

Emil hafði skorað 2 mörk í fyrstu 14 leikjum tímabilsins og tvöfaldaði því markaskor sitt í þessum leik. - óój



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**RÓBERT ARON HOSTERT** Skoraði 4 af 5 mörkum sínum í fyrri hálfleik.

Íslenska 21 árs landsliðið:

## Töpuðu fyrir Noregi í gær

**HANDBOLTI** Íslenska 21 árs landsliðið tapaði 32-35 á móti Noregi í þriðja og síðasta æfingaleik þjóðanna sem fram fór á Selfossi í gærkvöldi. Ísland vann fyrsta leikinn 29-29 en liðin gerðu síðan 25-25 jafntefli í öðrum leiknum.

Ísland var 15-12 yfir mínútu fyrir hálfleik en Norðmenn skoruðu þrjú síðustu mörkin í hálfleiknum og gerðu síðan út um leikinn með því að breyta stöðunni úr 24-24 í 25-30 þegar tíu mínútur voru eftir.

Selfyssingurinn Ragnar Jóhannsson var markahæstur en hann skoraði 7 mörk, einu meira en Guðmundur Hólmar Helgason og Oddur Gretarsson. Arnór Stefánsson varði 16 skot þar af 12 þeirra í fyrri hálfleik. - óój

Hlynur og Jakob í Sundsvall:

## Skoruðu saman 45 stig í sigri

**KÖRFUBOLTI** Hlynur Bæringsson og Jakob Örn Sigurðarson fóru á kostum í 94-88 sigri Sundsvall Dragons á toppliði LF Basket í sænsku úrvalsdeildinni í körfubolta í gærkvöldi.

Hlynur var stigahæstur hjá Sundsvall með 23 stig og Jakob Örn Sigurðarson var með 22 stig og 5 stoðsendingar. Þeir hittu saman úr 12 af 18 skotum sínum utan af velli í leiknum og settu enn fremur niður 16 af 17 vítum sínum.



Sundsvall Dragons hefur verið á miklu skriði upp á síðkastið, ekki síst fyrir frábæra frammistöðu þeirra félaga. Þetta var sjöundi sigur liðsins í röð í deildinni og hann kom liðinu upp í 3. sætið. - óój





Vertu rétt græjaður

Njóttu þess að ferðast. Kauptu réttu aukahlutina fyrir fjórhjólið hjá BJB.

Við hjá BJB þjónustum einnig fjórhjólið þitt. Setjum aukahlutina á, skiptum um olíu, rafgeymi eða sinnum öðru reglulegu viðhaldi.

Skoðaðu www.bjb.is. Komdu í BJB.

Pústþjónusta BJB

Aukin þjónusta

Opið: mánud. til fimmtudaga kl. 8:00 - 18.00, föstudaga kl. 8:00 - 16:30.

BJB | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 1090 | www.bjb.is



# FULL BÚÐ AF JÓLAGJÖFUM!

Glæsilegt úrval jólagjafa á frábæru verði fyrir alla!
Intersport óskar þér og þínum gleðilegra jóla!




**ADIDAS J DOWN JACKET**
Aðsniðin dúnúlpa með hettu sem taka má af.
Litir: Rauð, svört. Dömustærðir.




**ADIDAS 3S POLAR FLEECE**
Rennd peysa úr flísefni. Dömustærðir.




**NORTHBROOK CABLE MITTEN** Prjónavettlingar með flísfóðri. Litir: Svartir, hvítir. Dömustærðir.
**NORTHBROOK CABLE BEANIE** Prjónahúfa með kaðlamynstri. Dömustærðir.




**ADIDAS CREW SWEATER**
Peysa úr 80% bómull og 20% polyester. Litir: Grá, svört. Herrastærðir.




**ADIDAS DOWNLIKE JACKET**
Létt og þægileg vetrarúlpa með hlýju fóðri. Herrastærðir.




**ADIDAS BATIDA II MIX**
Götuskór úr leðri. Herrastærðir.




**FIREFLY FREEDOM PARKA**
Vetrarúlpa með þykku og hlýju fóðri.
Barnastærðir.




**SKECHERS ONSET**
Vetrarskór með riflásum og grófum sóla með góðu gripi.
Hrinda frá sér bleytu. Barnastærðir.




**FIREFLY PETE FLEECE**
Rennd hettupeysa úr flísefni.
Barnastærðir.

**OPIÐ TIL 22:00**
alla daga til jóla
Á AKUREYRI, BÍLDSHÖFÐA Í LINDUM OG SMÁRALIND

# INTERSPORT

**AKUREYRI** SÍMI 460 4890 OPIÐ: mán. - sun. 10 - 22 **BÍLDSHÖFÐA** SÍMI 585 7220 OPIÐ: mán. - lau. 10 - 22. sun. 12 - 22 **LINDUM** SÍMI 585 7260 OPIÐ: mán. - lau. 11 - 22. sun. 12 - 22
**SELFOSSI** SÍMI 480 4611 OPIÐ: mán. - sun. 10 - 18. **SMÁRALIND** SÍMI 585 7240 OPIÐ: mán. - lau. 11 - 22. sun. 13 - 22

Vöruúrval er misjafnt eftir verslunum. Allar vörur fáanlegar í LINDUM og á BÍLDSHÖFÐA!

EXPO • www.expo.is




**FAGNAÐI MEÐ GÓÐUM LEIK** Helena Sverrisdóttir lék vel með TCU. NORDICPHOTOS/AP

Helena Sverrisdóttir:

# Er útskrifuð frá TCU-skólanum

**KÖRFUBOLTI** Körfuboltakonan Helena Sverrisdóttir útskrifaðist úr Texas Christian háskólanum á laugardaginn og hélt upp á það með því að eiga góðan leik í öruggum 94-76 sigri á Sam Houston State í fyrrinótt.

Helena var nálægt þrennunni í leiknum en hún var þá með 18 stig, 10 fráköst og 7 stoðsendingar á 31 mínútu.

Helena kláraði próf í fjölmiðlun og getur nú einbeitt sér að fullu að körfunni næstu þrjá mánuði en þetta er síðasta tímabilið hennar með TCU-liðinu. - óój



**24 SIGRAR Í 45 LEIKJUM** Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefur gert flotta hluti með kvennalandsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurður Ragnar Eyjólfsson:

# Búinn að framlengja til 2012

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson framlengdi í gær samning sinn við KSÍ um að þjálfa íslenska kvennalandsliðið til ársloka 2012.

Sigurður Ragnar hefur stjórnað landsliðinu í 45 leikjum (24 sigrar, 5 jafntefli, 16 töp) frá árinu 2007 og er eini A-landsliðsþjálfarinn sem hefur komið liði sínu á stórmót (EM í Finnlandi 2009).

Næsta verkefni landsliðsins er leikir á móti Svíþjóð, Kína og Danmörku á Algarve-bikarnum í mars 2011 en næsta haust tekur síðan við undankeppni fyrir EM 2013. - óój




**FAGNAR MEÐ STELPUNUM** Þórir Hergeirsson sést hér fagna gullinu með leikmönnum í norska kvennalandsliðinu. NORDICPHOTOS/AFP

# HANN ER Í ÓTRÚLEGA STÓRU STARFI

**Þórir Hergeirsson gerði norska kvennalandsliðið að Evrópumeisturum á sunnudaginn. Fréttablaðið fékk Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfara norska úrvalsdeildarliðsins Levanger, til þess að meta afrek hans.**

**HANDBOLTI** Þórir Hergeirsson hefur ásamt norska kvennalandsliðinu gefið norsku þjóðinni góða jólagjöf. Selfyssingurinn stóðst gríðarlega pressu og stýrði norsku stelpunum til sigurs á fjórða Evrópumótinu í röð. Ágúst Þór Jóhannsson er búsettur í Noregi þar sem hann þjálfar norska úrvalsdeildarliðið Levanger. Hann hefur fylgst vel með Þóri og norska landsliðinu.

„Þórir er í miklum metum hérna en það er ekkert grín að vera þjálfari kvennalandsliðs Noregs í handbolta," segir Ágúst og bendir á gríðarlega mikið umtal og mjög mikla fjölmiðlaathygli á norska liðinu.

„Um leið og hann tapar einum leik, eins og á móti Svíum í milliriðlinum, þá fær hann alveg gríðarlega krítík á sig. Að sama skapi er hann hetja eins og staðan er í dag," segir Ágúst og bætir við:

„Það eru allt of fáir heima sem fatta það hvað hann er að gera ótrúlega hluti og hvað hann er í ótrúlega stóru starfi. Þetta er langstærsta starfið hérna og það er ekkert grín að þjálfa þetta lið," segir Ágúst.

Þórir er þegar búinn að byrja betur en fyrirrennari sinn Marit Breivik með því að vinna fyrsta gullið á aðeins sínu öðru stórmóti sem aðalþjálfari. Þórir átti líka mikinn þátt í sjö verðlaunum liðsins (fjórum gullum) á árunum 2001 til 2008 þegar hann var aðstoðarþjálfari Breivik, sem vann sitt fyrsta gull á sínu sjötta stórmóti sem var EM 1998 í Hollandi.



**RÓLEGUR OG YFIRVEGAÐUR** Þórir Hergeirsson talar við sínar stelpur í einu leikhléanna á EM.

„Kvennahandbolti er ótrúlega vinsæll hérna, bæði deildin og ekki síst landsliðið. Það er gríðarlega mikil umfjöllun og karlinn er undir pressu allan tímann. Það er mikið álag á honum en hann stendur sig frábærlega. Noregur er með frábært lið og að mínu mati með besta liðið. Það er ekki alltaf nóg að hafa besta liðið á pappír því það þarf að búa til liðsheild inni á vellinum og Þórir fær mikið út úr öllum leikmönnunum," segir Ágúst.

„Mér finnst norska liðið hafa spilað virkilega góðan varnarleik á þessu móti, er með frábæran markvörð og þær skora mikið úr hraðaupphlaupum. Þær eru ekkert rosalega taktískar en vinna mikið á því að spila á góðu tempói," segir Ágúst og bætir við að íslenski þjálfarinn skeri sig nokkuð út frá öðrum þjálfurum.

„Hann hefur sinn eigin stíl og er trúr sínu. Hann er mjög rólegur og er með mikið af starfsfólki í kringum sig. Hann vinnur rosalega mikið með öllu fólkinu sem er í kringum hann og lætur fólk hafa ábyrgð. Leikmennirnir hans fá líka ábyrgð um hvernig á að leggja upp leikinn en auðvitað er það hann sem ræður og stýrir öllum pakkanum. Styrkurinn hjá Þóri er að hann hefur mikið sjálfstraust. Það þarf mikið sjálfstraust til þess að stjórna svona stórum hópi fólks," segir Ágúst.

Það vakti athygli að Þórir var ekkert mjög áberandi í fagnaðarlátum norska liðsins strax eftir leikinn. „Hann er sérstakur þjálfari á mjög jákvæðan hátt. Hann er mjög rólegur og lítillátur. Það eru ekki læti í honum en það er bara hans aðferð og hún gengur upp," segir Ágúst.

Ágúst segir að Þórir hafi mjög gott orð á sér meðal leikmannanna sjálfra. „Allir leikmenn, bæði þeir sem ég hef verið með sem og aðrir, tala rosalega vel um hann. Hann fær toppeinkunn alls staðar," segir Ágúst.

Með því að vinna Evrópumótið tryggði norska liðið sér sæti á næstu þremur stórmótum, HM í Brasilíu 2011, Ólympíuleikum í London 2012 og svo EM í Hollandi 2012. Ágúst segir að Þórir sé að huga að framtíðinni og hafi verið duglegur að taka ungar stelpur inn í liðið.

„Hann var sérstaklega ánægður með að vera búinn að tryggja liðið inn á þessi næstu mót. Hann er að hugsa til framtíðar enda er Noregur heims- og Evrópumeistari hjá tuttugu ára landsliðum og það er hrikalegur efniviður hérna. Noregur verður aðalliðið í kvennahandbolta næstu fimm, sex, sjö árin. Það er alveg pottþétt," segir Ágúst og það má því búast við því að Þórir eigi eftir að bæta við fleiri gullum í nánustu framtíð. ooj@frettabladid.is



# JÓLATILBOÐ Í HÁTÆKNI



Panasonic

Frábært verð!

Verð **159.995 kr.**

TX-P42S20E

### 42" Panasonic Plasma FHD 600 Hz

- Panasonic TX-P42S20E er 42 tommu Plasma sjónvarp með frábærum myndgæðum
- 1920x1080 punkta upplausn
- 600 Hz tækni
- V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

**Vinsælasta tækið komið aftur!**



LG

Frábært verð!

Verð **229.995 kr.**

42LD750N

### LG 42" LCD Full HD 200Hz sjónvarp

- Glæsilegt 42 tommu Full HD LCD sjónvarp 200 Hz
- 1920x1080 punkta upplausn
- 3 x HDMI, LAN, 2 x USB 2.0, WiFi, DLNA og DivX HD stuðningur sem spilar MKV skrár



SALORA

10.000 afsláttur

Tilboðsverð **59.995 kr.**

Verð áður 69.995 kr.

1941DVXCI

### 19" Salora LCD með innbyggðum DVD spilara

- HD-Ready 1366x768 sjónvarp
- Innbyggður digital tuner (DVB-T)
- CI kortarauf
- DVD-spilari
- HDMI tengi
- 12 V. kapall fylgir með



LG

30.000 afsláttur

Tilboðsverð **149.995 kr.**

Verð áður 179.995 kr.

37LD450N

### LG 37" LCD Full HD sjónvarp

- Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920x1080 punkta upplausn
- XD Engine myndvinnslubúnaður
- 2 x HDMI
- USB.2.0
- SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi

PIPAR\TBWA • SÍA • 103238



4615

### Salora 7" myndarammi

- Flottur myndarammi með USB tengi og MMC/SD kortalesara
- Innbyggð vekjaraklukka

TILBOÐ

Tilboðsverð **7.995 kr.**

### Salora ferða DVD DVP-7007

- 7" ferða DVD-spilari frá Salora
- Festingar og taska fylgja ásamt 220V og 12V köplum

TILBOÐ

Tilboðsverð **19.995 kr.**





2005

TILBOÐ

Tilboðsverð **8.995 kr.**

Verð áður 9.995 kr.

### Salora CRL630CD útvarpsvekjari

- Frábær hljómur og flott hönnun
- Geislaspilari
- FM/AM útvarp
- Gott loftnet og þægilegt að stilla
- Næturljós

### Salora DVD 363 spilari HDMI

- Einfaldur og góður HDMI DVD spilari frá Salora
- Uppskölun 1080p
- Minniskortalesari og afspilun af USB 2.0

Tilboðsverð **9.995 kr.**



4063

TILBOÐ

ÁRA 25 VÖRUR 25% AFSL.

**25 vörur á 25% afmælisafslætti.**

vara 1



Veggfesting 30–50" fixed
16.995 25% 12.746 kr.

vara 18



Yamaha NSF700 hátalarar
169.995 25% 127.496 kr.

vara 9



Hreinsisett
3.995 25% 2.996 kr.

25 ára

Hátækni

1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–22.00

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

> **Dakota Fanning**

„Frá því að ég var lítil stelpa hef ég alltaf viljað leika. Ég átti það til að setja teppi undir skyrtuna mína og þykjast vera ólétt. Svo lék ég barnsfæðinguna.“

***Dakota Fanning leikur hina ofdekruðu Rae sem er þvinguð til að fá sér barnfóstru og þrátt fyrir erfiða byrjun eiga þær eftir að lenda í ýmsum ævintýrum í kvikmyndinni Uptown Girls sem sýnd er á Stöð 2 Bíó kl. 16.00 í dag.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD EYVINDSSON KANNAST EKKI VIÐ AÐ LYKTA ILLA

# *Ilmurinn í sjónvarpinu er svo lokkandi*

Ætli það sé almennt vond lykt af Íslendingum? Svona aðeins verri en gengur og gerist á meðal þjóða heimsins? Ég get að vísu ekki fundið nein merki um það í þessum skrifuðu orðum þar sem ég sit, rek nefið út í loftið og reyni að greina einhvern ódaun. Þeir sem í kringum mig sitja virðast reyndar bara lykta nokkuð vel og sjálfur er ég ekkert svo slæmur að því er ég tel, enda ekki spar á sápuna.

Seljendur ilmvatna og svitalyktareyða á Íslandi virðast hins vegar vera á öðru máli. Að minnsta kosti mætti draga þá ályktun ef horft er til allra snyrtivöruauglýsinganna sem fylla auglýsingatímana í sjónvarpinu um þessar mundir, væntanlega til að minna áhorfendur á hversu sniðugar jólagjafir ilmvötn og aðrar snyrtivörur eru (og einföld og góð aðferð til að fela betur fnykinn sem virðist leggja af lýðnum).



**VOND FÝLA EKKI VANDAMÁL** Seljendur ilmvatna ættu alvarlega að íhuga aðra nálgun í auglýsingamennsku.

Verst þykir mér þó að auglýsendur haldi virkilega að þetta beri einhvern árangur. Jú, jú, kannski hlaupa einhverjir út í búð en ólíklegra þykir mér þó að þeir kaupi akkúrat hitt eða þetta ilmvatnið af því að þeir sáu það í einhverri auglýsingu. Vandamálið er nefnilega að allar eru þessar sjónvarpsauglýsingar nánast eins, eftir forskrift samhengislausar og með eindæmum illa leiknar – meira að segja þekktum leikurum tekst að þvaðra eitthvert bull á óskiljanlegri ensku – svo erfitt er að greina á milli og það hreinlega toppar leiðindin.

Hvernig væri að sýna auglýsingar sem skera sig aðeins frá öllum hinum og ef þær eru ekki til, þá bara láta búa þær til hérlendis. Að minnsta kosti láta texta kvikindin eða döbba svo áhorfendur greini orðaskil.

## SJÓNVARPIÐ

**16.25 Þýski boltinn** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**18.00 Friðþjófur forvitni** (16:20)
**18.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Skólaklíkur** (32:34) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**20.50 Skemmtiþáttur Catherine Tate** (The Catherine Tate Show: Nan's Christmas Carol) Skemmtiþáttur bresku gamanleikkonunnar Catherine Tate.
**21.25 Návígi** (Baltasar Kormákur) Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. Gestur hans að þessu sinni er Baltasar Kormákur leikstjóri.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.20 Dauðir rísa** (1:12) (Waking the Dead VI) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.25 Fréttir** (e)
**00.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 School of Life**
**08.00 The Spiderwick Chronicles**
**10.00 Uptown Girls**
**12.00 Madea's Family Reunion**
**14.00 The Spiderwick Chronicles**
**16.00 Uptown Girls**
**18.00 Madea's Family Reunion**
**20.00 School of Life**
**22.00 No Country for Old Men**
**00.00 The Godfather**
**02.50 My Zinc Bed**
**04.10 No Country for Old Men**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.45 Galdrabókin** (20:24)
**07.50 Bratz**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lie to Me** (5:22)
**11.00 White Collar**
**11.45 Falcon Crest** (6:28)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (13:24)
**13.25 My Blue Heaven**
**15.00 ET Weekend**
**15.50 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 The Simpsons** (13:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**.
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (17:19)
**19.55 How I Met Your Mother** (8:22)
**20.20 Glee** (6:22)
**21.10 Undercovers** (3:13) Spennuþættir um Bloom-hjónin sem eru fyrrum CIA-njósnarar og reka nú litla veisluþjónustu í LA.
**21.55 The Deep End** (2:6) Þáttaröð um fimm unga og ákafa lögfræðinga og þeirra baráttu í að ná árangri á virtri lögfræðistofu.
**22.45 Dollhouse** (12:13) Þáttaröð sem gerist í náinni framtíð þar sem skotið hafa upp kollinum undirheimafyrirtæki sem gera út sérstaka málaliða, svokallaðar „brúður“.
**23.40 The Bill Engvall Show** (2:8) Frábærir gamanþættir með Bill Engvall úr Blue Collar Comedy.
**00.05 Modern Family** (3:22)
**00.35 Chuck** (5:19)
**01.20 Burn Notice** (1:16)
**02.05 My Blue Heaven**
**03.40 Glee** (6:22)
**04.25 The Deep End** (2:6)
**05.10 The Simpsons** (13:22)

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.05 Spænsku mörkin**
**17.55 Þýski handboltinn: Rhein-Neckar Löwen - Lemgo** Bein útsending frá leik Rhein-Neckar Löwen og Lemgo í þýska handboltanum.
**19.35 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - Magdeburg** Bein útsending frá leik Füchse Berlin og Magdeburg í þýska handboltanum. Dagur Sigurðsson er þjálfari Füchse Berlin og Alexander Petersson leikur með liðinu.
**21.15 Icelandic Fitness and Health Expo 2** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**21.55 Main Event** Sýnt frá World Series of Poker 2010 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**22.45 Þýski handboltinn: Rhein-Neckar Löwen - Lemgo** Útsending frá leik Rhein-Neckar Löwen og Lemgo í þýska handboltanum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. City - Everton**
**14.10 Sunderland - Bolton**
**15.55 Man. City - Everton**
**17.40 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Kluivert** Patrik Kluivert var frábær leikmaður og sýndi það og sannaði í knattspyrnuvellinum. Við fáum að kynnast þessum hollenska leikmanni betur og ferill hans skoðaður ofan í kjölinn.
**19.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackpool og Tottenham í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Arsenal - Stoke** Útsending frá leik Arsenal og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.20 Spjallið með Sölva** (13:13) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.40 Rachael Ray** (e)
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (13:13) (e)
**12.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.10 90210** (7:22) (e)
**15.55 Rachael Ray**
**16.40 Dr. Phil**
**17.20 Parenthood** (11:13) (e)
**18.05 Matarklúbburinn** (6:6) (e)
**18.30 America's Funniest Home Videos** (21:50) (e)
**18.55 Real Hustle** (5:20)
**19.20 Rules of Engagement** (12:13) (e)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (7:39) Spunaþáttur þar sem allt getur gerst.
**20.10 Survivor** (3:16) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir.
**21.00 How To Look Good Naked** (5:12) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín.
**21.50 Nurse Jackie** (12:12) Skemmtileg þáttaröð um hjúkrunarkonu sem er snjöll í sínu starfi en þarf að fá dópið sitt reglulega.
**22.20 United States of Tara** (12:12) Skemmtileg þáttaröð um húsmóður með klofinn persónuleika.
**22.50 Jay Leno**
**23.35 CSI: New York** (20:23) (e)
**00.25 Nurse Jackie** (12:12) (e)
**00.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**11.35 Golfing World**
**12.25 World Golf Salutes King Bhumibol** (1:1)
**17.00 European Tour - Highlights 2011** (1:45)
**17.50 Golfing World**
**18.40 JBwere Masters 2010** (1:4)
**21.20 LPGA Highlights** (8:10)
**22.40 PGA Tour Yearbooks** (1:10)

## STÖÐ 2 EXTRA

**19.00 The Doctors**
**19.40 Gossip Girl** (16:22)
**20.25 Ástríður** (10:12) Rómantísk gamanþáttaröð um unga konu sem ræður sig til vinnu hjá fjármálafyrirtæki þar sem allt er auðvitað að gerast en um leið ekki neitt.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (6:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfulla menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu þrátt fyrir mikið mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue.
**22.35 Undercovers** (3:13) Bandarísk þáttaröð um hjón sem starfa sem njósnarar fyrir bandarísku leyniþjónustuna.
**23.20 The Deep End** (2:6)
**00.05 Dollhouse** (12:13)
**00.55 The Bill Engvall Show** (2:8)
**01.25 Ástríður** (10:12)
**01.55 Gossip Girl** (16:22)
**02.40 The Doctors**
**03.20 Sjáðu**
**03.45 Fréttir Stöðvar 2**
**04.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Bráðum koma Icesavejólin.
**21.00 Svartar tungur** Steingrímur J. er gestur þremenninganna.
**21.30 Svartar tungur** Steingrímur J. er gestur þremenninganna.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


Einföld gjöf. Einfalt líf!

**Til allra jólasveina.**
Gefum eitthvað sem gerir það auðveldara að eiga samskipti.
Eitthvað sem allir geta notað.

**Doro PhoneEasy® 332gsm** er á íslensku
og er með flýtihnapp til að senda SMS

**Doro PhoneEasy® 410gsm**
samlokusíminn er sérstaklega einfaldur í notkun.




DESIGN BY DORO OF SWEDEN

vodafone Síminn ELKO og söluaðilar um land allt

Gerum heiminn aðeins einfaldari.

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### Chuck



Ofurnjósnarinn og nördinn Chuck Bartowski þarf bæði að þjálfa nýju starfsstúlkuna í Buy More og fiska upplýsingar upp úr manni sem vinnur að leynilegu verkefni, en Sarah og Casey eru ekki viss um að hann sé tilbúinn í verkefnið og skipta sér stanslaust af.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Flakkað um safn Ríkisútvarpsins **14.03** Hendingar **15.03** Útvarpssagan: Aðventa **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.50** The Weakest Link **13.35** Dancing with the Stars **14.15** Dancing with the Stars **15.35** Dancing with the Stars **16.15** Cranford **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Vicar of Dibley **19.30** After You've Gone **20.00** After You've Gone **20.30** The Inspector Lynley Mysteries **21.15** The Jonathan Ross Show **22.05** Vicar of Dibley **22.35** EastEnders **23.05** After You've Gone **23.35** The Inspector Lynley Mysteries

### DR 1

**12.15** Adam Sandlers Otte vilde nætter **13.30** Det søde liv **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.05** Små hemmeligheder **15.35** Absalons Hemmelighed **16.00** Substitutterne **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Hammerslag **19.30** Spise med Price **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Johan Falk: De fredløse **22.05** Taggart **23.45** Inspector Morse

### NRK 1

**12.05** Spekter **12.50** Kjell Stormoen - skuespiller, scenograf, teatersjef **13.20** Filmavisen 1960 **13.30** Lisa goes to Hollywood **14.00** NRK nyheter **14.10** Bakom øyeblikket - En historie om Eurovision Song Contest 20 **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Munter mat **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen **17.40** Distriktsnyheter **18.45** En naturlig helaften **19.55** Distriktsnyheter **20.30** En naturlig helaften **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Extra-trekning **22.25** Lewis **00.00** Tekno. Er du en av oss?

### SVT 1

**13.15** Vita frun **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Ung & bortskämd **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Ung & bortskämd **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.30** Min jul **22.35** Starke man **23.05** Arvfiender







## JÓLAMATURINN



*„Það eina sem ég veit er að það verður rjúpa í matinn á aðfangadagskvöld og ég hlakka mikið til að borða hana.“*

Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson, nemi og meðlimur hljómsveitarinnar Captain Fufanu.

# Ísak reynir fyrir sér í New York og París

„Förinni er heitið til New York, ég ætla að byrja þar,“ segir förðunarfræðingurinn Ísak Freyr Helgason, en hann leggur land undir fót á nýju ári.

Ísak hefur verið eftirsóttur í tískubransanum hérlendis og hefur hann séð bæði um förðun og stíliseringu fyrir myndatökur og tímarit. Það má segja að Ísak hafi komist á kortið í þættinum Nýtt útlit sem sýndur var á Skjá einum en þar var hann Karli Berndsen innan handar þar sem þeir veittu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Ísak hefur nú í hyggju að ferðast til helstu tískuborganna og kynna sig og vinnu sína í von um að fá tækifæri á þessum vettvangi ytra. „Ég og Steini [Þorsteinn Blær Jóhannsson] ætlum að reyna að vinna og skoða okkur um í New York,“ segir Ísak, en þeir félagar hafa séð um tískubloggið The Fashion Warrior.

Þegar dvölinni í New York lýkur ætlar Ísak að koma heim en halda fljótlega aftur út. „Ég ætla til Parísar og svo kannski til London. Mig langar rosalega að koma mér meira á framfæri því ég vil komast langt í þessum bransa.“ Hann segist þó ekki vera að flytja út núna, en af því verði örugglega síðar. „Ég geri það pottþétt í framtíðinni. Ég sé mig alveg fyrir mér í London og það er staður sem mig hefur alltaf langað til að vera á.“ **- ka**



**LANGAR TIL LONDON** Ísak ætlar að reyna fyrir sér út í heimi og langar mest til London. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sölvi Blöndal,** fyrrverandi liðsmaður Quarashi, hefur gengið til liðs við hljómsveitina Wilmacakebread sem er starfrækt í Stokkhólmi, þar sem Sölvi hefur verið í námi að undanförnu. Sveitin er skipuð sjö meðlimum, þar á meðal forsprakkanum Colin Grieg frá Skotlandi og Hreini J. Stephensen, fyrrverandi liðsmanni Risaeðlunnar. Hljómsveitin spilar tilraunakennt rafpopp og hyggur á plötuútgáfu á næsta ári.



Tilnefningar til helstu leiklistarverðlauna Ástralíu, Sydney Theatre Awards, voru nýlega tilkynntar. Shakespeare-sýningin Measure for Measure undir stjórn **Benedict Andrews**, sem leikstýrir jólasýningu Þjóðleikhússins Lé konungi, var tilnefnd til sjö verðlauna, þar á meðal fyrir bestu leikstjórn og sem besta sýning ársins. Síðast þegar þessi verðlaun voru veitt var sýning Benedicts á Rósastríðunum, leikgerð byggði á átta verkum eftir William Shakespeare, ótvíræður sigurvegari hátíðarinnar með fimm verðlaun, þar á meðal sem besta sýningin og fyrir bestu leikstjórn. **- fb**

ARNGRÍMUR FANNAR: SKÍMÓ-POPPARINN RÁÐINN TIL STARFA Í HÖRPU

# Brennimerktur Skítamóral fyrir lífstíð

„Jú, jú, nú kemur þetta í röðum, Skímó og Sinfó, Land og synir og Sinfó. Maður á eftir að hygla sínum,“ segir Arngrímur Fannar Haraldsson, nýráðinn verkefnisstjóri tónlistarviðburða í Hörpu, með rafmagnaða tónlist sem sérsvið eins og það er orðað í tilkynningu frá menningar- og tónlistarhúsinu. Arngrímur hefur störf í febrúar eftir að hafa starfað sem viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði Vodafone og þar áður við viðburðastjórnun hjá Glitni. Hann er því öllum hnútum kunnugur í jakkafatadeildinni. Þekktastur er Arngrímur þó eflaust sem gítarleikarinn Addi Fannar úr hnakkabandinu Skítamóral.

Skítamórall er án efa ein umdeildasta popphljómsveit seinni tíma. Sumir elskuðu hana, aðrir gengust upp í því að ausa yfir hana fúkyrðum í bæði ræðu og riti. Og því hafa eflaust einhverjir sjálfskipaðir menningarvitar fengið hland fyrir hjartað þegar þeir sáu að gítarleikarinn úr Skímó væri orðinn verkefnisstjóri tónlistarviðburða í Hörpu, flottasta og dýrasta ráðstefnuhúsi Íslands, heimili Ashkenazy og Sinfóníuhljómsveitarinnar.



„Maður er brennimerktur fyrir lífstíð,“ segir Arngrímur og þykir þetta skondið. „Maður er náttúrlega klofinn persónuleiki, Addi Fannar í Skímó er annar persónuleikinn, hann er svona popparagosi og svo er það hinn, níu til fimm excel-nördið. Og mér hefur gengið nokkuð vel að halda þessum tveim aðskildum,“ segir Arngrímur og viðurkennir að það sé mikill munur á því að spila Farinn fyrir fullu húsi í Buffaló-bomsunum og að klæðast fínum lakkskóm í dagvinnunni. „Þetta gerir lífið bara skemmtilegt. Skímó hefur verið hobbý hjá mér síðustu tíu árin og við höfum spilað nokkuð mikið á þessu ári. En það verður klárlega minna um tónleikahald á því næsta.“

En þá að starfinu. Hlutverk Arngríms Fannars verður að koma að skipulagningu rafmagnaðrar tónlistar, poppaðrar og rokkaðrar, í húsinu og draga inn spennandi verkefni. Arngrímur segist hafa ákveðnar hugmyndir en honum hafi ekki gefist tækifæri til að skoða húsið né ákveða fyrstu skref. „Að öllu gamni slepptu finnst mér þetta alveg gríðarlega spennandi starf og það verður gaman að taka þátt í einhverju nýju.“ **freyrgigja@frettabladid.is**

**ADDI FANNAR** Gítarleikarinn snjalli með Skítamóral á tónleikum í pilsi og Buffalo-skóm.



**SPENNANDI** Arngrímur Fannar, nýr verkefnisstjóri tónlistarviðburða í Hörpu með rafmagnaða tónlist sem sérsvið, segist hlakka til að taka þátt í uppbyggingu Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**BJARNFREÐARSON** Kvikmyndin Bjarnfreðarson er næsttekjuhæsta mynd Íslandssögunnar á eftir Mýrinni.

# Bjarnfreðarson orðin næsttekjuhæst

Kvikmyndin Bjarnfreðarson er næsttekjuhæsta mynd Íslandssögunnar samkvæmt tölum frá Smáís, samtökum myndrétthafa. Alls hefur myndin halað inn um 78 milljónir króna síðan hún var frumsýnd 26. desember í fyrra. Þar með slær hún út mynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Engla alheimsins, sem náði inn tæpum 68 milljónum árið 2000. Ef miðað er við áhorfendafjölda er Bjarnfreðarson aftur á móti í þriðja sæti á eftir Englum alheimsins. Um 67 þúsund manns fóru á Bjarnfreðarson í bíó á meðan 82 þúsund manns sáu Engla alheimsins.

„Þær eru ekki margar þessar íslensku bombur sem koma í bíó,“ segir Snæbjörn Steingrímsson hjá Smáís um árangur Bjarnfreðarson. „Meðaltalið á þessar íslensku myndir í ár var gott. Þetta eru farnar að vera flottar myndir og flóran virðist vera miklu vandaðri en áður.“

Mýrin sem var frumsýnd 2006 er bæði tekju- og aðsóknarmesta mynd Íslands síðan opinberar mælingar hófust. Hún halaði inn tæpa 91 milljón króna og laðaði til sín um 84 þúsund áhorfendur.

Bjarnfreðarson er í fjórða sæti yfir tekju- og aðsóknarmestu myndir þessa árs. Skammt undan henni er önnur íslensk mynd, Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið. Tekjur hennar nema tæpum 39 milljónum króna og tæplega 38 þúsund manns hafa borgað sig inn á hana. **- fb**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kvikmyndagerðarmenn liggja nú margir undir feldi og undirbúa verk sín fyrir Edduna, kvikmyndaverðlaun Íslands, en þeim skal skilað til Kvikmyndamiðstöðvar fyrir 10. janúar næstkomandi. Verðlaunin verða að þessu sinni ekki afhent í Háskólabíói eins og var í fyrra heldur verða þau í Gamla bíói eða húsi Íslensku óperunnar og verður Stöð 2 með beina útsendingu eins og í fyrra. Gauragangur eftir **Gunnar Björn Guðmundsson** verður síðasta myndin sem nær inn í Eddu þessa árs en hún verður frumsýnd á morgun.



Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er **Baltasar Kormákur** nú í óða önn að safna saman starfsliði fyrir kvikmyndina Contraband en tökur á henni eiga samkvæmt bandarískum vefmiðlum að hefjast strax í janúar. Þannig er Baltasar kominn með reyndan aðstoðarleikstjóra en hún heitir Michele Ziegler og hefur unnið með stórleikstjóranum Terrence Malick og við kvikmyndina The Fighter, sem spáð er mikilli velgengni á komandi Óskarsvertíð. **- fgg**



E&Co. – Ljósmynd Ari Magg




**Verið hjartanlega velkomin í verzlun okkar.** Opnunartími: 22. des. frá 10 til 22, 23. des. frá 10 til 23.30 og 24. des. frá 9 til 12. Geysir Skólavörðustíg 16, sími 555 6310.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Brúðkaup og barn

**Bergur Ebbi Benediktsson**, skáld og uppistandari, gekk að eiga sína heittelskuðu Rán Ingvarsdóttur að Jaðri í Heiðmörk um helgina. Ari Eldjárn var veislustjóri og félagar Bergs úr uppistandshópnum Mið-Íslandi fóru með gamanmál fyrir viðstadda. Meðal annarra skemmtiatriða í veislunni má nefna að hljómsveit skipuð þeim Atla Bollasyni, Birgi Ísleifi Gunnarssyni og Jóni Trausta Sigurðarsyni tók Sprengjuhallarlagið Tímarnir okkar í nýjum búningi. Í þeirra meðförum fjallaði textinn um samband þeirra Bergs og Ránar. Gestir í veislunni fengu svo þær gleðifregnir að hjónin nýgiftu ættu von á sínu öðru barni á næsta ári.



### Aðstoðarmaður til Actavis

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** hefur, eins og aðrir formenn stjórnarandstöðuflokka, haft aðstoðarmann á launum sér til halds og trausts. Sá sem hefur liðsinnt Sigmundi undanfarin misseri heitir **Benedikt Sigurðsson** og var áður upplýsingafulltrúi Kaupþings. Nú er útlit fyrir að Sigmundur þurfi að leita sér að nýrri hjálparhellu, því Benedikt hefur sagt skilið við pólitíkina og ráðið sig til starfa hjá lyfjarisanum Actavis. **- hdm, sh**



## Mest lesið VISIR.IS

1. Tugur heimila uppvís að tryggingasvindli
2. Yndisleg tilfinning að vera á heimleið
3. Hin skelfilega ófærð í Bretlandi
4. Addi Fannar í ráðinn í Hörpu
5. Fann stolnu dekkin á Barnalandi


Bók sem hjálpar konum að finna hvað fer þeim best






www.beautybar.is / sími 544 5959

"Flott bók á allan hátt. Það eru fáir sem búa yfir jafn miklum hafsjó af fróðleik er við kemur bættu útliti fólks, eins og Karl Berndsen. Ég mæli hiklaust með þessari bók."
Linda Pétursdóttir


